

ÞRÓUNARMÁL

Tímarit Þróunarsamvinnustofnunar, 22. árgangur 1. tbl., september 2008

Hrein orka: Vegvísir til framtíðar
Hverjum er ekki sama um Afríku?
Loftslagsbreytingar
og þróun Afríku



iceida

PRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN
ÍSLANDS

Útgefandi:

Próunarsamvinnustofnun Íslands
Þverholti 14, 105 Reykjavík
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík
Sími: 545 8980
Fax: 545 8985
iceida@iceida.is
www.iceida.is

Ritstjórar: Þórarinna Söebeck / Gunnar Salvarsson

Ábyrgðarmaður: Sighvatur Björgvinsson

Þýðing: Hildur Pétursdóttir / Oliver Kentish

Prófarkalestur: Hildur Pétursdóttir

Forsíðumynd: Gunnar Salvarsson

Hönnun og umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir

Prentun: Oddi

Höfundar greina eru ábyrgir fyrir þeim skoðunum sem þar koma fram. Þær endurspeгла ekki endilega stefnu PSSÍ.

ISSN: 1670-617X

Þróunarmál



Efnisyfirlit

- 1. Jarðhiti og sérstaða Íslands** 4
Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands
- 2. Nýtt skipulag í þróunarsamvinnu Íslands – Hvers vegna og til hvers?** 7
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
- 3. Loftslagsbreytingar og þróun Afríku** 13
Nick Mabey
- 4. Þegar Ísland var Gana** 20
Þorvaldur Gylfason
- 5. Menning, framandleiki og HIV í Afríku** 24
Inga Dóra Pétursdóttir
- 6. Hverjum er ekki sama um Afríku? Sjónarhorn í Norrænum fjölmiðlum** 29
Héðinn Halldórsson
- 7. Mæðrahús: Árangursrík aðferð við að ná Þúsaldarmarkmiðunum** 36
Gerður Gestsdóttir
- 8. Að neðan og upp: kenningar um breyttar áherslur í þróunarmálum og hvernig þær eiga við tvö raunveruleg dæmi** 41
Stefán Jón Hafstein
- 9. Byggðapróun í Kalangala** 47
Pórarinna Söbech
- 10. Íslenskri jarðhitareynslu miðlað til Níkaragva** 53
Þráinn Friðriksson

Hrein orka: Vegvísir til framtíðar

Forseti Íslands
Ólafur Ragnar Grímsson



Íslendingum hefur á aðeins einum mannsaldri tekist að gerbreyta orkukerfi sínu; hverfa frá kolum og olíu og byggja á hreinni orku. Þessi árangur hefur vakið athygli um víða veröld. Jafnt auðug ríki sem fátæk hafa hrifist af því hvernig Íslendingar hafa hrundið af stað orkubyltingu. Þau vilja byggja á reynslu okkar og starfa með sérfræðingum okkar á þessu sviði.


Ég er sannfærður um að það sem okkur tókst að gera, getur öðrum tekist líka. Reynsla okkar Íslendinga við að nýta náttúruauðlindirnar á skynsamlegan hátt færir þróunarríkjum heim sanninn um hvernig unnt er að ná árangri.

Ég man vel frá því ég var að vaxa úr grasi í litlu þorpi vestur á fjörðum hvernig við bárum kolin heim í hús til að halda á okkur hita yfir dimmustu mánuði vetrarins. Ísland var á þeim tíma vanþróað ríki, á meðal þeirra fátækustu í Evrópu, laut erlendu valdi, átti fá tæki sem skapað gætu þjóðinni hagsæld til frambúðar.

Í höfuðborginni Reykjavík var kolabingurinn við höfnina áberandi kennileiti og bæjarbúar biðu löngum óþreyjufullir eftir því að kolin bærust yfir hafið með stórum flutningaskipum. Á ljósmyndum frá fyrri hluta síðustu aldar sést hvernig kolareykurinn litaði á stundum himininn, svart ský algeng sjón yfir bænum.

Nú er þetta allt breytt. Nú er loftið tært og Reykjavík getur með sanni kallast höfuðstaður hreinnar orku í heiminum. Í æsku minni fengust meira en áttatíu prósent af orku okkar úr innfluttum kolum og olíu en nú er nánast allt rafmagn og hiti unnið úr hreinni orku, ýmist með vatnsafli eða jarðhita. Meira en þrjár fjórðu hlutar af allri okkar orkunotkun byggjast á þessum endurnýjanlegu auðlindum.

Þessi þróun hefur í raun og sanni verið sigurför enda eru Íslendingar nú komnir í hóp ríkustu þjóða heims. Í fyrra skipaði landið til dæmis efsta sætið á lífskjaraalista Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP Human Development Index. Sama stofnun



Mynd: Gunnar Salvarsson

Ætla má að miðað við núverandi tækni leynist jarðhitauðlindir í um það bil níutíu löndum.
Myndin er frá Helliðarvirkjun.

flokkaði Ísland sem þróunarríki fram á áttunda áratug síðustu aldar.

Á þeim tíma skall á styrjöld fyrir botni Miðjarðarhafs, bylting var gerð í Íran og í kjölfarið kom olíukreppa sem leiddi til þess að Íslendingar gerðu átak í að breyta orkubúskap sínum. Þegar olíuverð náði aftur jafnvægi, héldu Íslendingar áfram að þróa sína endurnýjanlegu orkugjafa á meðan aðrar þjóðir lögðu á ný áherslu á olíu og kol. Þessi einarða stefna okkar hefur aukið velmegun þjóðarinnar. Efnahagslegur ávinningur okkar er augljós þegar borinn er saman kostnaður neytenda af hitaveitu hér og olíukyndingu í öðrum ríkjum.

Reikna má með að sparnaðurinn sem náðist á árunum 1970 til 2000 jafnist á við þrefaldar þjóðartekjur Íslendinga á árinu 2000.

Ef miðað er við að sá jarðhiti sem nýttur var til húshitunar árið 2003 jafngildi 646 þúsund tonnum af olíu, var útblástur koltvísýrings á landinu ríflega 37 prósentum minni en ella hefði verið.

Auk efnahagslegra gæða og umhverfisávinninga hefur þróun jarðhitanýtingar haft jákvæð áhrif á almenn lífsgæði á Íslandi. Fólk vill heldur búa á svæðum þar sem jarðhiti er aðgengilegur, á höfuðborgarsvæðinu og í byggðakjörnum þar sem heitar lindir nýtast til hitunar heimila, gróðurhúsa, skólabygginga, sundlauga og annarra íþróttamannvirkja, í ferðamennsku og við uppbyggingu smáiðnaðar. Tölur sýna að á slíkum svæðum er heilsufar íbúanna betra en annars staðar.

Ætla má að miðað við núverandi tækni leynist jarðhitaauðlindir í um það bil níutíu löndum. Íslendingar vilja starfa með þjóðum í Afríku, Asíu, Ameríku, Karabíska hafinu, Kyrrahafi og í Evrópu að nýtingu jarðhita. Ég hef stutt við frumkvæði íslenskra vísindamanna og sérfræðinga, orkufyrirtækja og fjárfesta og forystumanna þróunarstarfs Íslendinga við að flytja þekkingu okkar til þeirra sem mest þurfa á henni að halda.

Tíu af þeim fimmtán ríkjum sem vinna mest rafmagn úr jarðhita eru þróunarríki og fimm af þeim sem nýta mest af jarðhita til húshitunar eru þróunarríki eða á umbreytingaskeiði.

Ég hef orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að ræða þróun nýrrar orkufram tíðar við þjóðarleiðtoga. Ég er stoltur af því að hafa tekið þátt í því að koma á sambandi milli íslenskra orkusérfræð-

inga og stjórnvalda í Djíbútí þar sem Orkuveita Reykjavíkur ætlar að byggja stórt jarðhitaorkuver ef allt gengur að óskum. Ég bauð forseta Djíbútís, Ismail Omar Guelleh að koma til Íslands og kynna sér slík orkuver af eigin raun. Sú staðreynd að forsetinn lagði í þá reisu um miðjan vetur er ein og sér skýrt tákni um staðfestu hans og þann einbeitta vilja Afríkuríkja að taka upp framsýna og ábyrga stefnu með stuðningi þeirra sem búa yfir þekkingu og fjármunum.

Ég fagna þeim mörgu nemendum frá þróunarríkjum sem hafa sótt Ísland heim og numið við Jarðhitaakólana Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þetta unga fólk hefur verið góðir sendimenn sinna ríkja. Ég hef einnig heyrt frá sérfræðingum okkar að nemendum vegnar flestum vel að námi loknu og þeir hafa lagt mikið af mörkum hver í sínu heimalandi í þeirri viðleitni að beisla kraftinn í iðrum jarðar.

Ég hef fylgst af athygli með störfum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og hvernig forystumenn hennar og starfsfólk hafa stutt uppbyggingu hreins orkuviðnaðar í Afríku, Mið-Ameríku og víðar, hvatt til samvinnu og stuðlað að aukinni menntun og færni þar ytra á þessu sviði. Þetta starf hefur styrkt hið góða orðspor sem Íslendingar njóta.

Það hefur verið ríkur þáttur í verkum mínum á undanförunum árum að hvetja til samvinnu við Kína, Indland, Filippseyjar, Indónesíu og önnur lönd sem búa yfir ónýttum jarðhitaauðlindum, ríki sem hafa brýna þörf fyrir hreina orku. Ég hef gert þetta vegna þeirrar sterku sannfæringar minnar að til að tryggja framtíð mannkyns, jafnræði ríkja og vistvænt umhverfi okkar allra, þurfi öll ríki að stefna að jafn umfangsmikilli umbreytingu orkukerfis síns og þeirri sem við Íslendingar eigum að baki.

Það er von mín að margar þjóðir muni fylgja fordæmi okkar og skilja að það sem í fyrstu reynist erfið áskorun, getur á fáeinum árum orðið að árangursríkum veruleika ef réttari stefnu er fylgt.

Nýtt skipulag í þróunarsamvinnu Íslands Hvers vegna og til hvers?

Eftir Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur

Inngangur

Alþjóðleg þróunarsamvinna virkar. Þær kringumstæður þar sem þróunarsamvinna virkar best eru vel þekktar innan alþjóðasamfélagsins. Með alþjóðlegum skuldbindingum síðustu ára er markvisst unnið að því að skapa og viðhalda þeim kringumstæðum sem þurfa að vera til staðar til að þróunarsamvinna skili þeim árangri sem til er ætlast. Í inntaki þessara alþjóðlegu skuldbindinga felst m.a. aðferðarfræði og nálganir í þróunarsamvinnu sem byggist á þekkingu sem fengist hefur af samansafnaðri reynslu alþjóðasamfélagsins af framkvæmd bæði marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu til margra ára og vísindarannsóknnum á helstu áhrifabáttum þróunar meðal þróunarríkja. Nálganir og aðferðir í alþjóðlegri þróunarsamvinnu taka mið af stöðu slíkrar þekkingar hverju sinni og taka því breytingum eftir því sem þekking eykst og meiri reynsla fæst af framkvæmd þróunarsamvinnunnar. Mikill fjörkippur hefur komið í sókn alþjóðasamfélagsins eftir gagnreyndri þekkingu á sviði þróunarsamvinnu. Á tímum alþjóðavæðingar gera menn sér í vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar ábyrgðar og gagntengslum þjóða heims ef ná á varanlegum árangri í baráttu við vandamál eins og stríðsátök, hryðjuverk og útbreiðslu sjúkdóma, og ekki síður við sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun umhverfisins. Samstaða hefur myndast meðal alþjóðasamfélagsins um mikilvægi þess að ráðast gegn fátækt og ójöfnuði sem megin orsakapátta margra af helstu áskorunum samtímans. Til þessa má rekja endurnýjaðan og eindreginn vilja aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til að sjá betri árangur af því alþjóðlega samstarfi sem miðar að framþróun meðal fátækustu ríkja heims. Þessi vilji birtist í Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru með þúsaldaryfirlýsingunni árið 2000. Í stuttu máli má því segja að alþjóðleg þróunarsamvinna virki en að gefnum tilteknum skilyrðum sem mótuð eru af þróunarríkjunum sjálfum, helstu iðnríkjum heims og stofnunum alþjóðasamfélagsins.



Mynd: Gunnar Salvason

Samstaða hefur myndast meðal alþjóðasamfélagsins um mikilvægi þess að ráðast gegn fátækt og ójöfnuði. Myndin er af San konum með börn sín í Namibíu.

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lauk doktorsnámi (PhD) í stjórnsýslufræðum við London School of Economics and Political Science (2005), meistaranámi (MSc) við sama skóla (1999), námi í heilshagfræði við Endurmenntunarstofnun HÍ (1997) og í félagsráðgjöf í Osló (1979). Sigurbjörg stundaði rannsóknir á stefnumótun við Yale háskóla í Bandaríkjunum (2002), rannsóknir á skipulagi stefnumótunarvinnu á skrifstofum forsætisráðherra Breta og kennslu í stjórnsýslufræðum við LSE (2005-2007). Hún var yfirmaður öldrunarþjónustu hjá Reykjavíkurborg (1989-1999), og starfaði fyrir Alþjóðabankann í Washington sem stjórnsýsluráðgjafi á sviði heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu í Ungverjalandi og Svartfjallalandi (2004). Hún var sérfræðilegur ráðgjafi hjá breska menntamálaráðuneytinu áður en hún tók að sér stjórnsýsluráðgjöf fyrir utanríkisráðherra 2007.

Alþjóðlegt samstarf – alþjóðlegar skuldbindingar

Púsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325, Monterrey-samþykktin og Parísaryfirlýsingin eru þær alþjóðlegu skuldbindingar sem markað hafa tímamót og móta nú hvað mest framkvæmd og umhverfi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Allar hafa þær leiðandi áhrif á áherslur, aðferðafræði og nálganir í þróunarsamvinnu.

Með Púsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna tóku ríkar og snauðar þjóðir höndum saman í baráttunni gegn fátækt í heiminum. Púsaldarmarkmiðin eru skilgreind og mælanleg markmið sem miða að því að árið 2015 verði ákveðnum áföngum þeirra náð. Þessi markmið eru nú lögð til grundvallar allri þróunarsamvinnu á alþjóðavettvangi. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi var samþykkt í október árið 2000 á grundvelli reynsluraka sem sanna að með aukinni þátttöku kvenna næst meiri árangur þar sem konur geta bæði haft áhrif í vopnuðum átökum og átök hafa sérstakar afleiðingar fyrir konur. Með Monterrey-yfirlýsingunni árið 2002 samþykktu aðildarlönd Sameinuðu þjóðanna að iðnríkin auki framlög sín til þróunarsamvinnu, vinni að opnu og sanngjörnu alþjóðaviðskiptaumhverfi og dragi úr skuldabyrði fátækra ríkja. Á móti skuldbinda þróunarriki sig til að vinna að efnahags- og félagslegum umbótum heima fyrir og stuðla að betri stjórnsýslu þar sem lög og reglur eru virt. Í Parísaryfirlýsingunni sem samþykkt var á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) árið 2005 eru samhlíða auknum framlögum gerðar skýrar kröfur um árangur, skilvirkni og markvissa samhæfingu þróunarsamvinnu bæði á vettvangi og innan alþjóðastofnana. Þar skuldbinda aðilar yfirlýsingarinnar, þ.e. iðnríki, þróunarriki, alþjóðastofnanir og frjáls félagsamtök, sig til að vinna saman að samræmingu, samhæfingu og árangursmiðaðri þróunarsamvinnu. Gagnkvæm ábyrgð og miðlun upplýsinga með gegnsæjum hætti eru hluti af þessu skuldbindandi samkomulagi. Gott dæmi um þetta er jafningjarýni (peer review) sem framkvæmd er á fjögurra ára fresti af Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) meðal aðildarríkja nefndarinnar með virkri þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna í slíku rýni hvert hjá öðru. Þannig styðja ríkin við þróun og endurbætur á aðferðafræði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í samræmi við alþjóðaskuldbindingar.

Viðteknar aðferðir og nálganir í þróunarsamvinnu taka þannig mið af þeirri reynslu og þekkingu sem fæst af framkvæmd hennar og koma því til endurmats og endurskoðunar stofnana alþjóðasamfélagsins. Í september 2008 var haldinn fundur í Accra í Gana. Margt bendir til þess að sá fundur eigi, eins og fundurinn í París sem lauk með samþykkt Parísaryfirlýsingarinnar, eftir að marka ný tímamót í þróun aðferða og nálgana í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Ekki var um að ræða nýja Parísaryfirlýsingu heldur stöðumat á henni og athugun á því hvað betur megi fara til að tryggja skilvirkari og markvissari framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Alþjóðlegum skuldbindingum fylgja bæði ábyrgð og skyldur aðildarríkjanna um að standa við gefin fyrirheit í þróunarsamvinnu. Í framkvæmd kalla þessi fyrirheit á starfsaðferðir og skipulagða heimavinnu aðildarríkja til að tryggja sem best skilvirkni og markvissa samhæfingu þróunarsamvinnu og þar með þann árangur sem að er stefnt. Þetta þýðir m.a. að skipulag og verklag heima fyrir þarf að taka mið af skuldbindingum alþjóðasamfélagsins. Þar þarf því að tryggja vandaða og mál-efnalega ákvarðanatöku sem byggir á þekkingu og reynslu starfsfólks í þróunarsamvinnu og alþjóðlegum samanburði sem fæst í nánú alþjóðlegu samstarfi um þróunarmál. Alþjóðleg þróunarsamvinna gerir því sífellt meiri kröfur til fagmennsku starfsfólks í þróunarsamvinnu.


Starfsfólk í opinberri þróunarsamvinnu þarf að þekkja vel til innan stjórnsýslunnar hvort heldur er í eigin landi, samstarfslöndum eða í alþjóðlegum stofnunum. Það þarf jafnframt að hafa á valdi sínu sérþekkingu á ýmsum sviðum tæknilegrar kunnáttu. Þá þarf starfsfólk í þróunarsamvinnu almennt að til- einka sér viðhorf sem byggja á virðingu, faglegri leiðsögn og þekkingu á stöðu þess sem þiggur í samstarfinu. Síðast en ekki síst þarf starfsfólkið að búa yfir hæfni til að fást við tilfinningalega áleitnar og á stundum íþyngjandi aðstæður mannlífs á vettvangi samstarfslanda, aðstæður sem um margt eru framandi flestum íbúum vestrænna ríkja.

Aukin framlög og stefnumörkun utanríkisráðherra

Með Monterrey-samþykktinni árið 2002 samþykktu leiðtogar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að vinna markvisst að því auka framlög til þróunarsamvinnu og áréttuðu markmið sem sett var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1970 að verja til þess 0,7% af vergum þjóðartekjum. Árið 2004 ákváðu íslensk stjórnvöld að auka framlög sín til þróunarsamvinnu til samræmis við Monterrey-samþykktina og er nú stefnt að því að veita 0,31% á yfirstandandi ári og 0,35% á árinu 2009. Mörkuð hefur verið sú stefna að Ísland skuli vera meðal þeirra ríkja heims sem verja mestu til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu miðað við vergar þjóðartekjur.

Ísland er aðili að þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem hér hafa verið tíundaðar, en hefur fram til þessa ólíkt ýmsum nágrenna- löndum lítið sem ekkert komið að því alþjóðlega samstarfi sem mótar nálganir og aðferðir í þróunarstarfi á alþjóðavettvangi. Alþjóðleg þróunarsamvinna og virk þátttaka í alþjóðasamfélaginu almennt snýst ekki einungis um það hvað er gert eða hve mikið, heldur ekki hvað síst um hvernig það er framkvæmt. Þannig skiptir það sköpum um áhrif og árangur hvernig þjóð með hlutfallslega lítið framlag, miðað við stærð og umfang þess viðfangsefnis sem þjóðir heims eru að takast á við, velur að skilgreina framlag sitt og deila því með alþjóðasamfélaginu.

Pegar nýtt frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands var lagt fram á Alþingi 28.febrúar sl. sagði utanríkisráð-



Mynd: Gunnar Salvason

Með Þúsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna tóku ríkar og snauðar þjóðir höndum saman í baráttunni gegn fátækt í heiminum. Myndin er frá Maputo, Mósambík.



Mynd: Gunnar Sálvarsson



Mynd: Gunnar Sálvarsson

Alþjóðleg þróunarsamvinna virkar en að gefnum tilteknum skilyrðum sem mótuð eru af þróunarríkjunum sjálfum, helstu iðnríkjum heims og stofnunum alþjóðasamfélagsins. Efri myndin er frá Níkaragva og neðri frá Srí Lanka.

herra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir m.a. í framsöguræðu sinni: „Ég er þeirrar skoðunar að ekki fari vel á því að auka framlög til þróunarsamvinnu Íslands án þess að huga vel að sjálfu skipulagi og framkvæmd þróunarsamvinnunnar. Hér þarf að búa svo um hnútana að þróunaraðstoð Íslendinga nýtist fátækustu ríkjum heims með skilvirkum hætti og að unnið sé í samræmi við þær reglur, samþykktir og yfirlýsingar alþjóðasamfélagsins um þróunaraðstoð sem Íslendingar hafa gerst aðilar að.“

Ný lög – nýjar nálganir og aðferðir í þróunarsamvinnu

Í þróunarsamvinnu eru einkum farnar tvær leiðir, marghliða og tvíhliða þróunarsamvinna. Ef skilgreina á þessar leiðir má í grófum dráttum segja að marghliða þróunarsamvinna felist í framlögum ríkis til alþjóðastofnana eða samtaka sem ríkisstjórnir eiga aðild að, en tvíhliða þróunarsamvinna felist í beinni samvinnu milli framlagsríkis og þróunarríkis. Engin lög gilda um marghliða þróunarsamvinnu Íslands. Aftur á móti gilda um tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands lög sem sett voru um starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands árið 1981. Þessi lög og túlkun þeirra hafa einskorðað tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands við eina tegund nálgunar í þróunarsamvinnu, þ.e. verkefnanálgun, sem er sú aðferð sem lengst af hefur verið beitt í þróunarsamvinnu og beinist að afmörkuðum verkefnum með skilgreind markmið og tímamma. Þessi nálgun hefur sætt gagnrýni fyrir skort á langtíma og heildarsýn og fyrir það að falla betur að aðstæðum og markmiðum framlagsríkjanna en þróunarríkjanna. Þessi nálgun krefst ennfremur mikils undirbúnings og er því bæði tímafrek og kostnaðarsöm.

Aðrar nálganir í þróunarsamvinnu hafa þótt um margt betur til þess fallnar að mæta þörfum og aðstæðum þróunarríkjanna. Má þar nefna fjárlagastuðning og geiranálgun. Þessar nálganir gera ráð fyrir nánu samstarfi bæði við þróunarríki og ekki hvað síst önnur framlagsríki. Þær eru ennfremur meira í samræmi við þær kringumstæður sem alþjóðlegar samþykktir, svo sem Parísaryfirlýsingin, hafa lagt áherslu á að séu lagðar til grundvallar þróunarsamvinnu. Með fjárlagastuðningi og geiranálgun má m.a. ná samlegðaráhrifum margra framlagsríkja með körfufjármögnun sem er hluti af fjárlagastuðningi og samfjármögnun sem er hluti af geiranálgun. Í þessum nálgunum eru tiltekin þróunarverkefni fjármögnuð af fleiri en einu framlagsríki og þannig er myndaður sameiginlegur sjóður en aðeins eitt framlagsríkja tekur að sér að stjórna og hafa eftirlit með ráðstöfun sjóðsins og framvindu þróunarsamvinnunnar á meðan framkvæmdin er í höndum heimamanna. Með þessu móti má samhæfa betur áherslur og markmið, efla skilvirk vinnubrögð og draga úr álagi á stjórnsýslu samstarfsríkisins sem fylgir því að vera í samstarfi við mörg framlagsríki í einu.

Allar þessar nálganir í þróunarsamvinnu hafa bæði kosti og galla og því þarf að meta vandlega hvaða nálgun hentar í hverju tilviki og í flestum tilfellum er fleiri en einni nálgun beitt samtímis. Það er viðfangsefni út af fyrir sig að greina og meta

hvers konar samsetning nálgana hentar best í hverju tilviki og hvaða framlagslönd kynnu að vera þar heppilegir samstarfsaðilar. Þannig má samræma framlög og ná auknum samlegðaráhrifum í þróunarstarfinu. Við val á nálgun getur stærð framlags hvers lands skipt verulegu máli. Hve miklu máli stærð framlagsins skiptir ræðst þó af tilgangi samstarfsins, þeim markmiðum sem unnið er að hverju sinni og síðast en ekki síst af því hvernig framlagið er skilgreint. Til að skýra þetta betur má taka dæmi um þróunarsamvinnu þar sem fjárframlög til tiltekins málaflokks í samstarfslandi eru tiltölulega lág en höfudframlagið liggur í tæknilegri aðstoð, ráðgjöf, þjálfun og uppbyggingu innan stjórnsýslu eða við framkvæmd verkefna innan málaflokksins. Þróunarsamvinnan byggir þá bæði á framlagi í formi sérhæfðar ráðgjafar og beinna fjármuna.

Með nýjum lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands munu opnast möguleikar til að beita mismunandi nálgunum og aðferðum. Það er alveg ný staða í íslenskri þróunarsamvinnu sem mun skapa ný sóknarfæri. Í aðferðarfræðilegu tilliti mun íslensk þróunarsamvinna færast nær þeim löndum sem Íslendingar bera sig jafnan saman við. Því munu allir þeir sem koma að íslenskri þróunarsamvinnu fá ný tækifæri og jafnframt mæta nýjum áskorunum. Mun auðveldara verður að aðlagja framlag Íslands að markmiðum alþjóðasamfélagsins og þeim aðferðum þróunarsamvinnu sem þar eru stundaðar.

Skipulag þróunarsamvinnu og heildarsýn

Þörf er á skipulögðum vettvangi innan utanríksráðuneytisins til að mæta nýjum áskorunum í íslenskri þróunarsamvinnu. Ný lög, nýjar aðferðir og nálganir og breytt umhverfi þróunarsamvinnu á alþjóðavettvangi kalla á nýtt skipulag til að auðvelda stefnumörkun og stefnumótun með hliðsjón af heildarsýn á málaflokkinn, og til að forgangsraða verkefnum. Skipulag ráðuneytisins þarf að tryggja ráðherra, ríkisstjórn og öðrum kjörnum fulltrúum á hverjum tíma aðgang að staðgóðri og heildstæðri þekkingu á framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu sem fjármögnuð er úr opinberum sjóðum þarf augljóslega að taka tillit til bæði pólitískra og faglegra markmiða. Nútímastjórnsýsluhættir gera ráð fyrir að pólitísk sjónarmið í þróunarsamvinnu og fagleg þekking eigi sér skipulagðan og sýnilegan vettvang innan stjórnsýslunnar þar sem finna má pólitískri leiðsögn og faglegum grundvallarsjónarmiðum þróunarsamvinnunnar sameiginlegan farveg við ákvarðanatöku og framkvæmd.

Við framkvæmd nýrra laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands er gert ráð fyrir að í skipulagi utanríksráðuneytisins verði sett á laggirnar nýtt svið til viðbótar þeim tveimur sem fyrir eru, þ.e. alþjóða- og öryggissviði og viðskiptasviði. Þetta nýja svið yrði þróunarsamvinnusvið þar sem meginviðfangsefnið yrði samræming á allri opinberri þróunarsamvinnu Íslendinga, þ.e. bæði marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu. Auk þess er því ætlað að tryggja heildarsýn innan ráðuneytisins á öll framlög Íslands til alþjóðasamfélagsins, hvort heldur slík fram-

lög eru í formi ráðgjafar eða fjárframlaga. Þetta þýðir að undir þetta nýja svið mun falla samhæfing og skipulagt samráð um framkvæmd allrar þróunarsamvinnu svo og störf í þágu friðar. Tvíhliða þróunarsamvinna og störf í þágu friðar eiga það sameiginlegt að í framkvæmd á þeirra vegum felast m.a. hvers kyns störf starfsfólks á vettvangi, hvort sem um er að ræða í þróunarlendi og/eða á áttaksvæði.

Þessir málaflokkar eiga það enn fremur sameiginlegt að í daglegri stjórnun og umsýslu þarf að vanda vel allan undirbúning verkefna og aðkomu starfsmanna sem takast á hendur það hlutverk að fylgja eftir framlagi Íslands við framandi og oft ótryggjar aðstæður. Hér þarf gott upplýsingaflæði milli starfsmanna sem sinna daglegum undirbúningi og umsýslu. Allan undirbúning þarf að samræma til að lágmarka tvíverknað og komast hjá vandræðum sem gætu e.t.v. haft diplómatiskar afleiðingar fyrir Ísland. Að samræma framkvæmd þessara málaflokka innan eina og sama sviðsins veitir virkara innra aðhald og eftirlit með störfum í þágu friðar og með framkvæmd allrar þróunarsamvinnu.

Sviðsstjóri hins nýja þróunarsamvinnusviðs hefði það hlutverk að bera ábyrgð í umboði ráðuneytisstjóra á því annars vegar að samræma starf sviðsins, skipuleggja og stýra faglegri stefnumótunarsamvinnu innan þess, og hins vegar að undirbúa sameiginlega fundi þeirra skrifstofa og starfseininga sem undir sviðið heyra, þ.e. skrifstofu þróunarsamvinnu og íslensku friðargæslunnar innan utanríksráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Á þessum vettvangi mun starfa stýrihópur undir stjórn ráðuneytisstjóra sem hefur þá meginábyrgð að samhæfa öll framlög Íslands til þróunarsamvinnu, til starfa í þágu friðar og til mannúðar- og neyðaraðstoðar. Ráðuneytisstjóri mun bera ábyrgð á störfum stýrihópsins gagnvart ráðherra og tryggja að eðlilegt samráð sé haft við önnur svið innan ráðuneytisins eftir því sem við á.

Stýrihópurinn innan utanríksráðuneytisins á að tryggja að ráðherra, ríkisstjórn og kjörnir fulltrúar geti fengið heildarsýn á framlög Íslands til alþjóðasamfélagsins og jafnframt að móta stefnu og setja fram tillögur til ráðherra um framlög og framkvæmd þróunarsamvinnu. Stýrihópur er tæki til að samhæfa vinnuaðferðir og ákvarðanir sem margar hafa stefnumótandi áhrif til langframa. Stýrihópur er einnig tæki ráðuneytisins til að annast innan stjórnsýslu ráðuneytisins innra aðhald og eftirlit með ákvörðunum og rekstri allrar þróunarsamvinnu á vegum hins opinbera á Íslandi. Með tilkomu stýrihópsins er verið að koma til móts við kröfu um nútímalega og góða stjórnarhætti sem gera ráð fyrir heildarsýn og gegnsæi upplýsinga við ákvarðanatöku.

Lokaorð: Frá örbirgð til velferðar

Í framsöguræðu ráðherra sem hún flutti með frumvarpi til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og vísað var til hér að framan sagði ráðherra m.a. eftirfarandi um stöðu Íslands í dag

í alþjóðasamfélaginu: „í nýjustu skýrslu lífskjaranefndar Sameinuðu þjóðanna er staðfest að Ísland hafi með undraverðum hraða breyst úr þróunarríki, sem naut erlendrar aðstoðar langt fram eftir 20. öldinni, í ríki sem nú veitir landsmönnum sínum bestu lífskjör á byggðu bóli. Til þessa árangurs er nú horft í alþjóðasamfélaginu og þess vænst að Ísland deili reynslu sinni og þekkingu með öðrum þjóðum og taki þátt í verkefnum Sameinuðu þjóðanna með afgangi hætti.“

Á innan við einum mannsaldri hefur Ísland þróast frá því að vera nýlenda til þess að verða sjálfstætt fullvalda ríki þar sem efnahagslegar framfarir hafa verið örvar og, uppbygging samfélagslegra innviða verið hröð, velferð hefur orðið almenn og hagnýting nútímatækni og uppbygging menntunar hafa – ekki síst í ljósi fámennis íslensku þjóðarinnar – vakið verðskuldaða athygli stjórn mála- og þróunarhagfræðinga víða um heim. Þá veitir staða Íslands utan stærri ríkjasambanda og án hers þjóðinni sérstöðu sem tekið er eftir og sem styrkir enn frekar möguleika þjóðarinnar til að mynda sér sjálfstæða afstöðu í málefnum alþjóðasamfélagsins.

Smáþjóð sem náð hefur velsæld og góðum árangri að fengnu sjálfstæði og státar af undraverðum efnahagslegum framförum og farsælli samfélagsþróun á sérstakt erindi við alþjóðasamfélagið í dag. Smáþjóð sem býr þegnum sínum bestu skilyrði á byggðu bóli og hefur á að skipa vel menntuðu fólki á ekki aðeins erindi við alþjóðasamfélagið, heldur hefur hún færi á að fylgja því erindi eftir og miðla sjálf af þekkingarlegri auðlegð sinni. Á umliðnum árum hefur sjálfstæðum ríkjum sem teljast til smárikja farið fjölgandi. Mörg þessara ríkja hafa ýmist verið hluti af stærra ríki eða ríkjasambandi eða nýlega hlotið sjálfstæði eftir áratuga stjórn nýlenduherra. Mörg þeirra teljast í dag til þróunarríkja. Smáþjóð sem aðstoðar aðra smáþjóð getur í senn áunnið sér virðingu og trúverðuleika – hún getur verið öðrum smáþjóðum fyrirmynd sem skapar von sem seint verður metin til fjár. Þannig eru það ekki alltaf bein fjárframlög sem skipta mestu máli heldur það að stjórnvöld séu reiðubúin til að nýta stöðu sína og þekkingu til að skapa tiltrú meðal þróunarríkja á hvað er mögulegt, hvernig fara megi að og hvað þurfi til.

Smáþjóð sem hefur sögu að segja af nokkuð nýtilkominni pólitískri, efnahags- og samfélagslegri uppbyggingu og velferð á meira en bara erindi við alþjóðasamfélagið. Sem fullgildum þátttakanda í samfélagi þjóða ber henni skylda til þess að draga lærdóm af vegferð sinni frá örþingri til velferðar og reyna eftir fremsta megni að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í sameiginlegu átaki þjóða heims gegn helstu áskorunum samtímans, fátækt og ójöfnuði og sjá til þess að aðrar þjóðir sem enn eiga nokkuð í land á þeirri vegferð fái notið þeirra skilyrða og aðstæðna sem til þarf.

Stjórnsýsla smárikja - þótt rík séu - er smá í sniðum samanborið við stjórnsýslu stærri ríkja og hvers konar sérhæfing er takmörkunum háð. Smáþjóðir þurfa oft að leita annarra leiða en stærri þjóðir til að hafa áhrif og ná árangri á alþjóðavettvangi.

Þær þurfa til dæmis að beita markvissri forgangsöröðun og leita allra leiða til að ná með skipulögðum hætti sem mestum samlegðaráhrifum við ráðstöfun framlaga sinna. Skortur á skipulögðum aðgerðum og óskýr forgangsöröðun verkefna í þessu sambandi eru stjórnunarleg mistök. Smáþjóð sem telur sig eiga erindi við alþjóðasamfélagið og vill hafa þar áhrif hefur ekki efni á að gera slík mistök.

Í harðri samkeppni um athygli og áhrif á alþjóðavettvangi þurfa smáþjóðir að nýta vel hvert það tækifæri sem gefst til að draga athyglina að sérstöðu smárikja almennt og jafnframt deila auðlegð sinni og þekkingu skipulega með öðrum þjóðum í þágu friðar, mannúðar og framþróunar.

Á Íslandi fara nú saman nokkuð óvenjulegar aðstæður. Stjórnvöld eru að auka með markvissum hætti framlög sín til þróunarmála og eru jafnframt á lokasprennum í framboðsbaráttunni um sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur komið í ljós að ímynd Íslands á erlendum vettvangi er bæði brothætt og veik. Brothætt og veik ímynd er ekki til þess fallin að styrkja stöðu lands og þjóðar til áhrifa og til að vera öðrum þjóðum styrkur og til eftirbreytni. Flestum ætti nú að vera ljóst að ekki fer vel á því að láta viðskiptalífínu einu það eftir að skapa ímynd Íslands og orðstír á erlendri grund. Hér hljóta stjórnvöld einnig fyrir hönd þjóðarinnar að hafa hlutverki að gegna. Þá vaknar sú spurning hvort ekki þurfi að leitast við að hámarka samlegðaráhrif af framlagi Íslands til alþjóðasamfélagsins í þeim tilgangi að ná fleiru en einu markmiði, þ.e. bæði pólitískum markmiðum um virkari utanríkisstefnu og sterkari stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu og faglegum markmiðum í þágu þróunar, friðar og mannúðarmála. Því er stundum haldið fram að pólitísk og fagleg markmið fari ekki saman. Þegar þróunarsamvinna hefur verið gerð að einum af hornsteinum í utanríkisstefnunni má færa rök fyrir hinu gagnstæða og sýna fram á að pólitísk og fagleg markmið geta átt eðlilega og farsæla samleið.

Loftslagsbreytingar og þróun Afríku

Eftir Nick Mabey

Þessi grein er byggð á ritgerð sem kynnt var á ráðstefnunni Africa Beyond Aid í júní 2007 og skrifuð var sameiginlega af Nick Mabey og Jan Ole Kiso.

Inngangur

Íbúar Afríku finna þegar fyrir umtalsverðum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga í tengslum við lífsviðurværi sitt. Þetta er átakanlegt að þrennu leyti. Í fyrsta lagi hefur Afríka í sögulegu samhengi átt óverulegan þátt í því að auka styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Sú ógn, sem rekja má til loftslagsbreytinga, er ekki af völdum Afríku. Í öðru lagi getur Afríka lítil áhrif haft á lausn vandans. Hún er í höndum stórra iðnjóða. Loks hafa loftslagsbreytingar sérlega alvarleg áhrif á lönd þar sem hætta er á óstöðugleika á viðkvæmum loftslagssvæðum. Frekara álag af völdum loftslagsbreytinga mun auka á þann óstöðugleika og þá spennu sem er þegar fyrir hendi. Viðkvæm ríki hafa ekki getu til að laga sig að breyttum aðstæðum jafnskjótt og önnur og þar eru meiri líkur á enn frekari óstöðugleika. Afríka er sú heimsálf þar sem flest lönd eru í hættu með tilliti til óstöðugleika og eru jafnframt afar viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum.

Ljóst er að núverandi losun gróðurhúsalofttegunda mun leiða til hækkunar hitastigs í heiminum um a.m.k. 1,5°C til ársins 2050 og jafnvel afar stórtækar aðgerðir til að koma böndum á losunina munu ekki hafa þau áhrif að hægja á hitaaukningunni fyrr en eftir 2040. Til skamms og meðallangs tíma þurfa löndin því að fjárfesta í aðlögunarráðstöfunum til að bæta þol sitt gagnvart loftslagsbreytingum.

Almennt má segja að besta vörnin gegn loftslagsbreytingum sé traustur efnahagsgrundvöllur og þrautseigar pólitískar stofnanir. Engu að síður er einnig þörf á að grípa til aðgerða til að takast á við sérstaka veikleika gagnvart loftslagsbreytingum, svo



Mynd: Gunnar Salvarsson

Íbúar Afríku finna þegar fyrir umtalsverðum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga í tengslum við lífsviðurværi sitt. Myndin er frá Malaví.

Nick Mabey er forstjóri E3G, Third Generation Environmentalism. Hann var áður aðalráðgjafi í stefnumótunarhópi á vegum forsætisráðherra Bretlands þar sem hann leiddi starf um orku, sjávarútveg, skipulagða glæpastarfsemi og óstöðug ríki. Nick var áður skrifstofustjóri sjálfbærrar þróunar í umhverfisstefnudeild breska utanríkisráðuneytisins. Hann er hagfræðingur og verkfræðingur að mennt og veitti Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum í Bretlandi (WWF-UK) forstöðu áður en hann hóf störf fyrir ríkisstjórnina. Hann hafði áður stundað fræðirannsóknir á hagfræði loftslagsbreytinga við London Business School og rannsóknir á skipulagi orkukerfa við MIT-háskólann.

sem breytilegu regnmynstri. Ef ríki í Afríku hafa nægilegan fjárhagslegan og pólitískan sveigjanleika gæti loftslagsvandinn jafnvel leitt til tækifæra til vaxtar þegar markaðir opnast fyrir tækni sem leiðir til líttillar losunar kolefna.

Áhrif loftslagsbreytinga

Skipta má áhrifum loftslagsbreytinga gróflega í fjóra flokka: hækkandi hitastig, breytt úrkomumynstur, aukin tíðni skarpra veðurbrigða og hægt hækkandi yfirborð sjávar.

Hækkandi hitastig og breytt úrkomumynstur munu hafa umtalsverð áhrif á byggileika ýmissa svæða – sum verða óbyggileg líkt og eyðimerkur og önnur verða vænlegri til búsetu, s.s. þau svæði á Grænlandi, í Kanada og Síberíu sem eru undir snjó. Öfgar í veðri munu auka á þá hættu sem mönnum er búin á óstöðugum svæðum. Einnig mun hækkandi yfirborð sjávar augljóslega hafa áhrif á byggð svæði – um þriðjungur mannkyns býr innan 50 mílna frá sjávarströndum.

Mikilvægasta viðmiðið er hversu viðkvæmt svæði er fyrir loftslagsbreytingum. Hér er um að ræða sambland þess hversu viðkvæm núverandi loftslag og vistkerfi eru fyrir þeim breytingum sem spáð hefur verið. Nettóáhrif verða síðan ákvörðuð á grundvelli aðlögunargetu vistkerfanna og þeirra íbúa sem verða fyrir áhrifum.

Breytinganna verður fyrst vart meðal fátækra og í fátækum löndum. Minni líkur eru á að fátækt fólk sé fært um að aðlagast og verja sig að gagni. Þannig má segja að loftslagsbreytingar séu líklegar til að auka bilið milli ríkra og fátækra. Raunar var Museveni, forseti Úganda, fyrstur þjóðhöfðingja til að lýsa því yfir að loftslagsbreytingar væru aðför hinna ríku að hinum fátæku. Loftslagsmál munu auka hættu á misklíð innan ríkja og leiða til þess að fleira fólk mun flytjast búferlum en áður hefur þekkt. Talið er að fjöldi þeirra sem flytjast muni verða á bilinu 200-400 milljónir árið 2050 sem ógnar verulega pólitískum, efnahagslegum, öryggistengdum og samfélagslegum þáttum.

Hvaða áhrif loftslagsbreytinga eru líkleg í Afríku?

Á síðasta áratug hafa hitamet ítrekað fallið í Afríku og er búist við því að svo muni verða áfram. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC-nefndin) gerir ráð fyrir því í nýjustu skýrslu sinni að hitastig í Afríku muni hafa hækkað um 2,5 °C árið 2030. Enn fremur telur Hadley-miðstöðin í Bretlandi að hitastig muni aukast tvöfalt hraðar á sumum svæðum í Afríku en að meðaltali í heiminum.

Almennt er talið að hitaaukningin í Afríku muni leiða til þess að þurr svæði verði þurrari og votlendissvæði votari. Aukinn hiti muni leiða til breyttrar búsetu vegna áhrifa á vaxtarhraða í ræktun, sjúkdómahættu, eyðimerkurmyndun og vatnsskort sem því tengist.

Landbúnaður

Í fjórðu skýrslu milliríkjanefndarinnar (IPCC) frá 2007 segir:

„áætlað er að landbúnaðarframleiðsla, þ.m.t. aðgangur að fæðu, í mörgum löndum og á mörgum svæðum Afríku verði í verulegu uppnámi vegna óstöðugleika og breytinga á loftslagi. Búist er við því að svæðum, sem henta til landbúnaðar, muni fækka, ræktunartími styttest og möguleg uppskera dragast saman, einkum við jaðra úrkomulítilla og þurra svæða. Þetta hefur enn frekari neikvæð áhrif á fæðuöryggi og mun auka á vannæringu í álfunni. Í sumum löndum gæti uppskera landbúnaðarframleiðslu, sem byggist á úrkomu (e. rainfed), hafa minnkað um allt að helming árið 2020.“

Milliríkjanefndin spáir því að nettóáhrif muni fela í sér að u.þ.b. 600.000 ferkílómetrar ræktaðs lands muni ekki lengur henta til landbúnaðar. Því er spáð, svo dæmi sé tekið, að hveitiræktun gæti jafnvel verið horfin í Afríku árið 2080. Gert er ráð fyrir að sojabaunauppskeran muni dragast saman um nærri 30% fram til 2050. Á sama máta er í Stern Review gert ráð fyrir að uppskera í allri Afríku muni minnka um allt að 30% fram til 2050. Allt þetta meggi rekja til samlegðaráhrifa af hærra hitastigi og veðurfari sem erfiðara er að spá fyrir um. Þar sem allt að 70% af íbúum Afríku lifir í dag af landbúnaði sem byggir á úrkomu eða hjarðbúskap er ljóst að þessi áhrif á landbúnaðaruppskeru í Afríku muni hafa í för með sér verulegar efnahagslegar og félagslegar afleiðingar.

Spár eru þó ekki allar eins fyrir álfuna. Milliríkjanefndin hefur t.d. spáð því að sum svæði í Austur-Afríku, s.s. hálendi Eþíópíu, gætu haft hag af þessu. Þetta gæti vegið upp á móti ýmsum áhrifum á landbúnaðarframleiðslu á láglandi svæðum. Einnig er því spáð að úrkoma muni aukast á sumum svæðum í suðurhluta Afríku. Þar er þó einnig hættu á meiri öfgum í veðri sem auðveldar ekki endilega landbúnaðarframleiðslu.

Vatnsskortur

Bera mun enn meira á vatnsskorti með hækkandi hitastigi og auknum mannfjölda og mun stýring vatnsmála, þ.e. geymsla, flutningur og úthlutun (e. allocation), verða ört vaxandi atvinnugrein. Í þessu munu hinir fátæku einnig finna meira fyrir áhrifunum en þeir sem betur mega sín. Þumal fingursreglan er sú að hinir ríku verða síður fyrir áhrifum af hækkandi veðri á vatni en hinir fátæku og framboð vatns tengist náð nær öllum vísam um fátækt, þ.m.t. menntun og kynjamálum.

Strendur og höf

Sérlega erfitt er að spá fyrir um hækkan sjávarborðs en nýleg gögn sýna að á hverju ári hækkar það og því er spáð að á þessari öld muni það að líkindum hækka um a.m.k. hálfan metra. Hækkan sjávarborðs hefur neikvæð áhrif á seltu, sjóvarnir og



Mynd: Gunnar Salvársson

*Almennt er talið að hitaaukningin í Afríku muni leiða til þess að þurr svæði verði þurrari og votlendissvæði votari.
Myndin er frá Malaví.*



Mynd: Gunnar Salvarsson



Mynd: Gunnar Salvarsson

Afríka býr yfir gríðarlegum möguleikum til að nýta betur þau tækifæri sem felast í grænni orku og þetta þarf að nýta sem nýja auðlind til sjálfbærar hagvaxtar. Efri myndin er frá Malaví og neðri frá Namibíu.

vatnsbúskap. Lágland, þéttbýl strandsvæði eru augljóslega í mestri hættu. Í Stern Review er talið að kostnaður við aðlögun geti numið a.m.k. 5-10% af vergri landsframleiðslu, einkum á óshólmasvæðunum í Egyptalandi og Nígeríu.

Ein afleiðing hækkandi sjávarborðs og hækkandi hitastigs, sem talið er að komi fljótt fram, er hrörnun fenjasvæða og kór-alrifa. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir fiskveiðar og ferðaþjónustu sem margir Afríkubúar lifa á. Nú þegar má sjá breytingar á fiskistofnum sem eru nýttir í atvinnuskyni undan ströndum Vestur-Afríku vegna óvæntra breytinga á hafstraumum og framboði næringarefna.

Átök

Erfitt er að segja fyrir um hvaða áhrif loftslagsbreytingar munu hafa á átök í Afríku þar sem þau velta einnig á öðrum þáttum, s.s. stöðugleika í stjórnarferi í ríkjum og þátttöku á alþjóðavettvangi á þeim tíma. Þó hefur verið litið á stöðugleika í loftslagsmálum sem sjálfsgöðan hlut á liðnum öldum. Það hefur verið hald manna að þegar atburðir tengdir loftslagi verða, hafi menn enga möguleika til áhrifa. Þetta mun án efa breytast.

Nú verða líklegar loftslagsbreytingar sjálfsgöður hluti í greiningu á öryggismálum. Þótt orsakir átaka séu lóknar og margvíslegar er efnahagslegt öryggi – þar með stýring naumra auðlinda – stór þáttur í þeim. Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á lýðfræðilegt og efnahagslegt jafnvægi á stórum svæðum, einkum með því að valda skorti á mat og vatni.

Hækkun hitastigs leiðir til nýmyndunar eyðimarka – líkt og gerst hefur í Darfur á síðustu áratugum – og mun leiða til harðari samkeppni um auðlindir sem þegar eru af skornum skammti. Fólk flosnar upp af átakasvæðunum sem leiðir til enn frekari átaka á svæðum sem ná yfir landamæri og inn í borgirnar. Fátækt í þéttbýlinu mun leiða til þess að fleiri flosna upp og leita tækifæra. Fílabeinsströndin, Darfur, Nígería, Senegal og Míritíus eru sum þeirra svæða þar sem við þurfum að fylgjast náið með loftslagsbreytingum til að skilja til fulls hið pólitískt landslag.

Búist er við að sum svæði í Afríku verði verr úti en önnur. Álitid er að héruð í Kongó nærri hitabeltinu, svo dæmi sé tekið, verði fyrir minni háttar áhrifum af völdum loftslagsbreytinga, sem og að almennt verði loftslag stöðugra á syðstu og nyrstu svæðum álfunnar.

Þrjú raunveruleg dæmi skoðuð

Gert er ráð fyrir aukinni eyðumerkurmyndun í **Gana og á Sahel-svæðinu**. Alls staðar í vesturhluta Afríku er stutt á milli mjög mikilla veðurbrigða. Þessar andstæður verða meira áberandi eftir því sem gresjur og eyðimerkur Sahel-svæðisins færast sunnar og nær ströndinni, jafnframt því sem áfram dregur úr úrkomu eins og gert hefur frá sjötta áratugnum.

Reyndar benti fulltrúi Gana, L K Christian, á það þegar öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fjallaði um loftslagsöryggi (e. climate security) í apríl 2007 að Fulani-hirðingjar hefðu þegar flutt sig suður á bóginn og væru að byrja að vopnast – til að bregðast við samfélögum bænda sem ógnuðu nautgripahjörðum þeirra.

Sem betur fer eru Gana-búar þrautseigir sem dugar vonandi til þess að pólitískar stofnanir og efnahagslegur styrkur geti komið í veg fyrir átök. Hins vegar gætu svipaðir atburðir í aðliggjandi löndum, sem eru í veikari stöðu, dregið mjög úr stöðugleika. Hættan á aukinni eyðimerkurmyndun verður yfirvofandi á öllu svæðinu í einhvern tíma.

Gert er ráð fyrir meiri úrkomu og meiri öfgum í veðri í **Sigdalnum mikla** eftir því sem hitastig hækkar. Hámarkshiti í Kericho, sem er hálendisvæði í Sigdalnum þar sem stærstur hluti tes til útflutnings frá Kenía er ræktaður, hefur aukist um 3 °C á síðustu 20 árum. Því er spáð að úrkoma muni aukast á þessu svæði. Hún muni síður falla eftir árstíðum og verður meiri en í dag. Báðir þessir þættir gera landbúnaði erfitt fyrir þar sem ekki verður auðvelt að segja fyrir um sáningarmynstur og uppskeran mun eyðileggjast oftar í mikilli úrkomu.

Viðtæk gögn liggja fyrir um hvernig fer fyrir snævi þöktum fjöllum Sigdalsins mikla. Að frátölu því að svæðið missi eitt sitt helsta kennileiti fyrir ferðamenn er búist við að loftslagsbreytingarnar hafi meiri háttar áhrif á árstrauma og vatnsaflsiðnaðinn. Þurrkar á seinni hluta tíunda áratugarins höfðu alvarleg áhrif á meiri háttar orkuuppsprettur á svæðinu og þetta hefur haft keðjuverkandi áhrif á verga landsframleiðslu í Kenía. Óreglulegt úrkomumynstur gæti gert það að verkum að enn erfiðara verður að segja fyrir um framboð á raforku í framtíðinni.

Til viðbótar við þetta hefur algengi sjúkdóma á svæðinu þegar breyst. Malaría hefur flust inn á svæði sem voru áður of köld til að sjúkdómurinn gæti breiðst þar út, s.s. á hálendi Kenía, í Tansaníu og Rúanda. Eins hefur Sigdalsveikin (Rift Valley fever) valdið miklum usla í búpeningi en var áður fyrr ekki talið vera vandamál.

Egyptaland er í öðrum hluta Afríku sem talið er mjög líklegt að verði fyrir alvarlegum áhrifum af loftslagsbreytingum. Bæði er búist við því að íbúafjöldi í Egyptalandi fari úr 67,9 milljónum í u.þ.b. 125 milljónir árið 2050 og eins eiga 97% þess vatns sem er notað í Egyptalandi uppruna sinn utan landsins.

Vatnið úr Níl er notað í svo miklum mæli til áveitu á ræktunarsvæðum að stundum rennur ekkert af vatni árinna í Miðjarðarhafið. Milliríkjanefndin (IPCC-nefndin) gerir ráð fyrir að með núverandi vatnsnýtingaraðferðum muni draga úr streymi í Níl um allt að 80% við lok þessarar aldar – einkum vegna þess að stærstur hluti árinna tapast þegar hún streymir um mun þurrari svæði bæði í Súdan og Eþíópíu. Þetta mun hafa veruleg keðjuverkandi áhrif á uppskerumagn og neyslu niður með ánni. Loftslagsbreytingar munu því varpa kastljósinu á það hversu háð Egyptaland er vatninu úr Níl. Öttast er að Níl muni í auknum mæli leiða til spennu á svæðinu.

Yfirborð sjávar mun hækka smám saman við Miðjarðarhafsströnd Egyptalands og ógna lágendum svæðum á bökkunum við óshólma Nílar. Óshólmarnir í Egyptalandi eru eitt þéttbýlasta svæði veraldar og mjög viðkvæmt fyrir hækkandi yfirborði sjávar. Saltvatn mun flæða yfir sum frjósömustu svæði Egyptalands. Í einni rannsókn kemur fram að jafnvel hálf metra hækkun sjávarborðs (vel innan þess sem gert er ráð fyrir á þessari öld) muni leiða til búferlaflutninga tveggja milljóna manna. Þannig verði ástandið á svæðum bæði í norður- og suðurhluta Egyptalands ótryggt vegna loftslagsbreytinganna.

Áætlun Afríku vegna loftslagsbreytinga á næsta leiti

Í heildina tekið virðast spár um loftslagsbreytingar – jafnvel næstu 50 árin – benda til margháttaðs aukins álags og neikvæðra áhrifa á Afríku. Þótt ætíð sé óvissa um smærri atriði er mönnum ráðlegast að taka þetta viðfangsefni og áhrif loftslagsbreytinganna alvarlega. Eins og segir í skýrslu Sullivan hershöfðingja, áður næstráðanda (e. Chief of Staff) í Bandaríkjaher, um öryggismál í tengslum við loftslagsbreytingar: “Ef maður bíður eftir því að fá 100% vissu á vígvellinum gerist eitthvað verulega slæmt”.

Og til hvaða ráða geta lönd í Afríku gripið? Eitt er víst að því lengur sem beðið er með að taka á þeim viðfangsefnum sem fylgja loftslagsbreytingunum, þeim mun erfiðara verður að finna raunhæfar lausnir. Sjaldan hefur verið mikilvægara en nú að fylgja heilræðinu “betra er heilt en vel gróið”.

Líkt og á öðrum svæðum í heiminum er nauðsynlegt að taka tillit til loftslagsbreytinga í pólitískum, efnahagslegum og lýðfræðilegum áætlunum Afríku í tengslum við efnahagsframfarir. Annað væri hættulegt, einkum ef áhrif loftslagsbreytinga verða í efri kanti þess sem búist er við og takist okkur ekki að stýra losun gróðurhúsalofttegunda með skilvirkum hætti.

Þetta felur ekki í sér að bornar eru brigður á rétt Afríkulanda til að þróa og veita eigin íbúum hlutdeild í ávinningi af nútímavæðingunni, þ.m.t. aðgangur að orku. En það felur í sér að við þróun í Afríku verður að taka tillit til annarra þátta en við þróun iðnríkjanna áður fyrr. Lönd í Afríku ættu því hafa það markmið að ná hagvexti sem er sjálfbær og felur í sér litla losun kolefna.

Gera þarf ýmsar ráðstafanir svo að þetta megi verða. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að leggja í mun meiri fjárfestingar við að afla gagna um loftslagsmál fyrir tiltekin svæði til að auka **skilning á líklegum áhrifum** og styðja við áætlanafærlíð. Þetta verður að fela í sér samnýtingu líkanahugbúnaðar og gagna um loftslagsbreytingar meðal landa og háskólastofnana og því verður að fylgja greining á áhrifum loftslagsbreytinga „á vettvangi“ og nýtingu auðlinda og þróun íbúafjölda.

Í öðru lagi verður mikilvægt að **búa sig undir áhrifin** þegar náðst hefur dýpri skilningur á því hvaða þættir eru viðkvæm-

astir fyrir loftslagsbreytingunum. Fjárfestingar í grunnvirkjum (e. physical infrastructure) skiptir höfuðmáli, einkum í tengslum við vatnsauðlindir og strandsvæði. En auk þessara hefðbundnari viðfangsefna þurfa þeir sem móta stefnuna að búa sig undir það að þurfa að bregðast við breytingum í öryggismálum, efnahagsmálum og félagsmálum – í stóru og smáu, sem hafa iðulega áhrif yfir landamæri.

Á vissum svæðum munu loftslagsbreytingarnar leiða til umfangsmeiri búferlaflutninga en áður hafa þekkt. Þetta mun leggja verulega auknar byrðar á lönd Afríku og auka verulega á hættuna á því að dragi úr stöðugleika. Ekki er raunverulegt val að einangra innflytjendur innan ríkja eða svæða, heldur verður að finna lausnir fyrir svæðin með víðtækri samvinnu og skiptingu byrða.

Ráðherraráð Afríku um vatnsmál (African Ministers' Council on Water - AMCOW) hefur nú þegar undirbúið samvinnu sem nær til allrar álfunnar og tekið á pólitíska dagskrá viðfangsefni sem varða vatnsstjórnun yfir landamæri. Á sama hátt er framtaksverkefnið Nile Basin Initiative, sem 10 Afríkuríki eiga hlut að, að líkindum framsæknasta nálgunin sem komið hefur fram og það verkefni þarf að styðja áfram.

Hvert land þarf að greina breytt mynstur í útbreiðslu sjúkdóma með hækkandi hitastigi og í því tilliti er alþjóðlegur stuðningur talsvert mikill þar sem tiltekin framtaksverkefni á vegum opinberra aðila og einkaaðila miða að því að vinna gegn sjúkdómum. Þeir sem vinna að sjúkdómavörnum þurfa að reikna þætti tengda loftslagsbreytingum inn í áhættugreiningar sínar í framtíðinni og bregðast við í samræmi við það.

Á minni svæðum þurfa bændur víða að aðlaga sig meiri og tíðari öfgum í veðri. Hefðbundin þekking á því hvernig haga beri ræktun mun því miður hafa minna gildi þar sem reynslan mun ekki vera góður vegvísir að því hvernig skilja beri nútíðina. Þetta verður mjög erfitt viðfangsefni fyrir hefðbundin samfélög og mun skapa félagslegt álag.

Í þriðja lagi getur Afríka gert sér vonir um ávinning af loftslagsbreytingunum þar sem þær **skapa ný markaðstækifæri**. Í álfunni eru fyrir hendi ónýttar endurnýjanlegar orkulindir – einkum tengdar sólar- og vindorku – sem gætu reynst grundvöllur undir hagkerfi sem byggir á nýrri, hreinni orku.

Kostnaður við sólarorku- og vindorkutækni hefur lækkað mjög verulega á síðustu árum þar sem nýsköpun hefur átt sér stað og eftirspurn aukist og sólarorka er þegar hagkvæm borið saman við flestar aðrar lausnir í Afríku utan dreifikerfa. Með síaukinni eftirspurn Evrópu eftir hreinni orku gætu einkum lönd í Norður-Afríku nýtt þennan möguleika til útflutnings á raforku.

Beisla mætti staðvinda í sunnanverðri Marokkó til að framleiða frekari raforku. Þessa „hreinu“ raforku mætti senda með háspennujafnastraumslínum (HVDC) um allt Evrópusambandið. Að auki er því spáð í sumum rannsóknum að allt að 10-25% rafmagns

í Evrópu í framtíðinni verði hrein sólarorka flutt frá eyðumörkum Afríku. Lönd á borð við Egyptaland, Alsír og Marokkó hafa þegar sýnt mikinn áhuga á fyrirtækinu Trans-Mediterranean Renewable Energy Cooperation (TREC) og helsta verkefni þess, DESERTEC. Sum þessara verkefna virðast framúrstefnuleg en verulegur hluti tækninnar er þegar fyrir hendi. Þrýstingur mun aukast á að hraða þróun hennar og nýtingu á komandi árum.

Sambærilegum efnahagslegum ávinningi mætti ná með viðhaldi skóga og skilvirkri landnýtingartækni, sem felur í sér litla kolefnislosun, til að varðveita jarðveg og gróðurþekju. Frá skógareyðingu kemur um fjórðungur af kolefnislosun á heimsvísu og um 10% af skógum jarðar eru í Afríku. Lögð verður mikil áhersla á þetta málefni í yfirstandandi samningaviðræðum um alþjóðasamning um loftslagsmál fram að ráðstefnunni í Kaupmannahöfn í desember 2009. Fundnar verða leiðir til að styrkja tengslin milli ráðstafana til varðveislu skóga og alþjóðamarkaða með kolefniskvóta sem munu skapa umtalsverða tekjulind tengda varðveislunni.

Í fjórða lagi er síðasti þátturinn í stefnumótuninni, sem unnið er að, sá að **vinna gegn losun gróðurhúsalofttegunda** í álfunni sjálfri en á heimsvísu er losun á hvern Afríkubúa þó enn hverfandi. Enn fremur hefur Afríka í sögulegu tilliti átt lítinn þátt í þessu vandamáli. Engu að síður þarf að taka á þessu málefni í framtíðinni.

Líkt og á við um losun á heimsvísu tífaldaðist losun í Afríku á síðustu öld. Sem stendur er kolefnislosun í Afríku um 800 milljón tonn á ári. Þetta er í grófum dráttum sama losun og í Þýskalandi. Eins og við er að búast er losunin mest í þróuðustu löndum álfunnar og þeim þar sem olíuvinnsla er mest. Suður-Afríka og Nígería bera ábyrgð á helmingi losunar í Afríku og er hlutur Suður-Afríku þar mun stærri.

Orkufyrirtæki Suður-Afríku, Eskom, er lykilyrirtæki þar sem það framleiðir nærri tvo þriðju af rafmagni allrar Afríku og sækir viðskiptavinum sína sífellt norðar í löndin sunnan Sahara. 90% orkunnar fæst með kolabruna sem er sú orkuframleiðslaúðferð sem losar mest af kolefnum. Þær aðferðir við að fanga og geyma kolefni, sem verið er að þróa í Evrópu, Bandaríkjunum og Kína, verða einnig að taka til sjálfbærs kolabruna – þ.m.t. í Afríku. Á sama hátt má rekja annan stóran hluta af losun álfunnar til gasbruna á olíusvæðunum í vestur- og norðurhluta Afríku. Í Nígeríu einni er að finna um 20% af losun alls heimsins frá gasbruna. Í þessu tilliti liggur einnig fyrir tækni til að draga úr kolefnalosun en ríkin þurfa að eiga frumkvæði að því að gera hana samkeppnishæfa eða fella undir kerfi fyrir kolefniskvóta.

Niðurstaða

Best væri ef þróun í Afríku tæki til grænna viðfangsefna og að ekki yrðu endurtekin þau mistök sem iðnríkin hafa gert. Þetta markmið má þó ekki rýra rétt ríkja í Afríku til þróunar þar sem hagvöxtur er besta leiðin til að styrkja þá þætti sem eru við-

kvæmastir fyrir áhrifum af loftslagsbreytingum. Hagvöxturinn ætti þó að vera sjálfbær en ekki leggja viðbótarbyrðar á komandi kynslóðir.

Aðstoð frá alþjóðasamfélaginu getur gegnt veigamiklu hlutverki í þessari umbreytingu og gæti dregið úr kostnaði af áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa þegar í för með sér, sem og falið í sér miðlun upplýsinga og tækni til lengri tíma. Aðstoð verður í auknum mæli einnig „loftslagsheld“.

Raunverulegir möguleikar Afríku liggja þó í eigin getu álfunnar til aðlögunar og til að nýta sér ný tækifæri á heimsvísu. Margar loftslagsbreytinganna verða að veruleika á næstu árum og áratugum og getur góð áætlanagerð mildað verstu áhrifin.

Afríka gæti jafnvel haft ávinning af því að taka þessum loftslagsbreytingum fagnandi í „veröld nýrri og góðri“. Hún býr yfir gríðarlegum möguleikum til að nýta betur þau tækifæri sem felast í grænni orku og þetta þarf að nýta sem nýja auðlind til sjálfbærs hagvaxtar. Eins og Desmond Tutu sagði væru okkar verstu viðbrögð gagnvart loftslagsbreytingum „örlagaríkt andvaraleysi“. Því fyrr sem við áttum okkur á því þeim mun betra.

Heimildir

- Africa Research Group (July 2006). *Climate Change in Africa*, Research and Analysis.
- Christian Aid (2006). *The climate of poverty: facts, fears and hope*.
- Christian Aid (2007). *Human tide: The real migration crisis*.
- Clarke, R. & King, J. (2004). *The Atlas of Water – Mapping the World's most critical resource*. Earthscan.
- Edgar, G. (2007). *Africa and the challenge of climate security*. Foreign and Commonwealth Office Envoy for Climate Security in Africa, Chatham House, 23 May 2007.
- El Raev (1999). *Vulnerability of the coastal resources in Egypt to climatic changes*. Major Countries Studies Report.
- Environment Conflict Cooperation (2007). *Gender, Environment, Conflict*. Special Issue, ISSN 1861-6771.
- Goldmark, P. & von Weizsäcker, E. (2007). *Decarbonization Challenge – US and European Perspectives on Climate Change*. Transatlantic Thinkers, Bertelsmann Stiftung.
- Kelly M. & Hulme M. (1993). *Desertification and climate change*. Tiempo, Issue 9.
- Klingebiel, S. (2007). *Increasing the funds for development cooperation: part of the solution or part of the problem?*. Africa Agenda for 2007. Deutsches Institut für Entwicklungspolitik.
- Knies, G. (2007). *TREC: Renewable for Security and Stability*. Environment Conflict Cooperation Newsletter, February 2007.
- Meier, P. & Bond, D. (2005). *Environmental Influences on Pastoral Conflict in the Horn of Africa*. Tufts University and Harvard University.
- Miguel, E. (2004). *Economic Shocks and Civil Conflict: An Instrumental Variables Approach*. University of California, Berkeley and National Bureau of Economic Research.
- Neubert, S. & Scheumann, W. (2007). Challenges posed by transboundary water management in Africa. *Africa Agenda for 2007*. Deutsches Institut für Entwicklungspolitik.
- Reich P., Numben, S., Almaraz, R. & Eswaran, H. (2002). *Land Resource Stresses and Desertification in Africa*. National Resource Conservation Service, US Department for Agriculture.
- Sachs, J. (2006). Ecology and Political Upheaval. *Scientific American*, July 2006.
- Scholz, I. & Bauer, S. (2007). Climate Change and Desertification. *Africa Agenda for 2007*. Deutsches Institut für Entwicklungspolitik.
- Strategic Policy Team. *Climate Change and Security: A Discussion Paper*. October 2006.
- Sullivan, G. & Zinni, A. (2006). National Security and the Threat of Climate Change. CNA Cooperation.
- Stern, N. (2006). *The Economics of Climate Change*. Her Majesty's Government.
- Tutu, D. (2007, May 5). This Fatal Complacency: Climate Change is Already Destroying Millions of Lives in the Poor World. But it will not Stop There. *The Guardian*.
- Wasdell, D. (2006). Climate Sensitivity: A Whole-Earth System Approach. Meridian Programme.
- WBGU (2007). Climate Change threatens international stability and security. Report: *Climate change as a Security Risk*. Press Release 6 June.
- Working Group on Climate Change and Development (2007). *Africa – up in smoke*.

Pegar Ísland var Gana

Eftir Þorvald Gylfason



Mýnd: Gunnar Salvatsson

Árið 1970 kunnu 28 prósent fullorðinna í Afríkulöndum sunnan Sahara að lesa og skrifa. Árið 1990 var læsi komið upp í 51 prósent í Afríku og 61 prósent 2006. Myndin er frá Mósambík.

Þorvaldur Gylfason er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands og rannsóknarfélagi við Centre for Economic Policy Research (CEPR) í London, Center for Economic Studies (CESifo) í München og Center for U.S.-Japan Business and Economic Studies við New York-háskóla. Hann lauk doktorsprófi í hagfræði frá Princetonháskóla í Bandaríkjunum 1976 og starfaði síðan hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington til 1981. Hann var rannsóknarfélagi við Alþjóðahagfræðistofnunina í Stokkhólmsháskóla 1978-96 og gistingufrófessor við Princetonháskóla 1986-88. Hann er ritstjóri *European Economic Review*. Hann skrifar vikulegan dálk í Fréttablaðið.

Hversu ótrúlegt sem það kann að virðast var landsframleiðsla á mann á Íslandi um aldamótin 1900 svipuð og hún er nú í Gönunni. Í fyrra var Ísland ásamt Noregi efst á lífskjartalista Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna samkvæmt vísitölu, sem mælir langlífi, fullorðinslæsi og menntun auk kaupmáttar þjóðartekna. Geta Afríkulönd og önnur þróunarlönd leikið það eftir Íslandi að hefja sig á einni stuttri öld úr örbirgð til allsnægta? Hvað skyldi þurfa til?

Hagtölur með ömmu

Árið 1901 var amma mín tuttugu og fjögurra ára. Hún eignaðist sex börn eins og algengt var á Íslandi á þeim tíma, þótt fæðingum á hverja konu hefði að meðaltali fækkað úr nærri sex snemma á sjötta áratug 19. aldar í fjórar fæðingar í kringum 1900, sem er sami fjöldi og í Gönunni á okkar dögum. Reyndar var meðalfjöldi fæðinga á hverja konu á Íslandi fjórar 1960, þannig að aðeins um hálf öld eða minna skilur að Ísland og Gönu að þessu leyti. Það tók Gönunni innan við fimmtíu ár, þ.e. frá 1960 til dagsins í dag, að fækka fæðingum á hverja konu um þrjár, úr sjö í fjórar. Það tók Ísland eina og hálfa öld, frá síðari hluta sjötta áratugs 19. aldar til dagsins í dag, að fækka fæðingum á hverja konu um þrjár, úr fimm í tvær (eða 2,1, svo öllu sé til haga haldið, en sú tala heldur mannfjöldanum óbreyttum, ef horft er fram hjá fólksflutningum milli landa).

Vissulega hefur Gönunni gengið betur að draga úr fólksfjölgun en mörgum öðrum Afríkulöndum. Meðalfjöldi fæðinga á hverja konu í Afríku sunnan Sahara hefur lækkað úr 6,7 árið 1960 í 5,3 árið 2005. Meðaltölin hylja verulegan mun á frjósemi milli landa. Hver kona á Máriaus í miðju Indlandshafi fæðir nú tvö börn að jafnaði borið saman við sex börn 1960. Í Botsvönu hefur barnsfæðingum fækkað úr sjö á hverja konu 1960 í þrjár nú. Að meðaltali eiga konur í Keníu, Tansaníu og Úgöndu nú fimm, sex og sjö börn frekar en átta, sjö og sjö 1960.



Mynd: Jóhannes Guðmundsson gullsmíður

Um 1900 áttu íslenskar konur að meðaltali fjögur börn, sem er sami fjöldi og í Gönunni á okkar dögum.
Myndin er frá Íslandi.



Mynd: Gunnar Salvarsson



Mynd: Tempest Anderson

Landsframleiðsla á mann á Íslandi um aldamótin 1900 var svipuð og hún er nú í Gönu. Efri myndin er frá Afríku og neðri myndin frá Íslandi um aldamótin 1900.

Langar ævir í litlum fjölskyldum

Því eru þessar lýðfræðilegu staðtölur raktar hér, að félagsvísar gefa oft skýrari mynd en hagvísar af mikilvægum þáttum efnahagsframfara. Jafnframt liggja fyrir í flestum löndum allmargir félagsvísar um heilbrigði og menntun, svo sem frjósemi, langlífi og læsi, og ná iðulega lengra aftur í tímann en hagtölur. Frjósemi skiptir máli vegna þess, að flestar fjölskyldur með mörg börn á framfæri hafa ekki ráð á að senda þau öll í skóla og gefa þeim þannig færi á að lifa lífinu til fulls. Fjölskyldur með færri börn, segjum tvö eða þrjú, hafa frekar tök á að bjóða öllum börnum góða menntun og veita þeim tækifæri, sem þau fengju ekki ella. Minni fjölskyldur stuðla þannig að meiri og betri menntun og meiri lífsfyllingu. Eins og sænski læknaprófessorinn Hans Rosling hefur lýst á lifandi hátt í fyrirlestrum sínum eru stuttar ævir í stórum fjölskyldum ekki lengur samnefnari þjóðlífsins í þróunarlöndum.

Víða um heim, líkt og víða í Afríku, tekur fólk langar ævir í litlum fjölskyldum fram yfir stuttar ævir í stórum fjölskyldum. Í Gönu til dæmis hafa lífslíkur við fæðingu aukizt um ríflega þrjú mánuði fyrir hvert ár frá 1960, eða úr 46 árum 1960 í 58 ár 2005. Í öllum 48 löndunum sunnan Sahara hafa lífslíkur að meðaltali aukizt hægar, eða úr 41 ári 1960 í 47 ár 2005. Nú aukast lífslíkur á ný í Afríku, en þær voru mestar 50 ár á síðari hluta níunda áratugarins, og síðan dró úr þeim einkum vegna útbreiðslu eyðnifaraldursins.

Hagsaga Íslands með afrískum augum

Snúum okkur aftur að Íslandi og rekjum stuttlega sögu efnahagslífsins frá 1901 af afrískum sjónarhóli, ef svo má segja. Um aldamótin 1900 var landsframleiðsla á mann á Íslandi nokkurn veginn hin sama og hún er nú í Gönu, eins og áður var nefnt, og er þá miðað við kaupmáttarkvarða. Þessi staðhæfing (sjá mynd) hvílir á tveimur einföldum staðreyndum:

- (a) landsframleiðsla á mann á Íslandi hefur aukizt fimmtánfalt frá 1901, eða um 2,6 prósent á ári að jafnaði 1901-2006,
- (b) árið 2006 var landsframleiðsla á mann í Gönu 2.640 Bandaríkjadalir á kaupmáttarkvarða eða um einn fjórtándi af framleiðslu á mann á Íslandi (36.560 dalir).

Með tímanum óx íslenzku efnahagslífi fiskur um hrygg. Ójafni ferilinn á myndinni sýnir, hvernig landsframleiðsla á mann á Íslandi hefur sveiflaxt til frá ári til árs, og jafna línán sýnir samsvarandi framleiðslugetu á mann og horfir fram hjá hagsveiflum. Árið 1920 var landsframleiðsla á mann á Íslandi eins og hún er nú í Lesótó. Árið 1945 var Ísland komið á sama stað og Namibía nú og 1960 á sama stað og Botsvana. Árið 2006 hafði landsframleiðsla á mann í Botsvönu náð 12.250 Bandaríkjadölum, þriðjungum af landsframleiðslu á mann á Íslandi (og meira en í Rússlandi með 11.630 dali, þótt það skipti ekki máli hér). Landsframleiðsla á mann á Íslandi 1960 var þriðjungur af því

sem hún er í dag, og árleg aukning hennar um 2,6 prósent þrefaldaði framleiðslu á mann frá 1960 til 2006. Árið 1985 dugur samanburður við Afríku ekki lengur til, því að þá hafði Ísland náð núverandi stöðu Suður-Kóreu.

Auður og bækur hrannast upp


Hvernig fórum við að þessu? Í stuttu máli náði Ísland að safna auði nokkuð fljótt í kjölfar heimastjórnar 1904, hvers kyns auði, sem er ásamt mikilli vinnu driffjóður blandaðs markaðsbúskapar: innlendu fjármagni með sparnaði og fjárfestingu, mannaúði með menntun og þjálfun, erlendu fjármagni með millilandsviðskiptum, lausafé með bankastarfsemi og félagsauði með lýðræði, uppbyggingu innviða og jöfnuði. Náttúruauður gegndi einnig mikilvægu hlutverki, fyrst gjöfufiskimið og síðar í vaxandi mæli vatnsorka og jarðvarmi, en til að geta með árangursríkum hætti nýtt þennan náttúruauð þurfti fyrst að byggja upp mannaúðinn. Og mannaúður er líklega mikilvægasta skýringin á miklum hagvexti á Ísland með síauknu langlífi í litlum fjölskyldum.

Þegar heimastjórn komst á 1904, voru flestir Íslendingar læsir þrátt fyrir sára fátækt, en læsi var þegar orðið almennt í lok 18. aldar. Íslendingar voru því vel búnir undir nútímann við upphaf 20. aldar. Góð menntun í krafti almenns læsis eykur hagvöxt, og félagsumhverfið, til dæmis löghlýðni, stuðlaði að almennu læsi og renndi þannig enn frekari stöðum undir hagvöxtinn. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um læsi á Íslandi um 1900, en staðtölur um fjölda útgefna bóka eru til. Árið 1906 var fjöldi bóka á íslensku á hverja þúsund íbúa 1,6, sem er meira en nú tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Árið 1966 hafði fjöldi útgefna bóka á Íslandi á hverja þúsund íbúa aukist í 2,7, sem er svipað og nú í Danmörku og Finnlandi. Árið 2000 var íslenska talan komin upp í sjö bækur á hverja þúsund íbúa. Vera má, að lítið upplag hvernar bókar geri fámennum löndum eins og Íslandi kleift að gefa út fleiri bækur en ella. Hvað sem því líður, lestur glæðir hagvöxt.

Bil að brúa

Nú í upphafi 21. aldarinnar glímur Afríka einkum við tvö verkefni. Í fyrsta lagi þarf að útrýma ólæsi, þar eð menntun er lykillinn að uppbyggingu mannaúðs og annarrar auðlegðar og auk þess lykillinn að hagfelldri auðlindastjórn, sem ýtir undir hagvöxt. Árið 1970 kunnu 28 prósent fullorðinna í Afríkulöndum sunnan Sahara að lesa og skrifa. Árið 1990 var læsi komið upp í 51 prósent í Afríku og 61 prósent 2006. Læsi meðal ungmennta á aldrinum 15 til 24 ára var komið upp í 73 prósent 2006. Eyða þarf ólæsi eins skjótt og unnt er; ekkert barn má verða út undan. Með almennu læsi í Gönu mætti auka landsframleiðslu á mann fimmtánfalt – því ekki það? – á þrem mannsöldrum eða minna líkt og Ísland gerði í skjóli lýðræðis og auðsöfnunar af öllu tægi með menntun, viðskiptum og fjárfestingu, og hið sama gætu önnur lönd í Afríku gert. Vissulega eiga flest Afríkulönd lengra í land en Gana, þar sem landsframleiðsla á mann 2006 var tvöfalt meiri en í Keníu og nærri fjórföld á við Malaví.

Nú hafa 14 af þeim 48 Afríkulöndum sunnan Sahara náð að koma fjölda fæðinga á hverja konu niður fyrir 4,3, sem er sama fæðingartala og á Íslandi 1960. Stundum er styttra í mark en ætla mætti.



Með afrískum augum:
Framleiðsla á mann á Íslandi 1901-2006 (2000 = 100)

Menning, framandleiki og HIV í Afríku

Eftir Ingu Dóru Pétursdóttur



Mynd: Gunnar Salkvarsson

Orsakir þess að HIV hefur breiðst svo hratt út í löndum í austur- og suðurhluta Afríku eru margbreytilegar og flóknar. Myndin er frá Svasílandi.

Inga Dóra Pétursdóttir er sérfræðingur á skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví. Hún er einnig skráð í MA-nám í Háskóla Íslands. Mastersverkefni hennar byggist á fimm mánaða vettvangsrannsókn í litlu þorpi við Malavívatn og snýst um þekkingu og skynjun kvenna á HIV og alnæmi. Hún lauk BAnámi í mannfræði við Háskóla Íslands auk skiptináms í kynjafræði við háskólann í San Jose í Kaliforníu. Hún starfaði sem sjálfboðaliði í Gvatemala 1997-1998 og í Gana 2001-2002.

Um 23 milljónir manns eru smitaðar af HIV í Afríku sunnan Sahara og talið er að hátt í þriðjungur íbúa sumra landa í suður- og austurhluta álfunnar sé smitaður af veirunni¹. Alvarleiki alnæmisfaraldursins er vel þekktur en sjúkdómurinn hefur áhrif á alla þætti samfélagsins: efnahag, atvinnulíf, opinbera stjórn-sýslu, fjölskyldutengsl og félagsleg samskipti. Þegar helstu leiðtogar heims komu saman á Þúsaldarráðs-stefnu Sameinuðu þjóðanna voru sett átta markmið til að berjast gegn fátækt í heiminum. Eitt af þessum markmiðum snýr að því að stöðva frekari útbreiðslu sjúkdómsins og minnka tíðni hans fyrir árið 2015².

Menning

Því miður lítur ekki út fyrir að það takist að stöðva útbreiðslu HIV-veirunnar fyrir árið 2015 í mörgum löndum Afríku sunnan Sahara. Á þeim rúmu tveimur áratugum sem baráttan við að hemja faraldurinn hefur staðið hafa margar aðferðir verið reyndar. Upp úr 1980 varð ljóst að útbreiðsla HIV í Afríku var með öðrum hætti en í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem að flestir sem smituðust voru samkynhneigðir karlmenn og sprautusjúklingar á meðan flestir hinna smituðu voru gagnkynhneigt fólk í Afríku. Fræðimenn höfðu ólíkar skýringar á þessum mun á útbreiðslu sjúkdómsins en margir töldu að skýringa væri að leita í menningu og menningarbundnum siðum.

Greinin *The Social Context of AIDS in sub-Saharan Africa* eftir lýðfræðingana Pat og John Caldwell ásamt Pat Quiggin³ olli straumhvörfum í umræðu um menningarlegt samhengi kynhegðunar í Afríku. Caldwell o.fl. þóttust viss um að hafa fundið ástæðu þess að illa tækist að hemja útbreiðslu alnæmis þar. Þau mæltust til þess að þeir sem vildu sporna við útbreiðslu HIV reyndu að skilja það sem þau nefndu *homo ancestrales*. Niðurstaða þeirra var sú að kynferðisleg hegðun í Afríku stjórnaðist - eins og orðið *ancestrales* gefur til kynna - af adlagömlu ættflokka

og sífjakerfi sem mótaði félagsleg samskipti kynjanna. Ástæða útbreiðslu alnæmis í Afríku var menning Afríkubúa og lauslæti afrískra kvenna.

Niðurstöður Caldwell vöktu mikla athygli og umræður. Ekki var til mikið af nýlegum rannsóknum á kynhegðun þar sem umfjöllun um það efni hafði að mestu horfið úr akademískri orðræðu um miðbik síðustu aldar. Caldwell hjónin studdust því að mestu við etnógrafískar heimildir mannfræðinga sem sendir höfðu verið til Afríku af nýlenduherrum. Það er athyglisvert að skoða fræðilegar greinar vestrænna manna um kynhegðun frá miðöldum fram að nýlendutímanum. Sagnfræðingurinn Charles L. Gesheker⁴ tók saman lýsingar, sem birtust í Evrópu, á afrísku fólki og kynhegðun þess. Hann telur það einkennandi fyrir þessar lýsingar að Afríkubúar þóttu óseðjandi í kynlífi og átti það jafnt við um konur sem karla. Kynlíf þeirra þótti helst minna á atferli dýra þar sem engar hömlur virtust vera. Í lýsingunum var gjarnan fjallað um svarta karlmenn sem þóttu framkvæma „holdleg afreksverk á óbeislaðan hátt með svörtum konum sem sjálfar voru óseðjandi“.

Um aldamótin 1900 skrifaði herlæknirinn Jacobus etnógrafískar lýsingar á því sem fyrir augu bar. Hann sá ástæðu til þess að lýsa kynfærum Afríkubúa á „visindalegan“ hátt. Líkir hann kynfærum karla við kynfæri afrískra asna og segir þau líkjast „hjólaslöngu sem er full af vökva“ þar á hann við lit, stærð og áferð. Hann lýsir einnig kynfærum kvenna nákvæmlega og virðast þau honum jafn stórgerð og karlmanna. Kynfæri kvenna eru einnig þurrari og taugakerfi þeirra ekki jafn fínlega ofið og í evrópskum konum. Jacobus kemst að þeirri niðurstöðu að afrískar konur og karlar geti aðeins fullnægt hvert öðru⁵.

Það er ekki að undra að mannfræðingar og aðrir fræðimenn hafi forðast að rannsaka kynhegðun afrískis fólks í kjölfar slíkra fullyrðinga. Mannfræðingar voru viðkvæmir fyrir tengslum fræðigreinar sinnar við nýlendutímamann og þessar rannsóknir þóttu þjóðhverfar og fordómafullar. Á því varð hins vegar röttæk breyting með tilkomu alnæmisvandans og vestrænt félagsvísindafólk flyktist til Afríku til að gera rannsóknir á tengslum kynhegðunar, fjölskyldutengsla, menningar og alnæmis. Quentin Gausset hefur nefnt þetta „neyðarmannfræði“ þar sem hann telur að í asanum við að finna lausnir á alnæmisvandnum hafi síðferðislegur, kenningarlegur og aðferðafræðilegur staðall félagsvísinda lækkað⁶. Fræðimenn, líkt og Caldwell hjónin, sem eru lýðfræðingar, hafi tekið upp þráðinn úr orðræðu fyrri tíma þar sem lögð var áhersla á það sem þótti framandi og exótískt.

Afrísk menning

Í orðræðu nýlendutímans var afrískt fólk með óseðjandi kynhvöt og í grein Caldwell hjónanna eru afrískar konur lauslátar þar sem aldagamalt sífjakerfi meinar þeim að vera trúar eiginmönnum sínum. Þetta er hluti af því sem Oppong og Kalipeni⁷ kalla alhæfingarveikina. Ekki er gerður greinarmunur á svæðum Afríku heldur litið á heimsálfuna sem samleitt menn-

ingarsvæði með einni þjóð, Afríkubúum. En Afríka er stór heimsálfa með 53 löndum og mörgum þjóðarbrotum innan hvers lands. Með því að líta á Afríku sem einsleita heild er verið að virða að vettugi ólíka sögu svæða, ólík trúarbrögð og mismunandi menningarleg áhrif. Afrísku borgirnar Addis Ababa og Lilongwe eiga álíka mikið sameiginlegt og Reykjavík og Höfðaborg.

Í dag álíta flestir fræðimenn að menning sé í sífelldri endursköpun fyrir tilstuðlan innri og utanaðkomandi áhrifa og strauma. Menning er því fljótandi, óstöðug, síbreytileg og fjölbreytt. Innan hvers menningarhóps eru einstaklingar með ólíkar sjálfsmyndir sem mótast til að mynda af kynferði, aldri, stétt, stöðu, litarhætti, trúarbrögðum og bakgrunni svo fátt eitt sé nefnt og geta þeir myndað menningarbrot innan menningarhóps⁸. Sé stuðst við þessa skilgreiningu á menningu – eins og flestir mannfræðingar gera í dag – er ekki aðeins verið að útiloka hugmyndir um samafríka menningu líkt og Caldwell hjónin tala um, það er jafnframt verið að hafna þeirri hugmynd að menning þjóða sé óumbreytanleg, taka verði tillit til ólíkra svæða innan landsins og fjölbreytni einstaklinga innan hvers hóps.

Í almennri umræðu sem og í skrifum fræðimanna um alnæmi í Afríku er þó enn algengt að hefðbundnir menningarlegir þættir séu taldir stuðla að áhættusamri kynhegðun sem ýti undir hraða útbreiðslu alnæmis. Það virðist sem ákveðnir síðir hafi orðið vinsælir bæði í fjölmiðlaumræðu og fræðigreinum sem útskýring á útbreiðslu HIV í Afríku. Í þeirri umræðu er oft hægt að greina alhæfingarveikina sem Oppong talar um. Ekki er gerð grein fyrir því tiltekna svæði sem þessir síðir eigi að finnast á heldur er oft hægt að skilja sem svo að allir íbúar tiltekins lands stundi þá og jafnvel allir í Afríku. Stundum dusta evrópskir fræðimenn jafnvel rykið af aldagömlum aflögðum síðum og lýsa því yfir í fjölmiðlum að í tilteknum löndum séu þessir síðir enn stundaðir.

Hreinsandi meyjjar

Sögusagnir þess efnis að afrískir karlmenn nauðgi smábörnum til þess að lækna af alnæmi eru háværar. Í *Morgunblaðinu*⁹ birtist frétt um réttarhöld yfir sex karlmönnum sem ásakaðir voru um að hafa nauðgað níu mánaða gömlu barni. Kveikjan að nauðguninni var sögð sú að mennirnir hafi viljað freista þess að lækna sig af alnæmi. Í *Sunday Times*¹⁰ í Suður-Afríku er viðtal við mannfræðinginn Suzanne Leclerc-Madlala sem vann að doktorsritgerð sinni í Suður-Afríku um alnæmi og kyngervi. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að goðsögnin um að hreinar meyjjar geti læknað alnæmi hafi ýtt undir fjölgun barnanauðgana þar í landi. Telur hún ástæðuna vera þá að margir karlmenn trúu að ungar stúlkur séu með hreint blóð og því hættulausar sem og að meyjjarhaftið geti haft hreinsandi áhrif á sýkt blóð þeirra. Einnig bendir hún á að karlmenn leiti sífellt eftir yngri stúlkum til að sofa hjá vegna hræðslu við að sýkjast af þeim eldri.

Ofangreind niðurstaða er mjög umdeild eins og Jean Redpath¹¹ komst að þegar hún bar það undir fjölda fólks sem vinnur innan barnastofnana, í lögreglu og sem félagsfræðingar í Suður-Afríku. Enginn gat sagt fyrir víst að sögusögnin ýtti undir barnanauðganir en bent var á að erfiðar efnahags- og félagslegar aðstæður gætu legið að baki.

Barnanauðganir eru sérlega óhugnanlegar og sorglegt ef tenging er á milli aukningar á nauðgunum og alnæmissjúkdómnum. Sögusögnin um að hrein mey hafi hreinsandi áhrif á kynsjúkdóma er þó ekki ný af nálinni. Tannahill¹² segir frá því í bók sinni *Mannkynið og munúðin: kynlífssaga mannsins* að sagan sé þekkt frá því á Viktoríutímabilinu. Vitað var að ef sængað væri hjá hreinni mey gæti hún ekki verið smitberi en einnig var talið að stúlkurnar gætu haft hreinsandi áhrif á sýkta menn sem þannig gætu læknað af kynsjúkdómum líkt og sárásótt.

Barnaklám og misnotkun á börnum er mikið vandamál víða um heim en blandast ekki með sama hætti inn í orðræðu um alnæmi líkt og í Afríku. Fólk sem vinnur að málefnum barna í Suður-Afríku getur ekki staðfest orsakasamhengi á milli barnanauðgana og alnæmis. Sú tenging sem gerð er á milli barna- ofbeldis og alnæmis í Afríku styrkir þá hugmynd að sífellt er leitað skýringa á útbreiðslu alnæmis í einhverju óeðlilegu í kynhegðun Afríkubúa. Er mögulegt að það sé verið að endurskapa þessa gömlu mýtu um exótískt kynlíf þeirra í vestrænum fjölmiðlum og fræðigreinum?

Purrt kynlíf

Svokallað purrt kynlíf (e. *dry sex*) hefur einnig verið til umfjöllunar. Konur eru sagðar setja hreinsi- eða sóttthreinsandi efni upp í leggöngin á sér til þess að draga úr raka. Það skapi „heitt, þröngt og purrt umhverfi sem mönnum þeirra líkar vel“. Þessi siður er sagður iðkaður í Suður-Afríku, Malaví og Sambíu¹³. Ef leggöng eru mjög þurr getur það valdið sárum í leggöngum og því að smokkar rifni sem eykur líkur á að kona sýkist af HIV-veirunni sé rekkjunautur hennar sýktur.

Gausset segir purrt kynlíf stundað meðal Tonga-fólksins þar sem hann gerði vettvangsrannsókn. Hann telur að meðal Tonga-fólksins þyki óeðlilegt ef kona ber þess merki að vera tilbúin fyrir samfarir þegar hún hittir félaga sinn. Ef leggöng hennar eru rök getur það verið túlkað sem svo að hún sé að koma beint frá öðrum manni og því eru rök leggöng tengd við lauslætishegðun. Hann segir að purrt kynlíf sé aðallega stundað af konum sem hafi átt börn og þær því sér með heitu vatni til að þrengja leggöngin en ekki með hreinsiefnum. Gausset telur að of mikil áhersla hafi verið lögð á purrt kynlíf í umræðu um alnæmi, það sé eitthvað sem að grípi athygli vestrænna fræðimanna en sé ekki áhættuþáttur í alnæmissmiti.

Að erfa ekkju og hreinsa ekkju af anda hins látna

Víða um heim er sá siður að deyi eiginmaður frá eiginkonu sinni þá erfist hún annaðhvort til ættingja þess látna eða sinna eigin ættingja¹⁴. Í sumum menningarsamfélögum hefur sá sem erfir ekkju rétt til að hafa líkamlegt samneyti við hana og í öðrum þykir nauðsynlegt að hreinsa ekkju af anda þess látna. Hreinsunin fól áður í sér að ekkjan hefði samræði við annan mann.

Paul Dover¹⁵ mannfræðingur segir að það hafi verið algengt í Sambíu að ekkjur flyttust til fjölskyldu eiginmanns síns ef þeir létust. Þessi siður er þó sjaldgæfari í dag, sérstaklega vegna andstöðu kirkjunnar. Veraldlegar eignir og félagsleg staða þess látna erfðust einnig með ekkjunni. Nú til dags eru veraldlegar eignir metnar meira heldur en félagsleg staða og því hafa vandamál um erfðarétt ekkjunnar komið upp ef hún vill ekki fylgja með veraldlegum eignum eiginmanns síns.

Gausset¹⁶, sem gerði vettvangsrannsókn í Sambíu, telur að fólk sé almennt meðvitað um að ef líkur eru á að eiginmaður hafi látist af alnæmi geti ekkjan einnig verið smituð. Hann segir nú mun algengara að hreinsun sé gerð með grasalækningum og jurtum séu líkur á að eiginmaður ekkjunnar hafi látist úr alnæmi. Líkt og í Sambíu er afar óalgengt í Malaví núorðið að hreinsun ekkna fari fram með samræði við annan mann heldur með náttúrulækningum.

Ekkjur fara sjaldan í alnæmispróf til að fá sjúkdómsgreiningu en Gausset telur að tregða við að fara í blóðprufu sé vegna þess hve mikill félagslegur smánarblettur alnæmi sé. Því álíti fólk gjarnan að betra sé að lifa án þess að vita hvað að er í stað þess að vera dæmt með alnæmi.

Schoepf¹⁷ og Lwanda¹⁸ sem bæði hafa rannsakað alnæmi í Afríku benda á að það að ekkjur erfist til ættingja sinna sé ekki ákjósanlegasta staða konunnar. Hún sé til þess neydd vegna bágrar efnahagsafkomu og valdalíttillar stöðu sinnar sem kona. Schoepf og Lwanda eru sammála um að ekki sé hægt að kenna „menningunni“ um þessar aðstæður heldur verði að leita skýringa í félags- og efnahagslegum veruleika fólks.

Alnæmi í Afríku

Palestínski sagnfræðingurinn Edward Said¹⁹ hefur gert grein fyrir alhæfingum í vestrænni orðræðu um framandi landsvæði og íbúa þeirra í bókinni *Orientalism*. Said álítur að með því að nema og lýsa framandi svæðum, búa til kenningar um íbúa landanna og ráða yfir þeim hafi Evrópubúar búið til ráðandi ímynd af framandi löndum. Sú ímynd hafi orðið svo ráðandi að erfitt sé að tala, hugsa eða lýsa þessum svæðum í dag án þess að hugsa út frá þessum ramma.



Mynd: Gunnar Salvansson

Um 23 milljónir manna eru smitaðar af HIV í Afríku sunnan Sahara.
Myndin er frá Mósambík.

Alnæmi í Afríku er alvarlegt vandamál sem ekki á að líta fram hjá. Orsakir þess að veiran hefur breiðst svo hratt út í löndum í austur- og suðurhluta Afríku eru margbreytilegar og flóknar. Augljós ástæða er gríðarleg fátækt. Hátt hlutfall farandverka-fólks, aðstæður munaðarlausra barna sem sjá um yngri systkini og heimili, fá atvinnutækifæri (sérstaklega fyrir konur) og andstaða kirkjudeilda við getnaðarvörnum eru meðal þess sem gerir það að verkum að HIV smitast hraðar þar en í vestrænum samfélögum. Þetta eru hins vegar ekki mjög framandi ástæður. Þær vekja ekki jafnmikla athygli í fjölmiðlum og almennri umræðu og skýringar sem vísa til hömlulauss exótíks kynlífs.

Það er algengt að lesa greinar og viðtöl við fólk sem skellir skuldinni á menningarbundna þætti þegar fjallað er um útbreiðslu alnæmis í Afríku sunnan Sahara. Þá er auðvelt að fá á tilfinninguna að sú niðurstaða þeirra byggist meira á þeim hugmyndafræðilega ramma sem þau hafa alist upp við en reynslu þeirra á vettvangi. Í greininni „Seeing Culture as a Barrier“ fjalla Crewe og Harrison²⁰ um þá tilhneigingu vestrænna vísindamanna til að líta öðrum augum á menningu og siði í fátækari löndum en í sínum eigin. Hefðbundin menning og siðir eru gjarnan álitin vera fastmótuð og óbreytanleg fyrirbæri frá örófi alda og hindri fátækt fólk í að kljást við vandamál og öðlast nútímalega þekkingu. Menning hefur því sterkara tangarhald á íbúum fátækra landa en þeim ríkari. Það sem einu sinni var þekkt meðal ákveðins menningarhóps hlýtur því að vera þar enn.

Menning og menningarbundnir þættir eru ekki óbreytanleg fyrirbæri í aldanna rás. Hvorki í löndum Afríku né annars staðar. Viðmælendur mínir í litlu malavísku þorpi horfðu á mig undrunarugum þegar ég var að reyna fá þau til að segja mér frá öllum leyndu athöfnunum þar sem ungar stúlkur voru vígðar inn í fullorðinna manna tölu með samræði og ekkjur hreinsaðar með kynlífi. Án undantekninga var horft á mig undarlega og spurt „Þekkir þú ekki sjúkdóm sem kallast alnæmi?“

Heimildir

- UNAIDS. 2008. Leitað undir „Epidemiology, Estimates and Projects“ og „Geographical Area by Country“. Sótt 6. mars 2008. Slóðin er: <http://www.unaids.org/en/geographical+area/by+region/sub-saharan+africa.asp>
- Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. 2000: <http://www.un.org/millenniumgoals/>
- Caldwell, John C., Pat Caldwell og Pat Quiggin. 1989. „The Social Context of AIDS in Sub-Saharan Africa“. *Population and Development Review*, 15. árgangur, bls: 185-234.
- Gesheker, Charles L. [1998] 1999. „A Critical Re-appraisal of African Aids Research and Western Sexual Stereotypes“. Erindi flutt á General Assembly Meeting Council for the Development of Social Science Research in Africa. Sótt 10. apríl 2005. Slóðin er: <http://heal.toronto.com/codesria98.html>
- Samuels, Herbet. E.d. „Race, Sex and Myths: Images of African Men and Women“. Sótt 20. mars 2005 á heimasíðu Humboldt-Universität zu Berlin, undir Magnus Hirschfeld Archive Sexology. Slóðin er: <http://www2.huberlin.de/sexology/GESUND/ARCHIV/SEN/CH21.HTM#b1-RACE,%20SEX,%20AND%20MYTHS%20IMAGES%20OF%20AFRICAN%20AMERICAN%20MEN%20AND%20WOMEN>
- Gausset, Quentin. 2001. „AIDS and cultural practices in Africa: the case of the Tonga (Zambia)“. *Social Science & Medicine* 52: 509-518.
- Oppong, Joseph R og Ezekiel Kalipeni. 2004. „Perceptions and Misperceptions of AIDS in Africa“. Í E. Kalipeni, S. Craddock, J. R. Oppong og J. Gosh (Ritstj.) *HIV and AIDS in Africa: Beyond Epidemiology* (3. kafli). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Barnard, Alan og Jonathan Spencer. [1996] 2002. „Culture“. Í *Alan og Jonathan Spencer, (Ritstj.) Encyclopedia of Social and Cultural Anthropology* (bls: 246-251) (3. útgáfa). London: Routledge.
- Morgunblaðið*. 2001, 23. nóv. „Dauðadóms krafist yfir 6 karmönnum er sakaðir hafa verið um nauðgun á 9 mánaða barni“ [Rafræn útgáfa]. Sótt 6. maí 2005. Slóðin er: <http://mbl.is/mm/frettir/erlent/frett.html?nid=759909>
- Govender, Prega. 1999, 14. apríl. „Child rape: A taboo within the AIDS Taboo: More and more girls are being raped by men who believe this will “cleanse” them but people don’t want to confront the issue“. *Sunday Times* [rafræn útgáfa]. Sótt 2. apríl 2005. Slóðin er: <http://www.aegis.com/news/suntimes/1999/ST990401.html?FACTNet>
- Redpath, Jean. 2000. „Children at Risk“. Sótt 10. febrúar 2005 á heimasíðu Helen Suzman Foundation. Slóðin er: <http://www.hsf.org.za/focus18/childfocus18.html>
- Tannahill, Reay. [1980] 2001. *Mannkynið og munúðin: Kynlífs saga mannsins*. Kristinn R. Ólafsson (þýddi úr ensku). Akureyri: Bókautgáfan Hólar.
- Gausset, Quentin. 2001. „AIDS and cultural practices in Africa: the case of the Tonga (Zambia)“. *Social Science & Medicine* 52: 509-518.
- Lwanda, John Lloyd. 2004. „Politics, Culture, and Medicine: An Unholy Trinity?“ Í E. Kalipeni, S. Craddock, J. R. Oppong og J. Gosh (Ritstj.) *HIV and AIDS in Africa: Beyond Epidemiology* (2. kafli). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Dover, Paul. 2001. *A Men of Power: Gender and HIV/AIDS in Zambia*. Uppsala University, Tryk & Medier.
- Gausset, Quentin. 2001. „AIDS and cultural practices in Africa: the case of the Tonga (Zambia)“. *Social Science & Medicine* 52: 509-518.
- Schoepf, Brooke Grundfest. 2004. „Structure, Agency and Risk“. Í E. Kalipeni, S. Craddock, J. R. Oppong og J. Gosh (Ritstj.) *HIV and AIDS in Africa: Beyond Epidemiology* (8. kafli). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Lwanda, John Lloyd. 2004. „Politics, Culture, and Medicine: An Unholy Trinity?“ Í E. Kalipeni, S. Craddock, J. R. Oppong og J. Gosh (Ritstj.) *HIV and AIDS in Africa: Beyond Epidemiology* (2. kafli). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Said, Edward W. 1978. *Orientalism*. New York: Pantheon Books.
- Crewe, Emma og Elizabeth Harrison. [1998] 2005. „Seeing Culture as a Barrier“. Í M. Edelman og A. Haugerud (Ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism* (16. kafli). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.

Hverjum er ekki sama um Afríku? Sjónarhorn í Norrænum fjölmiðlum

Eftir Héðin Halldórsson

Þessi grein er samantekt, byggð á fræðiritgerð sem var unnin við Háskólann í Manchester 2006 til MA-gráðu í þróunarfræðum við hugvísindadeild.

„Kjarni margra þessara vandamála er sá að almenn þekking á Afríku og stórum hluta þróunarlanda er afar takmörkuð. Þetta á stundum einnig við um blaðamenn sem fjalla um mál á þessum svæðum“ - Beattie ofl. 1999:266.

Inngangur – Að sleppa Afríku

Hvernig er heimsálfan Afríka sýnd í fréttum sjónvarps? Rannsóknir á vegum bresku þróunarmálastofnunarinnar, DFID, og BBC í Bretlandi leiða í ljós að almenn sýn á þróunarlöndin, sem mótast af sjónvarpsfréttum, er að mestu neikvæð (DFID 2000, DFID-BBC 2002). Af fréttuumfjöllun í sjónvarpi að dæma virðast fátækt, kreppa og átök vera samnefnari álfunnar, þ.e. þær fáu fréttir sem sagðar eru frá Afríku og komast í gegnum nálaraugað, passa við hugmyndina um fátækt og vansæld. Þannig virðast fjölmiðlar viðhalda hugmyndinni um að Afríka sé frumstæð og staðfesta fordómafullar hugmyndir áhorfenda. Í stuttu máli er áhorfandanum gert kleift að aftengjast og fjarlægast fólkið á skjánum þar sem hann á ekkert sameiginlegt með þessum ættflokksamfélögum.

Ákvarðanir fréttastjóra og ritstjóra byggjast á þeirri ályktun að áhorfendum sé að mestu sama um aðra heimshluta og hafi lítið þol gagnvart flókinni umfjöllun. Sú litla fréttuumfjöllun sem af þessu leiðir kveikir neikvæð viðhorf gagnvart þróunarlöndum (GMG 2006). Með því að setja heimsfréttir ætíð aftarlega í forgangsröðina hafa fréttastjórar og ritstjórar „ýtt undir þá vanþekkingu sem þeir gera ráð fyrir“ (Rosenblum 1993:3). Á meðan fjallað er um vandamál Afríku sem ættbálkaerjur og óhjákvæmileg í ljósi frumstæðs eðlis Afríkubúa og á meðan meirihluti fólks samþykkir þá sýn, er ekki unnið að pólitískum lausnum (DFID 2000:17).



Mynd: Gurmar Sálvarsson

Fjölmiðlar virðast viðhalda hugmyndinni um að Afríka sé frumstæð og staðfesta fordómafullar hugmyndir áhorfenda. Myndin er frá Malaví.

Héðinn Halldórsson hefur um árabíl starfað sem fréttamaður bæði útvarps og sjónvarps hjá Ríkisútvarpinu og sent fréttir m.a. frá Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum, Ítalíu, Afganistan og Malaví. Héðinn er með meistaragráðu í þróunarfræðum frá Háskólanum í Manchester, sem og BA-gráðu í ítölsku og sögu frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Bologna. Hann er höfundur heimildamyndar um starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví, þeir fiska sem róa, sem var tekin upp í Monkey Bay og tekin til sýningar 2007.



Mynd: Gunnar Salvarsson

Mynd: Gunnar Salvarsson

Um rannsóknina

Markmið rannsóknarinnar má draga saman í eftirfarandi spurningum: 1) Hvaða ástæður liggja að baki núverandi fréttum um Afriku í sjónvarpi á Norðurlöndunum? 2) Hvaða mynd er dregin upp af Afriku í sjónvarpi á Norðurlöndunum? 3) Hvaða skoðun hafa starfsmenn þróunarsamvinnu og fréttamenn á Norðurlöndunum á þessari umfjöllun? Ritstjórnarleg úrvinnsla, sem á sér stað fyrir fram og stýrir frétttaflutningi, verður einnig tekin til skoðunar sem og sú mynd sem er dregin upp af málefnum Afriku, ef slík umfjöllun fer yfirleitt fram, hjá þremur norrænum sjónvarpsstöðvum: í Danmörku, á Íslandi og í Noregi. Tekið verður dæmi um átökin í Darfur og mun greining miða að því að sýna fram á hvort fjallað er um stríðið og ef svo er, hvaða nálgun er notuð.

Niðurstöður verða studdar skoðunum sérfræðinga í þróunarmálum og fréttamanna í löndunum þremur. Fyrir svörum verða fulltrúar Þróunarsamvinnustofnunar Danmerkur (DANIDA), Þróunarsamvinnustofnunar Noregs (NORAD), Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (PSSÍ), Danska ríkisútvarpsins (DR), Ríkisútvarpsins (RÚV) og Norska ríkisútvarpsins (NRK).

Vera má að neikvæð umfjöllun um frétttaflutning norrænu sjónvarpsstöðvanna sé fyrir mörgum líkt og að skjóta sendiboðann þar sem hendur stöðvanna eru iðulega bundnar af fjárhagslegum ástæðum og stór hluti umfjöllunarefnis og myndefnis fenginn hjá erlendum fréttaveitum. Því er hér lögð áhersla á að ekki er ætlunin að gera fjölmiðla eina ábyrga fyrir þeirri mynd sem er dregin upp af Afriku, málefnið eru miklu flóknari en svo. Engu að síður er það skref í rétta átt að auka vitund um þær gildirur sem hægt er að falla í við flutning fréttta af Afriku.

Hin myrka álfa

„... allmargir fréttamenn hafa lýst því yfir að þróunarmál séu of leiðinleg til að taka til umfjöllunar“ - Mc Donnell ofl. 2002:13.

Hinar hefðbundnu „vöndu“ fréttir af álfunni eru almennt settar fram sem „óhjákvæmilegar“ (Carruthers 2000:227) og þemað „Afrika er misheppnuð og þarfnast hjálpar okkar“ (Hawk 1992:6) ræður ríkjum. Algengur skilningur er sá að Afrikubúar séu ekki sérlega færir í að ráða eigin málum (Philo 2001). Afriku er lýst sem heimsálfa kominni að fótum fram, álfu ofbeldis og vansældar (Philo ofl. 1999). Hvernig rekja megi vandamál og kreppur Afriku til „krafna vestrænna hagsmuna á sviði viðskipta og stjórn mála“ er varla tekið til umfjöllunar (Beattie ofl. 1999:246). Sjaldgæft er að raktar séu fjárhagslegar og pólitískar ástæður í fréttum um Afriku.

Því hefur verið haldið fram að ekki sé fjallað um meiriháttar fréttir heldur fremur einfaldari fréttir sem er auðvelt og „þægilegt að skilja“ þar sem í þeim kemur fram hið almenna þema um svartnætti og eynd. Myers ofl. (1996) fjalla um það hvernig Afrika er gerð „framandi“ og fréttir þvingaðar inn í sérstakan ramma. Dregin er fram mynd af álfu sem er aumkunarverð fremur en þátttakandi í breytingarferli (Schechter 1999:296).

Fjölmiðlar gera áhorfandanum kleift að aftengjast og fjarlægjast fólkið á skjánum þar sem hann á ekkert sameiginlegt með þessum „ættflokkasamfélögum“. Efri myndin er frá Malaví og neðri frá Namibíu.

Myndlíkingar og orðfæri um Afríku

Ein prálátasta myndlíking sem tengd er Afríku er myrkur. Þetta hugtak, sem má rekja til hinnar áhrifaríku skáldsögu Josephs Conrad *Innstu myrkur* þar sem söguviðið er Kongó, "gefur tilfinningu fyrir óskiljanlegu stjórnleysi og óreiðu" (Brookes 1995:474). Orð sem eru notuð í sögum um Afríku sjást vart í sögum um aðra hluta heimsins. Vera má að viðtakendur átti sig ekki á þessu en tiltekinn orðaforði leiðir hugann að Afríku vegna frumstæðs eðlis og rökhyggju sem er ólík hinn vestrænu. Saga um Afríku mun ætíð krefjast annars konar orðaforða en sögur um t.d. Norður-Írland eða Júgóslavíu (Hawk 1992:7). Mun líklegra er að orð eins og *blóðugur* (Myers ofl. 1996:32) og *blóðþyrstur* (Beattie ofl. 1999:254) komi fram í sögum um Afríku.

Fréttamiðlar – Vald fjölmiðla

Hér um bil 80% íbúa í OECD-löndunum fá daglegar upplýsingar úr fjölmiðlum, einkum sjónvarpi (Mc Donnell ofl. 2002:13). Á sama máta kennir meirihluti fólks sjónvarpi um þá neikvæðu mynd sem það hefur af þróunarlöndunum (DFID 2000:1). Þegar svo mikið er treyst á einn miðill er hætta á ferðum. Í heimi þar sem kvöl hefur verið gerð að söluvöru er mannleg þjáning orðin að upplýsingaskemmtun (e. infotainment) (Moeller 1999:35). „Það er deginum ljósara að lesendur hafa ekki áhuga á frétt næmum atburðum“, segir Susan D. Moeller (1999:43), en okkar hlutverk er að komast að því hvort um er að kenna áhugaleysi þeirra gagnvart Afríku eða því með hvaða hætti fréttamiðlar flytja fréttir. Sjónvarpsfréttir sæta stöðugri gagnrýni fyrir að leggja í sívaxandi mæli áherslu á upplýsingaskemmtun en forðast umfjöllun og greiningu á flóknum málefnum (Carruthers 2000:7). Samkvæmt Carruthers (2000:278) bera fréttamiðlar ábyrgð á að „þvinga borgarana til að axla ábyrgð sína á að vita“.

Heimurinn með augum fjölmiðla

„Hungursneyð er ekki myndrænn fréttamatgur fyrr en fólk deyr“ - Natsios 1996:150.

Fréttamiðlar búa til, upp að vissu marki, sína eigin mynd af heiminum sem dregur ekki endilega upp nákvæma lýsingu heldur sýnir fremur hvað hægt er að komast yfir á viðkomandi degi með hliðsjón af kostnaði, mikilvægi, frumleika, gæðum myndefnis o.s.frv. Heimurinn er samkvæmt fréttamiðlum hlutlægur, fjölmiðlar leita upp hið óvenjulega og ofbeldi og munu halda því áfram (Hoge 1994:143). Oft er nefnt eirðarleysi og lélegt athyglisgrip fjölmiðla. Þegar frétt hefur verið fylgt eftir í örfáar vikur heldur „sirkusinn“, eins og Carruther (2000:238) segir, áfram. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að ólíklegt sé að fjölmiðlar fjalli um fleiri en eina kreppu eða hættuástand á alþjóðavettvangi í einu (Brauman 1993:154, Girardet 1996:57). Annar þáttur sem vinnur gegn útskýringum og samhengi er rík áhersla á sterkt myndmál.

Fjölmiðlum kennt um

Fjölmiðlum er almennt kennt um yfirgnæfandi neikvæða sýn á þróunarlöndin (VSO 2000:6, Mc Donnell ofl. 2002:13). Til varnar sjónvarpsfréttum er þó rétt að nefna að eftir eðli fjölmiðilsins er myndefni nauðsyn sem getur takmarkað fréttaflutninginn; ef ekkert er myndefnið er flutningurinn enginn (Gowing 1996:81). Enn treysta sjónvarpsfréttamiðlar oft á efni frá öðrum eða þriðja aðila þegar fjallað er um fjarlæg lönd sem kemur niður á nákvæmni (Myers ofl. 1996:24).

Hliðverðir og aðrar hindranir

„Fréttir frá Afríku þykja almennt bara stórfréttir þegar þær varða fjöldann allan af líkum“ - Keane 1996:7.

Til að skilja til fulls hvers vegna ekki er fjallað um Afríku eða þá hvers vegna fjallað er um hana á þann hátt sem gert er þurfum við að skilja fréttaval sem stundum er vísað til sem hliðvörslu (e. gatekeeping) ritstjóra. Reglur hliðvarðanna eru bæði „skrif- aðar og óskrif- aðar, undir áhrifum af fordæmum og fordómum og breytast í sífellu“ (Schechter 1999:54). Ráðandi þættir við fréttaval, sem gjarnan er vísað til, eru m.a. mikilvægi, nálægð, sérstæði, tímasetning, staðsetning, aðgangur, öryggi, flutningar, kostnaður og „kannski kynþáttur og þjóðflokkur“ (Livingston 1996:72). Þegar hliðverðir eru hafðir í huga verður ljóst af hverju fjölmiðlar flytja tiltekna frétt. Þegar loks hefur verið unninn bugur á hluttekningarpreytu (e. compassion fatigue) er fréttin unnin eftir föstum reglum hvað varðar stíl, orðfæri, heimildir, tímaröð og tákmyndir (Moeller 1999:14) til að tryggja að hún sé í takt við væntingar og fyrirframmótaðar hugmyndir áhorfenda. Flestar frásagnir eru fyrirsjáanlegar.

Hlutlægt val á kreppum eða hættuástandi

Það er enginn hörgull á harmleikjum þegar að því kemur að velja erlenda frétt dagsins um kreppu eða hættuástand í fjarlægum löndum fyrir kvöldfréttirnar sem eru látnar í té af fréttastofum. Þessi ábyrgð verður ríkari þegar það er viðurkennt að fréttamiðillinn hefur gríðarlegt vald til dagskrárgerðar (Carruthers 2000:8).

„Við ritstjórnarnir veljum og höfnum, úrvalið er líkt og að velja úr hillumetrum af morgunverðarkorni. Einn daginn Nagorno Karabakh. Næsta dag Tadsjikistan eða kannski Georgía eða Afganistan, svo dálítið frá Angóla, Líberíu eða Jemen og kannski Alsír ef við erum heppin. Allt streymir þetta eirðarlaust um viðtækin. Margt af því er aldrei sent út“ - Gowing 1996:81.

Útsendingartími dugir aldrei til og því er þörf á einföldum fréttum með þektri frásagnaraðferð (Wolfsfeld 1997:150-151). Fréttir eru á engan hátt frábrugðnar öðru dagskrárefni í sjónvarpi, þær þurfa líka að passa innan tiltekins tímaramma. Því þarf valið

myndefni að fá sína rödd og gildi hjá fréttamanni; fréttir eru aldrei „sagðar frá hlutlausu sjónarhorni“ (Carruthers 2000:17).

Hluttekningarpreyta

„... *hluttekningarpreyta er leið til að skýra af hverju við látum okkur ekki aðra varða í sama mæli og okkur sjálf*“ - Moeller 1999:304.

Hluttekningarpreyta er ástæðan fyrir því að við kjósum að fletta blaðinu eða skipta um rás svo við þurfum ekki að horfa upp á þjámningar fólks. Þessu mætti lýsa sem mannlegu eða sem „leið mannsins til að lifa af“ (Moeller 1999:53). Þau neikvæðu áhrif sem hluttekningarpreytan hefur á allar mikilvægar áhorfskannanir styrkir þó þennan formúlufrétttaflutning og grunnan skilning í sessi. Þetta villandi „siðbótarleikrit“ (Hammock og Charny 1996:115) sem fjölmiðlar bjóða stöðugt upp á leiðir óhjákvæmilega til þreytu og almenns skorts á áhuga sem leiðir aftur til þess að Afríku er sleppt í fréttunum, t.d. „Súdan er aldrei frétt“ (Rosenblum 1993:22) eða „fréttleysa um að maður bítur hund“ (Livingston 1996:84). Það vakti athygli að annar fréttamanna RÚV notaði hugtakið „*Afríkupreyta*“ í svörum sínum fyrir þessa rannsókn.

Um ramma og myndir

Mikið hefur verið skrifað um römmun sem er að nokkru leyti trosnað hugtak sem hefur oft verið skilgreint of vítt og of almennt. Römmun er lýsing á því hvernig texta eða frétt er pakkað inn með hliðsjón af tóni, merkingu, orðaforða og uppröðun (Parenti 1986:220). Römmun leiðir hugsun viðtakandans, setur sig yfir vitund hans. Jafnvel stakt orð getur breytt skilningi viðtakanda algerlega ef það passar við fyrirframmótaðar hugmyndir hans. Af þessu leiðir að ef boðmiðlarar (fréttamenn) sleppa vissum orðum eða hugtökum, sem hafa þegar öðlast sess og viðurkenningu í vissri orðræðu, getur útkoman verið skertur trúverðugleiki boðmiðlara og takmarkaður skilningur viðtakanda. Þetta skýrir hvers vegna sömu nýju fréttirnar virðast fluttar sí og æ með sama myndmálinu og sama staglkennda orðforðanum. Samkvæmt Parenti (1986:220) er áhrifamesti áróðurinn settur fram með römmun sem leiðir til þess að áhorfandanum er sagt hvað honum á að finnast um frétt áður en hann er orðinn fær um móta sína eigin skoðun.

Greiningaraðferðir

-Þessari rannsókn er skipt í tvo hluta. Nálgunin í fyrri hlutanum, sem er greining á safni fréttamynda frá þremur norrænum sjónvarpsstöðvum, er tvíþætt: annars vegar er athygli beint að myndum og hins vegar að texta. Í síðari hlutanum eru settar fram niðurstöður tveggja ólíkra spurningalista sem fréttamenn og sérfræðingar í þróunarmálum svöruðu.

Vandamál og takmarkanir

Draga má í efa hvort hægt sé að bera saman þrjár fréttastofur sem hafa yfir að ráða afar ólíku fjármagni og eru afar ólíkar að stærð. RÚV þjónar einungis um 315.000 manns, hefur takmarkað fjármagn og reiðir sig því meira en aðrir á fréttir frá öðrum fréttastofum á meðan DR og NRK starfa báðar í löndum með fimm til sex milljón íbúa. Þar sem bæði úrtakið er lítið og rannsóknartími stuttur er ekki unnt að draga almennar ályktanir af niðurstöðunum.


Niðurstöður greiningar á fréttamyndum

Yfir tveggja vikna tímabil fluttu fréttastofurnar þrjár alls átta fréttir af Afríku. Best mátti sjá hvernig umfjöllun um Afríku er sleppt í útsendingum RÚV en þar var engin frétt um Afríku send út á rannsóknartímabilinu.

Einungis tvær fréttir um Afríku voru sendar út í öllum fréttapáttum NRK á rannsóknartímabilinu og voru alls 50 sekúndur að lengd. Þær sautján sekúndur sem var varið í súlúdans í Svasílandi styðja fullkomlega það sem hefur verið haldið fram um áhuga sjónvarps á hinu furðulega við Afríku (DFID 2000:1). Átökunum í Darfur og vangaveltum á þeim tíma um þjóðarmorð, voru ekki gerð nein skil af hálfu NRK á rannsóknartímabilinu.

DR varði mestum útsendingartíma í fréttir af Afríku í fréttayfirlitum sínum en alls voru þær sex og fylltu upp í sex mínútna og fjögurra sekúndna útsendingartíma. Þrjár fréttanna fjölluðu um Darfur. Greina má afgerandi römmun í fréttum DR um Darfur og möguleg áhrif á stefnumótendur sem byggist á hvorttveggja verkum Robinsons (1999, 2001, 2002) um römmun og CNN-áhrifin. Það er alls ekki ljóst hvers vegna fólk lætur lífið í Darfur þar sem þær þrjár fréttir um Darfur, sem DR sendi út, skortir ítarlegar upplýsingar með öllu. Hins vegar var reynt að gefa bakgrunnsupplýsingar í einni frétt. Í hinum tveimur er óljóst hverjir eru að berjast við hvern og hvers vegna – það eina sem er ljóst er að átök eiga sér stað og 50.000 hafa látið lífið. Brookes (1995:479) hefur sýnt fram á hvernig Afríkubúar eru oftast nefndir sem „fjöldi fólks sem dó“.

Darfur hefur augljóslega ekki náð inn á forgangslista sjónvarpsfréttaritstjóra NRK og RÚV yfir rannsóknartímabilið. Gæði og umfang dönsku fréttanna umfram þær norsku og íslensku eru tölverð. Ef marka má niðurstöður þessarar rannsóknar dregur umfjöllun norrænna sjónvarpsstöðva upp frekar neikvæða mynd af Afríku fyrir áhorfendur. Fyrir liggur að algeng leið til að fjalla um Afríku í norrænum sjónvarpsfréttum er að sleppa þeim. Aftur á móti er ekki hægt að taka því sem fullgildum sannindum í ljósi þess að rannsóknartímabilið var einungis tvær vikur. Niðurstöðurnar eru því einungis merki eða vísbending um þeim sé sleppt.



Mynd: Gunnar Salvarsson

*Þær fáu fréttir sem sagðar eru frá Afríku og komast í gegnum nálaraugað, passa við hugmyndina um fátækt og vansæld.
Myndin er frá Namibíu.*

Niðurstöður úr spurningalistunum

Sjálfsgagt er að veita því athygli að persónulegar skoðanir svarenda um álfuna eru mun jákvæðari en myndin sem þeir segja fréttamiðilinn draga upp. Mörg áhugaverð svör fengust við spurningunni „Hverju þarf að breyta í frétttaflutningi, ef einhverju?“. Áberandi var í svörum sérfræðinga í þróunarmálum að þeir töldu að fjölmiðlar hefðu lítinn áhuga á þróunaraðstoð nema hún mistækist (NORAD 1). Svör fréttamanna fimm um hvaða viðmiðanir væru notaðar til að ákveða hvaða fréttir skyldi flytja af Afríku gáfu innsýn í það ferli sem liggur að baki ritstjórnarlegum ákvörðunum. „*Hughrif, áhrifamikill atburður og kynþáttur*“ er viðmiðunin samkvæmt NRK 1, svo og aðild eigin lands. Norski fréttamaðurinn talaði um vísi að kynþáttfordómum eða að áhugi vaknaði einfaldlega einungis ef hvítir menn væru þátttakendur.

Það vakti athygli mína að íslensku fréttamennirnir tveir sögðu að fréttir frá Afríku væru metnar á sama hátt og aðrar, þ.e. að þær fengju sömu meðferð hjá hliðvörðunum á meðan danskir starfsbræður þeirra lýstu því yfir að fréttir frá Afríku þyrftu að vera sérstakar eða áhrifamiklar (DR 1). Sjónarhorn norrænu fréttamanna var á heildina litið neikvætt þar sem flestir þeirra töldu að frétttaflutningur um Afríku í löndum þeirra væri takmarkaður og einsleitur.

Niðurstaða

„*Vandamálið er að berjast gegn þeirri tilhneigingu í frétttaflutningi að vera fyrstur með fréttina (hamfarir, stríð, hungur) sem er ríkjandi meðal ritstjóra – það mun taka langan tíma*“ (DR 1)

Í þessari ritgerð er komist að þeirri niðurstöðu að „mikilvægasta einstaka hindrunin við að tengja áhorfendur við fréttir um þróunarlöndin er skortur þeirra á bakgrunnsþekkingu“ (DFID-BBC 2002:2); leiðin til að leysa úr þessu er einkum að bæta frétttaflutning og síðan auka hann. Glasgow Media Group segir að ef þeir sem sendi út efni „verði ekki látnir axla ábyrgð á fjölðaframleiðslu vanþekkingar“ þá þurfi að endurskoða forgangsroðun þeirra og umfang (GMG 2006).

Meðal annarra ályktana sem draga má af niðurstöðunum er að fjölmiðlar stuðli að og styðji við nýlenduhugsun, hálfildings kynþáttahatur og útlendingahræðslu meðal viðtakenda sinna með gallaðri, takmarkaðri og eða engri frétttaumfjöllun um Afríku. Ögra þarf þegar í stað þeirri viðteknu skoðun meðal margra þeirra sem starfa við fjölmiðlun að almenningur hafi ekki áhuga á erlendum fréttum. Eins og Hammock og Charny (1996:126) settu það fram: „Hvernig á almenningur að vita um það sem höfðar ekki til hans ef hann hefur ekki aðgang að grundvallarupplýsingum?“ Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að fréttir af Afríku í norrænu sjónvarpi séu yfir höfuð fáar, einfeldningslegar, fyrirsjáanlegar, neikvæðar og stundum einkennilegar og til þess fallnar að styrkja þá tilfinningu áhorfenda að álfan sé vanþróuð og í hlutverki þolanda.

Heimildir

- Beattie, L., Miller, D., Miller, E. og Philo, G. (1999). “The media and Africa: Images of disaster and rebellion” í Philo, G. (ritstj.), *Message Received: Glasgow Media Group Research 1993-1998*. New York: Longman. 229-267.
- Brauman, R. (1993). “When Suffering Makes a Good Story” in Jean, F. (ritstj.) *Life, Death and Aid: The Médecins Sans Frontières Report on World Crisis Intervention*. London: Routledge. 149-158.
- Brookes, H. J. (1995). “Suit, tie and a touch of juju” – the ideological construction of Africa: a critical discourse analysis of news on Africa in the British press”. *Discourse and Society*. 6(4). 461-494.
- Carruthers, S.L. (2005). “Tribalism and tribulations: media constructions of “African savagery” and “Western humanitarianism” in the 1990s” í Allan, S. and Zelizer, B. (ritstj.), *Reporting War: Journalism in Wartime*. London: Routledge. 155-173.
- Carruthers, S.L. (2000). *The Media at War: Communication and Conflict in the Twentieth Century*. London: Palgrave Macmillan.
- Cate, F.H. (1996). “Communications, Policy-Making, and Humanitarian Crises” í Rotberg, R. I. og Weiss, T. G. (ritstj.), *From Massacres to Genocide: The Media, Public Policy, and Humanitarian Crisis*. Washington D.C.: The Brookings Institution. 15-44.
- DFID (2000). “Viewing the World: A Study of British television coverage of developing countries”. Department for International Development. July 2000.
- DFID-BBC (2002). “Making Sense of the World: A joint BBC News – DFID study of public perceptions of television news coverage of developing countries”. Department for International Development and British Broadcasting Company. October 2002.
- Girardet, E. R. (1996). “Reporting Humanitarianism: Are the New Electronic Media Making a Difference?” í Rotberg, R. I. og Weiss, T. G. (ritstj.), *From Massacres to Genocide: The Media, Public Policy and Humanitarian Crisis*. Washington D.C.: The Brookings Institution. 45-67.
- GMG (2006). “Media coverage of the developing world: audience understanding and interest”. Glasgow Media Group. Department of Sociology, Anthropology and Applied Social Sciences. *Glasgow Media Unit*. Accessed June 15th 2006 at: <http://www.gla.ac.uk/departments/sociology/units/media/debate.htm>
- Gowing, N. (1996). “Real-time TV Coverage from War” í Gow, J., Paterson, R. and Preston, A., *Bosnia by Television*. London: British Film Institute. 81-91.
- Gurevitch, M., Levy, M., og Levy, I. (1991). “The Global Newsroom: Convergences and Diversities in the Globalization of Television News” í Dahlgren, P. and Sparks, C. (ritstj.), *Communication and Citizenship: Journalism and the Public Sphere*. London: Routledge.
- Hammock, J. C. og Charny, J. R. (1996). “Emergency Response as Morality Play: The Media, the Relief Agencies, and the Need for Capacity Building” in í Rotberg, R. I. og Weiss, T. G. (ritstj.), *From Massacres to Genocide: The Media, Public Policy and Humanitarian Crisis*. Washington D.C.: The Brookings Institution. 115-135.
- Hawk, B.G. (1992). *Africa's Media Image*. New York: Praeger Publishers.
- Hoge, J.F. Jr. (1994). “Media Pervasiveness”. *Foreign Affairs*. 73(4). 136-144.
- Jarosz, L. (1992). “Constructing the dark continent: Metaphor as geographic representation of Africa”. *Geografiska Annaler*. 74(2). 105-115.
- Keane, F. (1996). *Season of Blood: A Rwandan Journey*. Harmondsworth: Penguin.
- Livingston, S. (1996). “Suffering in silence: Media Coverage of War and Famine in the Sudan” í Rotberg, R. I. og Weiss, T. G. (ritstj.), *From Massacres to Genocide: The Media, Public Policy, and Humanitarian Crisis*. Washington D.C.: The Brookings Institution. 68-89.
- McDonnell, I., Solignac Lecomte, H.B. og Wegimont, L. (2002). Public Opinion Research, Global Education and Development Co-operation Reform: In Search of a Virtuous Circle. *Europe-Wide Global Education Congress*, Maastrecht. November 15th-17th 2002. North-South Centre of the Council of Europe & OECD Development Centre. Paris: OECD.
- Moeller, S.D. (1999). *Compassion Fatigue: How the Media Sell Disease, Famine, War and Death*. New York: Routledge.
- Myers, G., Klak, T. og Koehl, T. (1996). “The inscription of difference: news coverage of the conflicts in Rwanda and Bosnia”. *Political Geography*. 15(1). 21-46.
- Natsios, A. (1996). “Illusions of Influence: The CNN Effect in Complex Emergencies” in Rotberg, R. I. og Weiss, T. G. (ritstj.), *From Massacres to Genocide: The Media, Public Policy, and Humanitarian Crisis*. Washington D.C.: The Brookings Institution. 149-168.
- OECD (2005) April 11th 2005. Sótt 16. júní 2006 frá: <http://www.oecd.org/dataoecd/40/3/35389786.pdf>
- Parenti, M. (1986). *Inventing Reality: The Politics of the Mass Media*. New York: St. Martin's Press.

- Philo, G. (2001). "An Unseen World: How the Media Portrays the Poor". Point of View. UNESCO Webworld. Communication and Information in the Knowledge Society. November 27th 2001. Sótt 15. júní 2006 frá: http://www.unesco.org/webworld/points_of_views/271101_philo.shtml
- Philo, G. (ed.). (1999). *Message Received: Glasgow Media Group Research 1993-1998*. New York: Longman.
- Philo, G., Hilsun, L., Beattie, L. og Holliman, R. (1999). "The media and the Rwanda crisis: effects on audiences and public policy" í Philo, G. (ed.), *Message Received: Glasgow Media Group Research 1993-1998*. New York: Longman. 213-228.
- Robinson, P. (2002). *The CNN Effect: The myth of news, foreign policy and intervention*. London: Routledge.
- Robinson, P. (2001). "Operation Restore Hope and the Illusion of a News Media Driven Intervention". *Political Studies*. 49. 941-956.
- Robinson, P. (1999). "The CNN Effect: Can the News Media Drive Foreign Policy?". *Review of International Studies*. 25(2). 301-309.
- Rosenblum, M. (1993). *Who Stole the News? Why We Can't Keep Up With What Happens in The World and What We Can Do About It*. New York: John Wiley & Sons, Inc.
- Schechter, D. (1999) *The More You Watch The Less You Know: News Wars! (Sub)Merged Hopes/Media Adventures*. New York: Seven Stories Press.
- Tompkins, A. (2002) *Aim for the Heart: A Guide for TV Producers and Reporters*. Los Angeles: Bonus Books.
- VSO (2006) "Reflecting the real world: How British TV portrayed developing countries in 2005". Voluntary Service Overseas. April 3rd. Sótt 21. apríl 2006 frá: http://www.vso.org.uk/Images/reflecting_the_real_world_tcm8-6530.pdf
- Wolfsfeld, G. (1997) *Media and Political Conflict: News from the Middle East*. New York: Cambridge University Press.

Skrá yfir fréttamyndir sem voru greindar á rannsóknartímabilinu

- DR, 9. september 2004. Darfur Deadline.
- DR, 9. september 2004. Powell.
- DR, 10. september 2004. Darfur Deadline.
- DR, 10. september 2004. Tutu Deadline.
- DR, 10. september 2004. Tutu.
- DR, 12. september 2004. Ítalía, flóttamenn.
- NRK, 7. september 2004. Suður-Afríka, Naude deyr.
- NRK, 13. september 2004. Súlúdans.

Aðrar fréttamyndir

- RÚV, 26. ágúst 2004. Ný málaferli ESB.
- RÚV, 15. september 2004. Suður-Afríka, AIDS þorp.
- RÚV, 27. september 2004. Líberskir flóttamenn.
- RÚV, 28. september 2004. ICRC-skóli í Sierra Leone.
- RÚV, 28. september 2004. Olíuverð.
- RÚV, 28. apríl 2006. Harry prins heimsækir Lesótó.

Viðauki

Spurningalisti fyrir starfsmenn þróunarstofnana

1. Hvaða myndir og orð koma þér fyrst til hugar þegar þú hugsar um Afríku?
2. Hvaða myndir og orð eru algengust í fréttaflutningi af Afríku að þínu mati og hvaða skilning myndirðu segja að áhorfandi leggi í hann og hverjum er hann í hag?
3. Hvaða álit hefurðu á fréttaflutningi í sjónvarpi af Afríku í landi þínu? Vinsamlegast settu fram gagnrýna greiningu.
4. Hvaða ástæður liggja að baki þeim fréttaflutningi að þínu mati?

5. Hefur fréttaflutningurinn verið lakari vegna alvarlegra annmarka eða þess að lykílatburðum var sleppt að þínu mati? Vinsamlegast útskýrðu.
6. Hvaða mögulegar afleiðingar/áhrif þessa fréttaflutnings detta þér í hug í þinni stöðu eða veistu af?
7. Hverju þarf að breyta, ef einhverju, í fréttaflutningnum?
8. Telurðu að þróunaraðstoð stýri því um hvaða fréttir frá Afríku er fjallað? Vinsamlegast útskýrðu.

Spurningalisti fyrir fréttamenn

1. Hvaða myndir og orð koma þér fyrst til hugar þegar þú hugsar um Afríku?
2. Hvaða myndir og orð eru algengust í fréttaflutningi af Afríku að þínu mati og hvaða skilning myndirðu segja að áhorfandi leggi í hann og hverjum er hann í hag?
3. Hvaða viðmiðanir eru notaðar til þess að ákveða hvaða fréttir frá Afríku verða fluttar?
4. Vinsamlegast segðu álit þitt á gæðum og nákvæmni fjölmiðlaflutnings af Afríku í þínu landi.
5. Hverjar heldurðu að séu ástæðurnar fyrir þeim fréttaflutningi?
6. Hverju þarf að breyta, ef einhverju, í fréttaflutningnum?
7. Hvaða mögulegar afleiðingar/áhrif þessa fréttaflutnings detta þér í hug í þinni stöðu eða veistu af?
8. Vinsamlegast segðu álit þitt á því hvernig viðfangsefni annarra alþjóðlegra miðla hafa áhrif á eðli fréttar af Afríku í þínu landi?
9. Hver er markhópurinn og hvert er þitt álit á því hver áhugi þeirra á fréttum af Afríku er?

Upphafsstafaorð

BBC	British Broadcasting Corporation
DANIDA	Danish International Development Agency
DFID	UK Department for International Development
DR	Denmark's National Broadcasting Corporation
EU	European Union
GMG	Glasgow Media Group
GNI	Gross National Income
ICEIDA	Icelandic International Development Agency
ICG	International Crisis Group
ICID	International Commission of Inquiry on Darfur
ICRC	International Committee of the Red Cross
IMF	International Monetary Fund
MFA	Ministry for Foreign Affairs, Iceland
NORAD	Norwegian Agency for Development Cooperation
NRK	Norwegian Broadcasting Corporation
ODA	Official Development Assistance
OECD	Organisation of Economic Cooperation and Development
RUV	Ríkisútvarpið
UK	United Kingdom
UN	United Nations
US	United States
VSO	Voluntary Service Overseas

Mæðrahús: Árangursrík aðferð við að ná Púsaldarmarkmiðunum

Eftir Gerði Gestsdóttur



Mýnd: Erla Siguríaug Sigurðardóttir

Starfsfólk mæðrahússins í Camoapa, Níkaragva.

Gerður Gestsdóttir er verkefnastjóri félagslegra verkefna hjá Prúnarsamvinnustofnun Íslands í Níkaragva. Hún lauk BA-prófi í mannfræði frá Háskóla Íslands 1994 og MA-prófi í sömu grein með áherslu á þróunarfræði frá háskólanum í Manchester 1997. Eftir það hefur Gerður starfað á sviði alþjóða- og þróunarmála, m.a. hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og hjá Alþjóðahúsi en einnig við þýðingar og stundakennslu við HÍ í meistaranámi í þróunarfræði. Á árunum 2000-2002 bjó Gerður í Níkaragva þar sem hún starfaði m.a. sem ráðgjafi fyrir innlent ráðgjafafyrirtæki á sviði þróunarsamvinnu og gerði mannfræðilega rannsókn á meðal bænda í þeim tilgangi að auðvelda þeim sem vinna að þróunarverkefnum að ná árangri í starfi sínu. Frá 2007 hefur hún starfað fyrir ÞSSÍ í Níkaragva.

Á hverju ári deyr fjöldi kvenna í Níkaragva í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Helsta orsök þessa mæðradauða er skortur á aðgengi að heilbrigðisþjónustu og fátækt. Níkaragva er strjálbýlt land og því ekki hægt að hafa heilsugæslustöðvar innan seilingar fyrir alla, en þó er hægt að gera ófrískum konum auðveldara fyrir með að nálgast þjónustuna – og þannig urðu mæðrahúsin til.

Barátta við að draga úr mæðradauða

Mæðrahús er griðarstaður þar sem ófrískar konur úr strjálri byggðum geta dvalið síðustu daga eða vikur fyrir fæðingu og þá fyrstu eftir hana. Húsin eru alltaf í nágrenni spítala eða heilsugæslustöðvar þar sem tekið er á móti börnum. Í húsunum fá konurnar ókeypis fæði og húsnæði meðan á dvölinni stendur, daglega lækni skoðun, fræðslu um umönnun og næringu ungbarna, getnaðarvarnir, hreinlæti, heimilisofbeldi og fleira. Þegar að fæðingu kemur er stutt á heilbrigðisstofnun þar sem þær geta fætt undir eftirliti fagfólks. Húsin eru aðallega ætluð konum sem búa við áhættu á meðgöngunni vegna aldurs, veikinda eða fyrri fæðinga.

Hátt í helmingur þeirra rúmlega 5 milljóna sem búa í Níkaragva býr í dreifbýli. Um 70% þeirra búa við fátækt en á landsvísi býr um helmingur við fátækt (Systemas, 2007). Fátækt og mæðradauði er nátengd því eins og segir í stefnu heilbrigðisráðuneytisins um kynheilsu þá er

“mæðradauði mælieining sem sýnir félagslegt jafnrétti og kynjajafnrétti. Í okkar landi eru fyrir hendi þættir sem stuðla að mæðradauða, t.d. blóðleysi og næringarskortur kvenna, ólæsiltil formleg menntun, mikill fjöldi fæðinga, fátækt, lítið aðgengi að heilbrigðisþjónustu, getnaðarvarnir ekki notaðar, lítið eða ekkert eftirlit á meðgöngu, heimafæðingar með aðstoð yfirsetukvenna og fjölskyldu, bannhelgi, seint leitað



Mynd: Gunnar Salvarsson

Í mæðrahúsunum fá konurnar ókeypis fæði og húsnæði meðan á dvölinni stendur, daglega lækni skoðun, fræðslu um umönnun og næringu ungbarna, getnaðarvarnir, hreinlæti, heimilisofbeldi og fleira. Myndin er frá Bluefields, Nikaragva.



Mynd: Eiría Sigurðaug Sigurðardóttir



Mynd: Gunnar Salvaesson

Þátttaka samfélagsins í rekstri mæðrahúsanna skiptir miklu máli. Myndirnar eru frá Níkaragva.

aðstoðar þegar upp koma vandamál í fæðingu, ófullnægjandi þjónusta á heilbrigðisstofnunum, ofbeldi gagnvart konum, óruggar fóstureyðingar og sjálfsvíg" (MINSAs, 2006: 15).

Fyrsta mæðrahúsið var opnað í lok áttunda áratugarins að frumkvæði kvennasamtaka. Fyrst var um að ræða eins konar fæðingarheimili sem voru rekin af frjálsum félagasamtökum en óháð yfirvöldum. Á tíunda áratugnum áttu mæðrahúsin ekki upp á pallborðið hjá stjórnvöldum af pólitískum ástæðum en rétt fyrir árið 2000 komu heilbrigðisyfirvöld á ný að rekstri húsanna og var þeim breytt í núverandi form mæðrahúsa. Heilbrigðisráðuneytið ber ábyrgð á faglegum þáttum í rekstrinum og að tryggja þjónustuna en frjáls félagasamtök annast daglegan rekstur.

Kvennasamtök sjá um rekstur á helmingi húsanna sem nú eru tæplega 60. Auk þeirra sjá bændasamtök, trúarhópar, Rauði krossinn og önnur félagasamtök um rekstur margra húsa. Svo kallaðir „vinahópar“ styðja flest húsanna með því að safna peningum og tryggja aðstoð við starfsemi hússins. Þessi aðkoma frjálsra félagasamtaka og almennings að rekstri húsana er lykilstóri þvi að konurnar nýta sér þau ekki nema samfélagið hafi eignarhald á þeim. Árið 2006 komu rúmlega 9.500 konur í mæðrahúsin sem þá voru um 50 (Medrano, 2007).

Net heilbrigðisþjónustu í Níkaragva er þannig byggt upp að héraðssjúkrahús eru á stærstu stöðunum. Þá eru heilsugæslustöðvar, ýmist með eða án legurúma og fæðingarþjónustu, á minni stöðum en til sveita eru útibú heilsugæslustöðvanna yfirleitt með einungis einum lækni. Síðasti hlekkurinn í þjónustunni eru „brigadistas“ og „parteras“, sem eru ólaunaðir og ómenntaðir sjálfboðaliðar, fólk sem nýtur virðingar og trausts í sinni sveit, tekur þátt í bólusetningarherferðum og situr yfir barnsfæðingum. Þetta fólk býr í sveitunum en á að fá einhverja þjálfun og lágmarksbúnað hjá heilsugæslustöðvunum. Sú er þó ekki alltaf raunin.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur staðið að byggingu fimm mæðrahúsa í Níkaragva. Tvö þeirra eru á Atlantshafsströndinni, þar sem tíðni mæðradauða er hvað hæst. Annað þeirra er þegar orðið of lítið og stendur til að byggja við það því með bættri þjónustu eykst eftirspurnin.

Þátttaka samfélagsins skiptir sköpum

Þegar nýtt hús er opnað þarf að kynna það, hlutverk þess og reka áróður fyrir því að konurnar komi í húsið. Þar gegna „parteras“, yfirsetukonurnar, miklu hlutverki. Stöðugt er unnið að því hjá heilbrigðisráðuneytinu að þjálfa þær í því að þekkja einkenni hættu á meðgöngu þannig að þær geti vísað þeim sem þurfa á að halda í mæðrahúsin.

Þær konur sem helst koma í mæðrahúsin eru þær sem taldar eru í áhættu vegna aldurs, ýmist yngri en 19 ára eða eldri en 35 ára. Há fæðingartíðni meðal ungra stúlkna er mikið vandamál.

Árið 2001 hafði rétt tæpur helmingur 20 til 24 ára kvenna átt barn fyrir tvítugt. Hlutfallið er enn hærra í dreifbýlinu, sem mæðrahúsin sinna, og fer hækkandi eftir því sem konurnar eiga styttri skólagöngu að baki. Árið 2001 voru 119 fæðingar á hverjar 1.000 stúlkur á aldrinum 15 til 19 ára, fjórðungur allra fæðinga í Níkaragva er hjá stúlkum á þessum aldri (Blandón et al., 2006). Á Íslandi á eitt barn af hverjum fimmtíu móður sem er 19 ára eða yngri (Hagstofa Íslands). Gallinn við opinberar tölur er sá að þær ná ekki til stúlkubarna yngri en 15 ára en þær eru tíðir gestir í mæðrahúsunum. Hjá konum eldri en 35 ára er vandamálið gjarnan, auk aldurs, fjöldi fyrri fæðinga sem eykur hættuna á að vandamál komi upp.

Pó er margt sem kemur í veg fyrir að konur nýti sér þjónustu mæðrahúsanna og heilbrigðiskerfisins. Stærsta hindrunin er aðgengi. Margar konur þurfa að ganga klukkutímum saman og/eða sigla á bátkænum til að komast að veginum og bíða þar eftir rútunni sem fer í þéttbýlið. Ferðin í mæðrahúsið getur því tekið marga daga og kostað umtalsvert fyrir konu sem hefur litlar eða engar tekjur. Þegar kona er orðin veik getur hún ekki tekist á hendur slíkt ferðalag.

Önnur hindrun er menningin, bæði viðhorf kvennanna sjálfra, eiginmanna þeirra og samfélagsins. Margar konur vilja frekar fá aðstoð yfirsetukonu við fæðinguna en að karllæknir sinni þeim á heilsugæslustöðinni og þeim finnst erfitt að fara að heiman og skilja börn og heimili eftir án eftirlits (Kok, 2007: 37). Ekki síðri hindrun er „machismo“, karlrebbmenningin, en eiginmennirnir eru oft á móti því að konan fari af heimilinu og sérstaklega að henni sé sinnt af öðrum karlmönnum. Einnig sýna rannsóknir að um helmingur þeirra kvenna, sem ekki nýta sér þjónustu mæðrahúsanna, veit ekki af þeim (Kok, 2007: 56).

Einmitt þess vegna skiptir þátttaka samfélagsins í rekstri mæðrahúsanna svo miklu máli því að þar sem bæði presturinn og útvarpið og helstu félög á svæðinu leggjast á eitt við að reka áróður fyrir notkun húsanna hlýtur þjónustan hljómgrunn og þannig ná upplýsingar um starfsemi þeirra til flestra. „Að koma í veg fyrir mæðradauða kallar ekki endileg á notkun flókinnar tækni heldur mun frekar á félagslega skuldbindingu gagnvart heilbrigði almennings sem hvetur til upplýsingar um heilbrigði með aðstoð fjölmiðla og aðila samfélagsins“ (Kok, 2007:10).

Há tíðni mæðradauða

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er mæðradauði skilgreindur sem dauði konu meðan á þungun stendur eða innan 42 daga frá lokum þungunar, óháð meðgöngulengd og staðsetningu fóstursins, af hvers konar orsökum sem tengjast eða hafa aukist vegna þungunarinnar eða meðferðar við þunguninni, en ekki vegna slysa eða einstakra atburða (WHO, 2007). Tíðni mæðradauða er skilgreind sem fjöldi kvenna sem deyja á hver 100.000 lifandi fædd börn.

Í Níkaragva árið 2007 var þessi tíðni 95,5. Líkurnar á því að kona frá Níkaragva deyi vegna þungunar á lífsleiðinni eru 1:150 en fyrir íslenska konu eru líkurnar 1:12.700 (WHO, 2007). Samkvæmt Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna hefði tíðni mæðradauða á heimsvísu verið að lækka undanfarin ár en lækkunin hefði þurft að vera fimm sinnum meiri en raunin hefur verið til að ná Þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna (UNFPA, 2008).

Þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna númer fimm er að minnka tíðni mæðradauða um 75% fyrir 2015, samanborið við 1990. Það þýðir að í Níkaragva lækki tíðni mæðradauða niður í 40 á næstu sjö árum. Það þarf mikið að gerast til að þetta markmið náist en einmitt þess vegna leggja yfirvöld Níkaragva áherslu á mæðrahúsin sem raunhæfasta kostinn til að færa heilbrigðisþjónustu nær þeim svæðum þar sem flestar mæður deyja.

Sú þjónusta sem konur hafa aðgang að vegna mæðrahúsana stuðlar ekki bara að því að Þúsaldarmarkmiðið um bætta heilsu kvenna náist heldur leggur hún líka sitt til Þúsaldarmarkmiðs númer fjögur sem er að lækka tíðni ungbarnadauða. Aukið eftirlit á meðgöngu og eftir fæðingu, fæðing með aðstoð fagfólks og sú fræðsla sem konurnar fá um heilsu og næringu ungbarna skiptir miklu máli í því samhengi.

Algjört bann við fóstureyðingum

En á sama tíma og gengið er til verks af fullum hug við að lækka tíðni mæðradauða með eflingu mæðrahúsanetsins er rúmlega aldargömlum lögum um fóstureyðingar breytt og þær bannaðar án undantekninga. Í lok 19. aldar voru samþykkt lög sem leyfðu fóstureyðingu ef þrjár læknar vottuðu að líf móður væri í hættu. Þessi lög voru numin úr gildi haustið 2006 og fóstureyðingar gerðar ólöglegar í öllum tilfellum, að viðlögðum refsingum fyrir þann sem aðstoðar við fóstureyðinguna. Sú refsing er þyngri ef það er heilbrigðisstarfsmaður sem aðstoðar konu við að eyða fóstri. Konan sem fer í fóstureyðingu er líka sakhæf samkvæmt þessum lögum (Asamblea Nacional, 2007: 143). Þessi lagabreyting gengur í berhöggið við stefnu ríkisstjórnarinnar, stjórnarskrá landsins, ýmis lög og fjöldann allan af alþjóðasáttmálum um mannréttindi og réttindi kvenna til lífs og heilsu, auk þess að hafa verið sett þrátt fyrir andstöðu heilbrigðisráðuneytisins, læknasamtaka, mannréttindasamtaka og fleiri (Gómez, 2007: 5-6).

Með það í huga að undanfarin ár hafa kringum 5.000 fóstureyðingar af lækni-fræðilegum ástæðum verið framkvæmdar árlega á spítólum er ljóst að þessi lög munu auka mæðradauða. Auk þess bendir margt til þess að með tilkomu þessara laga og refsiramma þeirra hafi aðgengi að óöruggum fóstureyðingum minnkað líka, sérstaklega þeim sem heilbrigðismenntað fólk bauð uppá.

Af þeim 192 löndum sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum eru aðeins fimm, þar á meðal Níkaragva, sem banna allar fóst-

ureyðingar jafnvel þótt þær geti bjargað lífi móður (Quintana, 2007:11). En þörfinni fyrir fóstureyðingar er ekki eytt með lagasetningu. Tilkoma þessara laga eykur enn mikilvægi mæðrahúsanna því nú leita í þau þær konur sem áður áttu kost á fóstureyðingu en þurfa nú að ganga í gegnum meðgönguna sem ógnar lífi þeirra og hins ófædda barns.

Þegar mæðradauði síðustu þriggja ára er borinn saman sést að þróunin er í rétta átt og árangur er að nást. Sérstaklega góður árangur er að nást í dreifbýli þar sem mæðrahúsin leggja sitt af mörkum. En heildartölur segja ekki alla söguna. Ef mæðradauði eftir aldurshópum er skoðaður sést að meðan hann minnkar á heildina eykst hann hjá yngsta aldurshópnum, hjá unglingsstúlkum yngri en 19 ára. Árið 2007, fyrsta árið sem nýju lögin um algjört bann við fóstureyðingum voru í gildi, dóu fleiri ungur stúlkur en árin tvö þar á undan (MINSÁ, 2008).

Mæðradauða er skipt í þrjú flokka eftir hvað orsakar hann – þeir sem eru bein afleiðing af meðgöngu eða fæðingu, óbein afleiðing og ótengdir meðgöngu eða fæðingu. Mæðradauði sem bein afleiðing meðgöngu og fæðingar fer umtalsvert minnkandi í yngsta aldurshópnum, því eins og áður sagði hefur árangur náðst á þessu sviði. Aukningin er aftur á móti áberandi þar sem dauðinn tengist hvorki meðgöngu né fæðingu beint og þar er helsta orsökinn eitrun (MINSÁ, 2008). Þarna er um að ræða dauða vegna inntöku t.d. rottueiturs eða skordýraeiturs. Þegar ung ófrísk stúlka tekur inn rottueitur er það skráð sem slys af völdum eitrunar, þótt mörgum þætti augljóst að um sjálfsvíg hafi verið að ræða, en það er mikil tregða til að skrá hvers konar dauða sem sjálfsmorð. Orsakirnar eru af menningarlegum og trúarlegum toga. Auk þess má gera ráð fyrir að allflestar opinberar tölur séu of lágar, vegna vanskráningar.

Umtalsverða aukningu á mæðradauða meðal stúlkna yngri en 19 ára af ástæðum sem tengjast hvorki meðgöngu né fæðingu má án efa rekja til hinna nýju laga um bann við fóstureyðingum. Í þessum hópi kvenna má finna fórnarlömb barnamisnotkunar, sífjaspella og nauðgana í meiri mæli en í öðrum aldurshópum. Fyrir lagasetninguna gátu fórnarlömb nauðgana og misnotkunar í mörgum tilfellum fengið aðgang að fóstureyðingu því læknar töldu að vegna tilkomu þungunarinnar gæti hún sett líf móðurinnar í hættu. Þessi leið er ekki fær lengur.

Ef fóstureyðingarlögin hefðu ekki komið til hefði því enn frekari árangur náðst í baráttunni gegn mæðradauða í Níkaragva. Auk þess setja þau heilbrigðisstarfsfólk í mjög erfiða aðstöðu því að á sama tíma og það rekur áróður fyrir kynfræðslu, notkun getnaðarvarna og kynheilbrigði verður það að horfa upp á konur deyja því lögin banna þeim að gera það eina sem gæti bjargað lífi þeirra.

En við þessar erfiðu aðstæður eykst mikilvægi mæðrahúsanna. Þjónustan sem konur hafa aðgengi að vegna mæðrahúsanna og sú fræðsla sem þar er veitt halda áfram að bjarga lífi bæði mæðra og barna og stuðla að því að Níkaragva nái þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Heimildir

- Asamblea Nacional (2007). *Código Penal*. Asamblea Nacional: Nicaragua.
- Blandón L. et al., (2006). *Maternidad temprana en Nicaragua: Un desafío constante*, En Resumen, Nueva York: Instituto Guttmacher.
- Gómez, S., Blandón, M. (2007). *Los rostros detrás de las cifras: Los efectos trágicos de la penalización del aborto terapéutico en Nicaragua*. Managua, Nicaragua: Ipas Centroamérica. Sótt 24. janúar 2008 á http://www.ipas.org/Publications/Los_rostros_detrás_de_las_cifras_Los_efectos_trágicos_de_la_penalización_del_aborto_terapéutico_en_Nicaragua.aspx?ht=
- Hagstofa Íslands, 2008. <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Faeddin-og-danir>.
- Kok, H., Largaespada, C. (2007). *Estudio de las Casas Maternas en Nicaragua: Informe borrador*. Managua, Nicaragua: Banco Mundial.
- Medrano, J. (2007). *Matriz de Productividad de las Casas Maternas 2000-2006*. Innanhússkýrsla Heilbrigðisráðuneytinu, Managua, Níkaragva.
- MINSÁ (2006). *Estrategia Nacional de Salud Sexual y Reproductiva*. MINSÁ: Nicaragua.
- MINSÁ (2008). *Análisis Comparativo de Situación de Mortalidad Materna Años 2005, 2006 y 2007*. Sótt 28. mars 2008 á http://www.ops.org.ni/index.php?option=com_remository&Itemid=34&func=fileinfo&id=525
- Quintana, M. E. (ed) (2007). *¿Por que si al Aborto Terapéutico?*. Managua, Nicaragua: Grupo Estratégico por la Despenalización del Aborto Terapéutico.
- Sistema de las Naciones Unidas (2007). *Nicaragua: Valoración Común de País 2007*. Managua, Nicaragua: Sistema de las Naciones Unidas.
- UMFPÁ (2008). *Maternal Mortality Figures Show Limited Progress in Making Motherhood Safer*. Sótt 7. febrúar 2008 á <http://www.unfpa.org/mothers/statistics.htm>.
- WHO (2007). *Maternal mortality in 2005: estimates developed by WHO, UNICEF, UNFPA and the World Bank*. World Health Organization. Sótt 7. febrúar 2008 á <http://www.unfpa.org/publications/detail.cfm?ID=343>.

Að neðan og upp: Kenningar um breyttar áherslur í þróunarmálum og hvernig þær eiga við tvö raunveruleg dæmi

Eftir Stefán Jón Hafstein

Í þessari grein verður fjallað um ákall um nýja kosti í þróunarmálum og reynt að meta í samhengi við raunverulega stöðu tveggja jaðarhópa í Afríku. Fræðimenn kalla eftir „nýrri nálgun“ og endurmati á kenningum sem koma að ofan og eiga að henta öllum. Í staðinn eigi að miða við staðbundnar og sérstakar aðstæður sem móti þróunarstefnu í hverju tilviki. Þetta verður skoðað með hliðsjón af dæmum um Sana og heyrnarlausir í Namibíu sem eru jaðarhópar og eiga undir högg að sækja.

I. Fræðilegur bakgrunnur

„Hvernig má hugsa þróun upp á nýtt?“ spyrja Peet og Hartwick (1999) og er viðbragð við þeirri augljósu staðreynd að síðustu áratugi hefur margt mistekist í þróunarmálum og árangur látið á sér standa. Menn hverfa frá altækum módelum sem koma að utan og ofan. Ekkert er gefið, eins og Chant og Guttmann (2005) komast að orði; þegar dregin sé saman reynsla víða úr veröld standi þetta eftir: „...það er ekkert sjálfgefið kerfi til að nálgast þessi málefni“. Escobar (2005) tekur í sama streng, er róttækur og segir að ákallið sé um að endursmíða hugmyndir um þriðja heiminn og síðþróunarskeiðið. Hann telur að hugmyndir um þróun hafi verið sjálfhverfar og tæknilegar, tölfræði á mælikvarða sjálfgefinna „framfara“. Viðhorfið, sem Haraway setur fram og vitnað er til í Peet og Hartwick (1999), lýsir mikilvægi þess að viðurkenna flókinn og fjölbreyttan veruleika sem verði að vera grundvöllur þróunarstarfs. Vandinn snúist ekki aðeins um að horfa neðan frá og upp heldur hvernig það er gert; horfa verði til staðbundins raunveruleika sem sé einatt flókinn og þversagnakenndur, horfa verði á sérstöðu en ekki nota alhæfingar eða ofureinfaldanir eins og raunin hafi verið. Hér er rituð grafskrift altækra efnahagslausna og framfaramódel.

Hér er tekin afstaða með höfundum sem telja spurninguna um þróun snúast að grunni til um siðferði og



Mynd: Gunnar Sálvarsson

Heyrnarlausir skilgreina sig því ekki bara sem „fatlaða“ einstaklinga sem þurfi aðgang að samfélagi heyrandi, heldur sem sérstakan menningarhóp. Myndin er frá Namibíu.

Stefán Jón Hafstein er umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví og áður verkefnastjóri í Namibíu. Hann á að baki feril í fjölmiðlum og stjórnmálum og í þróunarlöndum fyrir Rauða krossinn. Hann er með M.A. gráðu í boðskiptafræðum frá Pennsylvania-háskóla og B.A. próf í fjölmiðlafræðum frá Bretlandi. Þessi grein er að grunni til unnin úr ritgerð höfundar við Háskóla Íslands í námi í þróunarfræðum.

hafna því að „allt sé vonlaust“. Skilgreina beri þróun sem félagslegan ávinning af efnahagslegum framförum innan þeirra marka sem náttúran þoli. En spurningin er samt: Hvar, hvernig og af hverjum?

Escobar (2005) tekst á við þessa spurningu beint og segir hreint út að margir gagnrýnendur þróunar séu komnir í öngstræti. Þörf sé á miklu róttækari nálgun en hingað til. Hluti vandans sé einmitt að þróun eins og við höfum vanist henni sé hluti af herfræði ríka heimsins til að halda efnahagsforræði. Því sé ekki nóg að hugsa um „nýja þróun“ heldur annan og nýjan valkost við þróun. Og sá valkostur blasir við höfundinum: Byggja skuli á verklagi félagslegra hreyfinga í þriðja heiminum. Þessar hreyfingar séu grundvöllur þess að hægt sé að skapa nýjan kost og nýja sýn á lýðræði, efnahag og samfélag. Marga skoðana-bræður telur hann deila svipuðum áherslum: Gagnrýni á stofnanalæga vísindahyggju, áhuga á staðbundinni sjálfsefningu, menningu og þekkingu sem feli í sér málsvörn fyrir fjölbreyttar grasrótarhreyfingar. Þetta „nýja“ hvetur til lýðræðis, jöfnuðar og þátttökustjórn mála. Ekki er leitað eftir stórkostlegum kerfisbreytingum heldur því að byggja upp sjálfsmynd og auka sjálfsefningu.

Lykilspurningarnar sem Escobar varpar fram varðandi þessa hugsun eru: Hver skilgreinir þörfina? Hvað vill fólk sjálft? Þetta hlutverk vill hann fela félagslegum hreyfingum á hverjum stað. Þróunarsérfræðingar og stofnanir koma með þarfaskilgreiningar að ofan og skapa „velferðarþega“ úr fólk sem þar með er skilgreint sem vandamál. Fólk er skilgreint út frá skorti en ekki úrræðum. Sams konar gagnrýni kemur fram hjá Saugestad (2000) þar sem hún ræðir reynsluna af þróunarverkefnum fyrir Sana í Botsvana til að sýna fram á að í „gjöfinni“ felist í raun auðmýking þess sem verði háður henni. Fyrir Escobar er þarfaskilgreiningin nauðsynlegur hluti af þátttökustjórn málum félagslegra hreyfinga og varðar daglegt og raunverulegt líf, óskir þeirra sem lifa því við staðbundnar aðstæður. Hugsu verði allt upp á nýtt. Aðferðin sé félagslegt hreyfiafl að neðan.

Þetta ákall um „hið nýja“ og að leggja algjörlega af „hið gamla“ endurómar víða í yfirferð Peets og Hartwicks (1999) um hin ýmsu afbrigði af stefnum um þróunarmál. Höfundarnir greina og finna galla á ýmsum þeim afbrigðum, fræðilegum og verklegum, sem nefnd eru til sögunnar. Niðurstaðan af þeirri yfirferð er að helst sé að finna flöt í hugmyndum þeirra sem kenna sig við Delhi-miðstöðina. Fræðimenn sem tengjast henni gagnrýna þróunarkenningar út frá því að þær snúist bara um eina ráðandi hugmynd um heiminn. Neysludrifin múgmenningsarsamfélög geti ekki verið svarið fyrir alla – einfaldari lífsstíll og annars konar hugmyndir um lífsgæði verði að koma til. En þeir telja ekki að fórna þurfi kostum nútímavæðingar og skera sig á þann hátt úr fjölskrúðugum hópi gagnrýnenda sem sjá ekki neitt gott við vestræna „nútimahyggju“. Valddreifing og valdajafnvægi verði að komast á þar sem mælt er fyrir staðbundinni sjálfsefningu en viðurkennt um leið að frjótt sambýli ólíkra efnahags- og menningarþátta verði gilt. Undirstaða þess að svona breyting geti tekist sé barátta gegn fjólaðalæsi, svo hægt

verði að tala um að ólíkar tegundir siðmenningar geti átt leið saman. Þessi afstaða er ólík mörgum þeirra sem kalla á „nýjar“ leiðir eða hafna algjörlega „gömlum“. Hún gerir ráð fyrir ávinningi af mörgum þáttum í nútímavæðingu og er ekki „andstæðupólítísk“ um þriðja heiminn og fyrsta heiminn. Ef túlkun mín á þessum skóla er rétt er leiðin til framtíðar að efla þau gildi sem hver vill hafa og rækta fyrir sig, með þeim skilningi að annars konar efnahagslíf og siðmenning sé möguleg samtímis hjá þeim sem vilja fara aðrar leiðir. Ýmsir kostir geti nýst samtímis.

Ef reynt er að taka saman í eina kennisetningu það sem „gagnrýnin nútimahyggja“ hefur fram að færa má finna hana hér: „Gagnrýndu allt, breyttu gagnrýni í tillögur, gagnrýndu tillögurnar en gerðu samt sem áður eitthvað“ (Peet og Hartwick, bls. 198). Stefna af þessum toga breytir neikvæðri gagnrýni í jákvæðar pólitískar tillögur um hvernig eigi að breyta merkingu og vinnubrögðum í þróun. Þessi stefna vantreystir forréttindahópum, hvort sem þeir eru í atvinnurekstri, skrifræði, vísindum, fræða- og þekkingarheimi eða kenna sig við róttækni – hvort sem þeir eru landlægir eða karllægir. Í staðinn leggur stefnan áherslu á sjónarmið hinna kúguðu, frá smábændahreyfingum til frumbyggjahreyfinga, til kvenna sem berjast fyrir kynferðisrétti og verkalyðshreyfinga. Og jafnvel þótt hver hreyfing sé metin í samhengi við eigin aðstæður vill gagnrýnin nútimahyggja byggja á bandalögum þeirra gegn arðráni minnihlutans í heiminum enda formælendur einatt harðir andstæðingar hins hnattvædda auðvalds.

Hreyfiaflið er félagsleg samtök. Þau eru sameinuð í baráttunni gegn skorti á lífsnauðsynjum og möguleikum til að framleiða þær. Kjarni þróunar er því að frelsa fólk frá skorti eða, miklu fremur, að það frelsi sig sjálft frá skorti.

Ágætt innlegg í þessa tvíhyggjumræðu, að „neðan og upp“ eða „þriðji heimurinn og hinir“, er rökfærsla Abrahamsens (2003) um „blendingstöðu“ (hybrid position) þeirra sem búa í þróunarlöndum. Spurningin um vald er þar áleitin. „Blendingssamfélög“ eru stödd mitt á milli tíma og kerfa, t.d. gamalla lífnaðarháttar og nýrra, sem felur í sér áður óþekkta möguleika. Nýlendupjónarnir hafi ekki verið einhliða leiddir eins og fórnarlömb í menningu kúgarans. Slíkri ofureinföldun er hafnað. Andstaða og úrræði eru ekki alltaf og nauðsynlega bein endurspeglun á tvíþóla sampili „þriðja heimsins og hinna“, „hvíttra og svartra“ eða „kvenna og karla“. Abrahamsen varar gagnrýna höfunda við svipuðum einföldunum og gætir í þróunarkenningum „að ofan“. Hún segir að með því að ímynda sér andstöðu sem hið eina sanna svar við „þróunarmartröðinni“ án þess að skilgreina hana eða kryfja sértækar aðstæður til mergjar með dæmum, þá sé komið með rómantíska sýn á kúgað fólk sem eigi að koma með valkosti án þess að skilgreina frekar út á hvað þeir eigi að ganga (bls. 147). Valdbeiting er sjaldnast nakin kúgun heldur miklu flóknara ferli við ýmsar ólíkar aðstæður og útfærslur. Mismunandi staðhættir bjóða fólk upp á möguleika til að skapa andstöðu og/eða úrræði. Hugmynd um vald í þessum skilningi er því mikilvæg til að skilja að hinn fátæki hefur úrræði sem hljóta að vera mikilvæg fyrir virkni félagslegra hreyfinga.



Mynd: Gunnar Salvatsson

Sanar teljast til frumbyggja Namibíu, eru safnarar og veiðimenn sem búa í dreifðum byggðum án sérstaks eignarhalds á landi. Myndin er frá Namibíu.

Þetta framlag Abrahamsens er mikilvert til að minna á að lausnin í „nýjum“ aðferðum þróunar getur ekki falist í einfölduðum útleggjum á að yfirtaka ríkisvaldið eða framleiðslutækni eða óskilgreindum „lífsháttabreytingum“ sem felast í „annars konar lífsstíl“. Abrahamson nálgast því svipaðar slóðir og Delhiskólinn sem áður var minnst á. Að möguleikar og staða þeirra sem eiga undir högg að sækja felist í sjálfsefningu og nýtingu þess besta sem völ er á hverju sinni, í stað afturhvarfs til „hefðbundinna háttá“ eða „hreinna“ menningar án utanaðkomandi afskipta. Málflutningur, sem gagnrýnir efnahags- og menningarlegt forræði, eins hóps yfir öðrum verður að fela í sér að samtímis séu skoðaðar þekkingarfræðilegir, mannlegir og sálfræðilegir þættir sem móta samfélag fólks á hverjum stað. Þannig verði myndin í heild sýnileg.

Niðurstaða þessarar umræðu um nýja nálgun að því er varðar þróun eða allt annars konar nálgun, sem varðar ekki þróun, er að ekkert eitt altækt svar er til við öllum aðstæðum. Eins og viðfangsefnið um þróun birtast í þeim ritum sem gerð hafa verið að umtalfeni eru þau að kjarna til þessi þrjú:

Skortur á því sem þarf til mannsæmandi lífs sem getur verið skilgreint með ýmsu móti.

Þörf sem skilgreina verður að neðan.

Sjálfsefning (empowerment) sem er möguleikinn til að takast á við skortinn sjálfur.

Þessi umræða verður nú skoðuð með beinni tilvísun í raunveruleg dæmi.

II. Tvö raunveruleg dæmi: Sanar og heyrnarlausir í Namibíu

Hér verður litið til „staða og staðsetningar þar sem sérstaða en ekki alhæfingar eru grunnur“ eins og áður er vitnað til. Lýst verður aðstæðum tveggja jaðarhópa í Namibíu: Sana sem eru á menningarlegum strandstað fornra lífshátta búskmanna í Kalahari-eyðimörkinum og heyrnarlausra Namibíumanna sem eru réttindalausir í reynd þótt lög segi annað.

Sanar teljast til frumbyggja landsins. Þeir eru hinir fornu búskmenn, safnarar og veiðimenn sem létu undan síga fyrir ásælni hirðingja. Sanar í Afríku eru taldir um 100 þúsund og búa dreift í Namibíu, Suður-Afríku, Botsvana, Angóla og víðar. Í Namibíu búa 33 þúsund Sanar, innan við 2% þjóðarinnar, í dreifðum byggðum án sérstaks eignarhalds á landi. Rétturinn til lands er eitt erfiðasta pólitíska deilumál Namibíu og „frumbyggjaréttur“ ekki viðurkenndur. Sanar eru alltaf lægstir í öllum mælingum á tekjum, lífslíkum og menntun. Menning þeirra er sérstæð og nálgast frumkommúnisma, félagsskipulag er mjög flatt, tengingar flóknar á milli lítilla hópa safnara og veiðimanna, eignaréttur nánast óþekktur og alls ekki á landi, búsetustaðir fara eftir árstíðum og veiðum. Fornir lífnaðarhættir

hafa mikið til liðið undir lok án þess að Sanar hafi tekið upp aðra, nema þá að bíða eftir velferðargreiðslum sem eru stopular eða vinna daglaunavinnu ef hún gefst hjá bændum. Félagssleg upplausn einkennir hópana, atvinnuleysi er ríkjandi og alkóhólismi mikill. Ástandinu í hinum smáu en dreifðu byggðum Sana í Namibíu er líkt við „neyðarástand“ í skýrslu aðstoðarforsætisráðherra landsins. Örfáir Sanar hafa lokið framhaldsskólanámi, langflestir eru með öllu ómenntaðir. Hin ýmsu mál og mállýskur þeirra eru óskráð að mestu, ritmál er ekki til á nokkrum tungumálum þeirra eða hefur mjög veika stöðu þar sem það hefur verið skráð, því fátt er til á prenti á málum Sana. Kennsluefni, menning og þess háttar er því enn í munnlegri geymd og mál Sana þau einu sem ekki er þjónað með námsefni á öllum skólastigum. Stærstur hluti Sana verður ólæs um fyrirsjáanlega framtíð. Pólitísk staða þeirra er einkar veik því þeir þekkja ekki fulltrúalýðræði eða valdapólitík; heildarsamtök þeirra, Working Group of Indigenous Minorities in Southern Africa, eru einnig mjög veik.

Heyrnarlausir gætu virst ólíkur menningarhópur. En eins og hjá Sönnum er pólitískt vald þeirra nánast ekkert, samtakamáttur lítill, menningarheimur þeirra lokaður öðrum og samskipti út á við takmörkuð. Heyrnarlausir, sem lengst eru komnir í heiminum, berjast fyrir að fá viðurkenndan eigin rétt til táknaðs, „móðurmáls“, til jafns við önnur tungumál og telja sig eiga sérstaka menningu „dóff“. Heyrnarlausir skilgreina sig því ekki bara sem „fatlaða“ einstaklinga sem þurfi aðgang að samfélagi heyrandi, heldur sem sérstakan menningarhóp.

Nær 20 þúsund manns eru heyrnarlausir í Namibíu. Í félagi heyrnarlausra eru þó aðeins 500 skráðir. Af ætluðum fjölda 9.000 barna á grunnskólaaldri eru 300 í skóla þrátt fyrir skóla-skyldu og aðeins 10-20 börn eru í leikskóla af ætluðum 3.000 barna hópi á mikilvægasta máltökuskeiðinu. Þau fá því ekki mál. Nær engir heyrnarlausir hafa lokið framhaldsskólanámi, langflest börn sem komast í skóla falla á 10. bekkjar prófi ef þau ná þá svo langt vegna þess að kennslan er ófullkomin og próf ekki sniðin að þeirra þörfum. Foreldrar heyrnarlausra skammast sín fyrir börnin sem talin eru heimsk og ófær um að læra. Táknmál er á fárra færi og lítt rannsakað og sögur og menning heyrnarlausra ósýnileg. Í þeim fáu greinargerðum sem liggja fyrir um kjör þeirra er greint frá kúgun, misnotkun og útskúfun, allt til þess að börn séu tjóðruð með dýrum.

Staða heyrnarlausra skilgreinist einkum af því að fólkið er svipt máli. Sjálfsmynd og vitund er því ekki bara veikari en hjá flestum jaðarhópum, hún er tæpast til. Aðeins örfáir einstaklingar hafa vitund um sérstöðu döffmenningar og gildi hennar, fyrir utan þann rétt sem heyrnarlausir hafa samkvæmt lögum og stjórnskrá.

Þessir hópar Sana og heyrnarlausra eiga því margt sameiginlegt:

- Menningarleg sjálfsmynd er brotin eða varla til.
- Samtakamáttur er lítill sem enginn.
- Staða hópanna er algjörlega óskilgreind, bæði af þeim

sjálfum og öðrum, nema sem „þiggjendur“ í flestum skilningi – allt kemur utan frá.

- Efnisleg gæði eru engin til að skapa þeim stöðu í hagkerfinu eða stjórnmalalífinu.
- Staða tungumálahópanna er mjög veik, tungumál þeirra sem tæki til tjáningar eða sköpunar er ekki til í tilviki flestra heyrnarlausra og bundin við mjög afmarkaðar aðstæður innan mismunandi hópa Sana, enda tungumál þeirra í hættu á að deyja út.
- Hvorugur hópur á sér talsmenn sem skipta máli í meginstraumi samfélagsins, hvorki í menningarlegu, félagslegu né efnahagslegu tilliti. Forystuleysi einkennir hópana.
- Flestir einstaklingar hópanna eru „brotnir“, sálarlega og félagslega, eða háðir áfengi í tilfelli Sana sem leiðir til „sjúkdómsgreiningar“ þeirra sem nálgast viðfangsefnið utan frá.
- Menntunarræði eru mjög takmörkuð og fáir menntaðir einstaklingar í hópunum.

Þeir eiga erfitt með að sækja lögvarinn rétt sinn þegar brotið er á þeim til lögreglu eða yfirvalda vegna bágrar félagsstöðu eða tungumálaörðugleika. (Gæta verður að því að hér er alhæft. Meðal San-fólksins er vissulega hægt að merkja mótspyrnu og tilraunir til úrræða, innbyrðis samvinnu og fleira sem gefur hópunum möguleika. Fjölpjöldleg regnhlífarsamtök San-fólks (WIMSA) eru til en standa mjög veikt; meðal heyrnarlausra eru til samtök, NNAD, sem að sama skapi eru ákaflega veik. Hægt væri að velta vöngum miklu ítarlegar hér um slíka sprota í þessum samfélögum en heildarmyndin sem blasir við er eigi að síður þessi sem hér er lýst).

III. Raunveruleiki og kenning

Enginn ágreiningur er um það meðal stjórnmalamanna í Namibíu eða þróunarstofnana að þróunaraðstoð við þessa hópa er brýn og aðkallandi. Alþjóðastofnanir, stjórnvöld Namibíu og styrkjendur þróunarverkefna hafa því í raun svarað ákalli sem byggist á siðrænni afstöðu: Þetta fólk á rétt til mannsæmandi lífs. Það er hin verklega útfærsla sem vefst fyrir. Spurningin er ekki hvort, heldur hvernig og af hverjum.

Í dæmi Sana og heyrnarlausra höfum við menningarhópa og félagseiningar sem skilgreinast af því að hafa hvorki öfluga menningarlega sjálfsmýnd, efnahagslega burði né félagslegt afl. Í dæminu af heyrnarlausum má reyndar deila um hvort hægt sé að tala um félagseiningu, þegar langstærstur hluti fólksins veit ekki einu sinni af möguleikum sínum eða samstöðu með öðrum sem svipað er ástatt fyrir.

Það er því skortur á öllu því sem til þarf, þ.e. sjálfsmýnd, efnahagslegum burðum og félagslegu afli. Þetta eru þrjú lykilatriði til að brjóta til sjálfseflingar á eigin forsendum. Það er því auðvelt að gagnálykta og segja: Eigi staða hópanna að breytast verður aðstoð að koma utan og ofan frá. Raunveruleiki og fræði, sem um var fjallað hér að ofan, rekast því harkalega á í fyrstu tilraun.

Hluti af vandanum í báðum tilvikum er innanríkispolítískur en ekki „að ofan“ frá vöndu auðvaldi. Ættbálkapólitík er talin eitt höfuðvandamála Afríku. Mörg nýfrjáls ríki Afríku leggja höfuðáherslu á einingu meðal ólíkra ættbálka og hópa. Í tilfelli Sana í Namibíu, Botsvana og víðar er því spurningin um „sjálfseflingu“ eða „menningarlega sérstöðu“ einkar erfið, eins og Saugestad (2000) bendir á. Erfitt er að leysa úr þversögninni um „frumbyggjarétt“ annars vegar og einingarkröfuna innan ríkisins hins vegar. Annar stór hluti vandans er tungumálaumræðan. Opinber viðurkenning á fimm eða sjö málum Sana og tvöfalt fleiri mállýskum og réttinum til að læra móðurmál sitt til jafns við aðra er veruleg ögrun við ríki eins og Namibíu sem glímur við margs konar þróunarför. Hliðstæðan við táknmal er sláandi og enn hafa fæst vestræn ríki viðurkennt táknmal formlega sem móðurmál heyrnarlausra. Skutnabb-Kangas (2005) færir fyrir því rök að hliðstæðurnar milli frumbyggjahópa eins og Sana og heyrnarlausra séu bersýnilegar og hafi sömu afleiðingar í för með sér fyrir báða hópa ef rétturinn til móðurmáls er ekki viðurkenndur, þ.e. málfarslegt þjóðarmorð. Börn þessara hópa fá menntun gegnum ráðandi tungumál sem komi í stað móðurmáls sem þau fá aldrei fullt vald yfir. Rétturinn til tjáningar og sköpun sjálfsmýndar er því í húfi og skilgreinist sem mannréttindabrot.

Þessi röksemdafærsla er rakin hér vegna áherslunnar sem áður er getið á sjálfseflingu í samhenginu við félagslegar hreyfingar og úrræði til andstöðu gagnvart ýmsum birtingarformum valdsins hjá höfundum sem fjallað er um hér að ofan. Leiða má að því líkur að fyrir hópa eins og Sana og heyrnarlausra sé tungumálið og tjáningin ekki aðeins aðferð heldur sjálfur kjarni tilverunnar (Jankowski, 1997). Jankowski (2002) metur því stöðuna sem svo að gefa þurfi miklu meiri gaum að eðli og starfsemi félagslegra hreyfinga, nokkuð sem málglaðir fræðimenn séu rétt að byrja á (bls. 163). Ráðandi hugmyndir gangi út frá jaðarhópum sem freisti þess að ná jafnstöðu við ríkjandi samfélag. Frjórri leið gæti verið að efla fjölbreytni og ýta undir sérstöðu. Hún leitar því í smíðju blökkumannasamfélagsins í Bandaríkjunum til að leggja áherslu á að nauðsynlegir þættir í samfélagsuppbyggingu feli í sér að byggja upp sjálfsvirðingu sem verður hluti af innri styrk viðkomandi menningarhóps, auk þess að hann tekur fullan þátt í meginstraumi opinbers lífs. Þessi kenning um samfélagsuppbyggingu byggir á hugmyndinni um fjölmenningu (bls. 166).

Þessi rök varða beint marga jaðarhópa og útskúfaða í Afríku og annars staðar og eru beinlínis í þversögn við einingarkröfur og hnattræn menningar- og efnahagssjónarmið. En þau eru fráleitt einföld. Hvaðan kemur samfélagsuppbygging og sjálfsvirðing? Jankowski svarar og segir að ríkjandi samfélag hafi sjálft skapað „sjúkdómsgreiningu“ og þar með niðurlægt jaðarhópa, þar af leiðandi verði sjálfsefling að koma innan frá (bls. 160). Þetta hljómar rökrétt en hvað ef úrræðin og efnislegar forsendur fyrir slíku átaki innan frá eru ekki til staðar? Skoðun á sérstökum aðstæðum Sana og heyrnarlausra í Namibíu bendir einmitt til þess að sjálfsefling geti ekki komið innan frá í þeirra tilvikum. Jafnvel útpældar greiningar eins og um „blendings-

stöðu“ jaðarhópa virðast duga skammt til að finna úrræði sem þeir kunna að eiga í fórum sínum.

IV. Niðurstaða

Vandinn er augljós. Ákallið um að skoða raunverulegar aðstæður og efnislegan veruleika er bersýnilega byggt á birturri reynslu af árangursleysi þróunaraðferða sem koma að ofan og eru yfirfærðar á ólíkar aðstæður án frekari greiningar. Ákallið er því bæði réttmætt og röklegt, eins og dæmin af Sönum og heyrnarlausum sýna. En ef við tökum fræðin á orðinu og lítum „til staða og staðsetninga, þar sem sérstaða en ekki alhæfing er grunnur“ fyrir aðgerðum sjáum við af dæmunum að þá fyrst vandast málið. Hjá þessum tveimur hópum dugar einfaldlega ekki að líta til úrræða eins og kallað er eftir þegar skorturinn er nánast algjör, þ.e. skortur á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Ekki dugur heldur að setja traust sitt á félagslegar hreyfingar eins og margir fræðimenn af gagnrýna skólanum vilja. Félagslegar hreyfingar Sana og heyrnarlausra í Namibíu eru með eindæmum veikar og ofurtrú „málglæðra fræðimanna“ á að þær leysi verkið virðist barnaleg í þessu samhengi. Sama gildir um kröfuna um að sjálfsefning komi innan frá til að byggja upp sérstaka og sjálfstæða menningarheild með sterka sjálfsmýnd. Reynslan sýnir að það gerist ekki. Og hvað þá? Að gera ekki neitt er siðferðislega óverjandi. Að yfirfæra lausnir og verkefni frá öðrum stöðum og staðhættum er einstaklega erfitt eins og dæmin sanna. Liggur þá ekki lykillinn að lausninni í því að hún komi samtímis að ofan og innan? Líkast til er niðurstaðan sú sem áður var lýst: „Gagnrýndu allt, breyttu gagnrýni í tillögur, gagnrýndu tillögurnar en gerðu samt sem áður eitthvað“.

Það er þó byrjun.

Heimildir

- Abrahamsen, Rita (2003). African Studies and the Postcolonial Challenge. *African Affairs*, 102, 189-210.
- Amathila, Libertina (2006). *Report on the Living Conditions and Needs Assessment of the San Communities in Namibia*. Windhoek: Skrifstofa aðstoðarforsætisráðherra Namibíu.
- Chant, S og Gutmann, M.C. (2005). “Men-streaming” Gender? Questions for Gender and Development Policy in the Twenty-first Century. Í Edelman, M. og Haugerud, A. (ritstjórar), *The Anthropology of Development and Globalization*, Boston: Blackwell Publishing.
- Escobar, A. (2005). Imagining a Post-Development Era. Í Edelman, M. og Haugerud, A. (ritstjórar), *The Anthropology of Development and Globalization*, Boston: Blackwell Publishing.
- Everett, Margaret (1997). The Ghost in the Machine: Agency in “Post-structural” Critiques of Development. *Anthropological Quarterly*, 70, 3.
- Government of Namibia (GRN) (2001). *Education for All 2001-2015*. Windhoek: Government of Namibia.
- Haring, Sidney og Odendaal, Willem (2002). “One Day We Will All Be Equal”. Windhoek: Legal Assistance Centre.
- Haring, Sidney og Odendaal, Willem (2006). *Our land they took. San land rights under threat in Namibia*. Windhoek: Legal Assistance Centre.
- Janowski, Katherine A. (2002). *Deaf Empowerment: Emergence, Struggle and Rethoric*. Washington D.C.: Gallaudet University Press.
- Meredith, Martin (2005). *The State of Africa*. London: Simon and Schuster UK Ltd.
- Peet, R. og Hartwick, E. (1999). *Theories of Development*, New York/London: The Guilford Press.
- Saugestad, Sidsel (2000). Dilemmas in Norwegian Development Assistance to Indigenous Peoples. *Forum for Development Studies*, 2, 205-234.
- Skutnabb-Kangas, Tove (2005). *Linguistic Genocide and the Deaf*. Sótt í nóv. 2007 af <http://www.un.org/esa/socdev/enable/rights/ahc5docs/ahc5wfdside.doc>.
- Stefán Jón Hafstein og Valgerður Stefánsdóttir, (2007). *Táknin tala*. Verk-efnisskjal fyrir Þróunarsamvinnustofun Íslands. Óútgefið.
- Suzman, James (2001). *An Assessment of the Status of the San in Namibia*. Windhoek: Legal Assistance Centre.
- Working Group of Indigenous Minorities in Southern Africa (WIMSA) (2007). *Annual Report*. Windhoek: WIMSA.

Byggðapróun í Kalangala

Eftir Þórarinnu Söbech

Í tveimur samstarfslöndum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Malaví og Úganda, hefur stofnunin aðallega beint stuðningi sínum til ákveðinna héraða. Þar starfar PSSÍ í samvinnu við héraðsyfirvöld og þorpssamfélög að því sameiginlega markmiði að draga úr fátækt, bæta lífsskilyrði og auka hagsæld með félagslegum og efnahagslegum umbótum í héraðunum. Leiðin sem farin er felst í því að styðja mismunandi verkefni (svið) innan sama héraðsins með það fyrir augum að nýta samlegðaráhrif verkefna. PSSÍ leggur áherslu á að vinna náið með heimamönnum og að eignarhald verkefna sé hjá íbúunum sjálfum. Ávallt er unnið í samstarfi við stjórnvöld landsins og í samræmi við stefnu þeirra um þróun. PSSÍ beitti þessari nálgun fyrst í Malaví og styður nú ýmis verkefni í Mangochi-héraði í suðurhluta landsins. Slík héraðsnálgun er nú einnig í gangi í Úganda og í undirbúningi í Mósambík.

Í þessari grein verður gert grein fyrir héraðsverkefni PSSÍ í Úganda.

Kalangala-hérað

Úganda liggur á miðbaug, í miðri Austur-Afríku og hefur oft verið nefnt perla Afríku vegna stórbrotinnar náttúruvegurðar, gróðursældar og góðs loftslags. Landið skiptist í 76 héruð og er Kalangala er eitt þeirra, staðsett í suðvesturhluta landsins. Það samanstendur af 84 eyjum sem dreifast vítt og breitt um Viktoríuvatn. 64 eyjanna eru byggðar og telja samtals 89 þorp sem flest eru fiskimannaþorp. Íbúar Kalangala-héraðs eru á bilinu 40 til 50 þúsund og meirihluti þeirra eru karlar. Í manntali, sem gert var árið 2002, töldust íbúar 36.661, þar af 14.348 konur (40%) og 22.313 (60%) karlar og þá hafði íbúafjöldinn rúmlega tvöfaldast frá síðasta manntali sem gert var árið 1991 (Kalangala District Development Plan, 2003).

Upphaflega töldust eyjarnar til Ssese-héraðs og síðan Masaka-héraðs en vegna þess hve afskekktar eyjarnar



Mynd: Geir Oddsson

Í Kalangala héraði eru flest þorp fiskimannaþorp. Myndin er frá Úganda.

Þórarinna Söbech er útgáfu- og kynningarfulltrúi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Hún lauk BA gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og MSc gráðu í mannfræði frá Edinborgarháskóla árið 1999. Þessi grein er skrifuð í framhaldi af heimsókn hennar til Úganda í apríl 2008.

ar eru voru þær vanræktar hvað varðar alla þjónustu, stjórnun og skipulag. Þegar Kalangala-hérað var stofnað árið 1989 þurftu héraðsýfirvöld því að byrja algerlega frá grunni. Skortur var alger á nauðsynlegu stjórnskipulagi til að veita eyjaskeggjum grunnþjónustu sem í mörgum ef ekki flestum tilvikum var ekki til staðar. Héraðsýfirvöld stóðu einnig frammi fyrir þeirri staðreynd að íbúafjöldi héraðsins væri það lítil að tekjur þeirra dygðu ekki til að standa undir sjálfbærum rekstri þess, hvað þá undir þeim miklu fjárfestingum sem nauðsynlegar eru í upphafi, t.d. byggingarframkvæmdum.

Lífsskilyrði í Kalangala hafa því verið með þeim lökustu sem gerist í Úganda. Fátækt er landlæg og aðstæður erfiðar. Byggðir eru dreifðar um eyjarnar og langt fyrir marga að sækja grunnþjónustu eins og félagsþjónustu, skóla og heilsugæslu. Samgöngur eru litlar og kostnaðarsamar. Frá sumum eyjanna tekur marga klukkutíma að komast í næsta skóla eða á næstu heilsugæslustöð og gefur það því auga leið að þjónustan er ekki að berast stórum hluta íbúanna. Skólasókn í mörgum þorpanna er líka léleg og fjöldi þeirra sem klárar grunnskólánám langt undir meðaltali miðað við landið í heild sinni.

„Ungur maður um þritugt tók inn eitru söku félagsgrega vandamála. Hann fékk einhverja aðstoð þó hún væri ónóg... það var aldrei farið með hann á spítala. Þegar ástandið versnaði voru engar samgöngur til að fara með hann á heilsugæslustöð. Hann dó viku síðar.“ – Íbúi í Kalangala (Uganda Participatory Poverty Assessment Report, 2000).

Frederik Balemezi, aðstoðarhéraðsstjóri í Kalangala, lýsti komu sinni til héraðsins á þennan hátt: *„Þegar ég kom til Kalangala fyrir 10 árum síðan var allt afturábak og þjónustan var eins slæm og hún getur orðið. Samgöngur voru nánast engar, engir mótorbátar, aðeins árabátar. Ástand innviða samfélagsins var slæmt og sömu sögu var að segja af öðrum sviðum eins og heilsugæslu og menntamálum. Til dæmis hafði heilsugæslan fyrir allt héraðið aðeins yfir einni bifreið og fjórum mót-orhjólum að ráða, þeir höfðu enga báta svo heilsugæslan náði ekki til ytri eyjanna. Með tímanum hefur þetta aðeins breyst, ríkisstjórnin veitti okkur framlög árið 2001 þannig að einhver uppbygging hefur orðið, en hún er ekki nærri nóg.“*

„Verbúðasamfélög“

Samfélög eyjaskeggja í Kalangala-héraði eru í eðli sínu farand-samfélög á þann hátt að þau fylgja aflanum. Þar sem veiðist býr fólk. Þetta hefur í för með sér ákveðið lífsmynstur sem í raun er ekkert ósvipað verbúðarlífi á Íslandi hér áður fyrr. Þegar komið er með aflann í land er hann seldur og fyrir afraksturinn er fjárfest í nauðsynjum og lystisemdum dagsins sem oftast er ekki á áfengi og/eða vændi. Áfengisneysla er því algeng og tíðni kyn-sjúkdóma há en talið er að allt að 30% íbúa í sumum fiskiþorpunum séu sýktir af HIV/alnæmi sem er mun hærra en landsmeðaltalið 6,7%.

Þó fiskveiðar gefi talsvert í aðra hönd eru fjárfestingar og sparnaður fyrir framtíðina óalgeng fyrirbæri.

„sum foreldra okkar eyða mestum tíma í að drekka alkóhól. Með drykkjuskap sóast peningar og veikindi hljóttast af.“ – Skólabörn í Bbeta, Kalangala (Uganda Participatory Poverty Assessment Report, 2000).

Samfélögin í Kalangala hafa sína eigin skoðun á því hver séu merki fátæktar og velferðar í samfélögum þeirra, ásamt orsökum þess að þau eru eins veikburða og einangruð og raunin er. Í greiningu á fátækt í Kalangala, sem gerð var vegna þróunaráætlunarinnar árið 2003, kom í ljós að íbúar héraðsins hafa sína skynjun á orsakir fátæktar og þau vandamál sem steðja að samfélögnum. Íbúarnir gera sér líka grein fyrir því hve ólík áhrif fátækt hefur á mismunandi hópa, t.d. kynin. Könnunin sýndi að íbúar lýsa fátækt bæði út frá veraldlegum eignum sem og óveraldlegum, þótt skilgreiningin sé skýrari þegar kemur að efnislegum hlutum. Skortur á grundvallarnauðsynjum, eins og fæði og klæðum, kom fram sem mikilvægasti vísirinn að fátækt, bæði meðal einstaklinga sem og heimila. Helstu orsakir fátæktar töldu íbúar vera ólæsi, vanþekkingu, fjárhagslegar hömlur, félagsleg vandamál, eins og alkóhólisma og vændi, skort á mörkuðum og innviðum í kringum þá ásamt óværu eins og öpum (Kalangala District Development Plan, september 2003).

„ég starfa á mínu einkaheimili...einkaheimili mitt er hentugt fyrir fólkið....ég er yfirhlaðin á þessari heilsugæslu. Ég er allt. Í hvert sinn sem ég fer í burtu til að sækja lyf eða til að bólusetja á öðrum eyjum, líður þetta samfélag skort. Mig vantar líka allan aðbúnað fyrir verkefnin út í þorpunum“. – Mazinga, hjúkrunarkona í Kalangala (Ugandan Participatory Poverty Assessment Report, 2000)

Stuðlað að bættum lífsskilyrðum

Í baráttunni gegn fátækt, ójafnræði og slæmum lífsskilyrðum hefur ríkisstjórn Úganda, eins og mörg önnur þróunarríki, samið áætlun um það hvernig uppræta skuli fátæktina í landinu. Áætlunin nefnist PEAP, eða Poverty Eradication Action Plan, og hefur frá árinu 1997 leitt stefnu stjórnvalda og verið verkfæri þeirra í að ná Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (Millennium Development Goals). Hún hefur það að markmiði að stuðla að bættum lífsskjörum meðal fátækra, að auka möguleika þeirra á að afla sér tekna, tryggja góða stjórnunarhætti og öryggi íbúa, ásamt því að stuðla að auknum hagvexti í landinu. Enn fremur skal stuðla að því að landsmenn allir hafi aðgang að grundvallarfélagsþjónustu, búi í mannsæmandi hús-næði, kunni að lesa og skrifa, auk þess að vera lausir við yfirvofandi hættu hungursneyðar næstu 20 árin. Með áætlun þessa til grundvallar semur síðan hvert hérað í landinu sína eigin þróunaráætlun sem lögum samkvæmt þarf að uppfæra og endurskoða á þriggja ára fresti. Í þeim áætlunum koma svo fram þau markmið og leiðir sem hvert og eitt hérað ætlar að fara til að bæta lífsskilyrði héraðsbúa. Valddreifð og þátttök-



Mynd: Geir Oddsson

Verkefni PSSÍ hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum og markaði í Kalangala, ásamt auknum gæðum fiskafurða. Myndin er frá Úganda.



Mynd: Þóraríma Söbech



Mynd: Thelma Törnasson

Héraðsstjórn og íbúar Kalangala taka höndum saman í að bæta lífsskilyrði og draga úr fátækt í héraðinu. Á efri myndinni er Frederik Balemeezi aðstoðarhéraðsstjóri og á neðri myndinni má sjá stúlku að leik í einu þorpi héraðsins.

umiðuð áætlanagerð myndar grunninn í þróunaráætlunum héraðanna því valddreifing miðar að árangursríkri þátttöku hluteigandi aðila í áætlanagerð og ákvarðanatöku. Þátttaka eflir og styrkir samfélagið í því að starfa sem ein heild, hún styður við hagræna og sjálfbæra nýtingu auðlinda og leiðir til aukinnar kunnáttu og sjálfstrausts meðal þeirra sem koma að ferlinu. Líkt og önnur héruð landsins býr Kalangala yfir eigin þróunaráætlun sem hér verður fjallað aðeins nánar um.

Staðreyndir um Úganda:

- Íbúafjöldi 28,9 milljónir
- 87% íbúa búa í dreifbýli
- Fólksfjölgun er 3,3% á ári
- Lífslíkur við fæðingu eru 49,7 ár
- Líkur á að barn deyi fyrir 5 ára aldur eru 13,6%
- Kona fæðir að meðaltali 6,7 börn um ævina
- Íbúar undir fátæktarmörkum eru 38% þjóðarinnar
- 66,8% íbúa eru læsir, þar af 55,7% kvenna
- 6% íbúa hafa aðgang að rafmagni
- Úganda var í 154. sæti á lífsskjaralista Sameinuðu þjóðanna árið 2007

„Dafnandi og aðlaðandi hérað“

Áætlun héraðsstjórnarinnar í Kalangala um það hvernig útrýma megi fátækt meðal eyjaskeggja er fjölþætt og framtíðarsýnin bjartsýn, eins og fyrirsögnin hér að ofan gefur til kynna. En þannig hljómar markmið héraðsstjórnarinnar um Kalangala hérað. Stefnir er að umbreytingu héraðsins. Úr því að vera eftir á í þróun, í það að vera á braut sjálfbærrar þróunar þar sem héraðið dafnar og íbúar njóta bættra lífsskilyrða. Stefnan er tekin á lýðræðislega og ábyrga stjórnsýslu sem auðveldar sjálfbæra efnahagslega og félagslega þróun héraðsins sem byggist á þátttöku íbúa og þörfum þeirra. Eins og aðrar byggðarþróunaráætlanir í Úganda tekur áætlun Kalangala-héraðs mið af þörfum íbúanna og byggist á þátttöku þeirra í eigin þróunarferli. Frederik Balemeezi sagði héraðsýfirvöld leggja afar mikla áherslu á að grunnur þróunaráætlunarinnar byggji á þátttökuaðferð. Hann sagði höfuðmáli skipta að allir hluteigandi aðilar kæmu að ferlinu og að raddir minnihlutahópa fengju að heyrast. Hvort sem um væri að ræða konur, börn, aldraða eða fatlaða þá væru sjónarmið allra tekin til greina.

Fjórar stoðir stefnunnar um útrýmingu fátæktar í Úganda eru lagðar til grundvallar í áætlun Kalangala-héraðs en þær eru: 1. Sjálfbær efnahagsleg þróun og umbreyting grunngerðarinnar; 2. Góð stjórnun og öryggi íbúa; 3. Auknar tekjur þeirra fátæku; 4. Bætt lífsskilyrði meðal fátækra (Kalangala District Development plan, september 2003).

Styrkir, veikleikar og úrræði

Kalangala-hérað hefur mörg sóknarfæri og alla burði til sjálfbærrar þróunar. Eyjarnar búa yfir ríkulegu umhverfi sem gefur íbúunum gott forskot. Viktoríuvatn gefur mikla möguleika á nýtingu sé hún hófsöm. Fiskiðnaðurinn hefur síðustu árin veitt hvað mestar tekjur til úgandískra stjórnvalda og gæti því orðið aðaltekjulind Kalangala-héraðs ef vel er haldið á spöðunum. Loftslag á eyjunum er afar hagstætt fyrir alls kyns ræktun, bæði jurta og dýra. Einnig eru eyjarnar ríkar af skóglendi sem einnig gefur mikla möguleika til tekna líkt og vatnið sé nýting þess sjálfbær.

Vandamálin eru samt sem áður mörg og takast þarf á við þó nokkrar hindranir í þróunarferlinu. Kalangala er mjög óaðgengilegt hérað. Aðdrættir eru erfiðir og skipta samgöngur því meginmáli. Eins og staðan er í dag er það aðeins aðaleyjan, Buggala, sem er auðveldlega aðgengileg því að á milli hennar og meginlandsins gengur ferja daglega. Hinar eyjarnar eru flestar einangraðar frá meginlandinu. Þessi staðreynd gerir það að verkum að framleiðslukostnaður er hár og lélegt aðgengi að mörkuðum leiðir til þess að eyjaskeggjar bjóða lágt verð fyrir framleiðslu sína. Þjónusta er léleg, þörf er á fleiri heimavistum og heilsugæslustöðvum því íbúar geta illa nálgast þær sem fyrir eru, jafnvel þótt slíka þjónusta sé að finna á næstu eyju. Lítil hreyfanleiki íbúa hamlar einnig þátttöku þeirra, upplýsingaflæði og framfylgni réttvísinnar eru ófullnægjandi og það liggur í augum uppi að slíkt hefur neikvæðar afleiðingar fyrir samfélögin.

Annað viðfangsefni er að tryggja héraðinu nægilegar tekjur til að það geti staðið undir sér en fólksfjöldi er lágur og fáir um það að borga opinber gjöld og skatta, auk þess sem úgandíska ríkisstjórnin felldi niður nefskatt árið 2006 sem fram að því hafði verið nánast eina tekjulind Kalangala-héraðs. Tilhneiging eyjaskeggja til flökkulífs er einnig nokkuð sem hamlað hefur þróun í héraðinu. Skattheimta er léleg, skráning í grunnskóla lítil, heilsugæsla eins og bólusetningar, getnaðarvarnir og bættar hreinlætisvenjur er árangurslítil og fæðuöryggi er ógnað þar sem landbúnaður krefst fastrar búsetu. Þá er skortur á innviðum einnig vandamál, þ.m.t. skortur á opinberum skrifstofum, öruggum samgöngum og rafmagni. Framleiðni er lág og eignarhald á landi ábótavant. Þó að mestallt land í Kalangala sé í einkaeign þá eru 66% heimila í héraðinu án lands því flestir landeigendur búa utan héraðsins. Óskipulagðar byggðir skapa einnig vandamál sem og sú staðreynd að kerfi til að stjórna nýtingu náttúruauðlinda er ekki til staðar í héraðinu. Neikvæð félagsleg hegðun, s.s. ofdrykkja, vandi og heimilisofbeldi, eru einnig vandamál sem þarf að takast á við (Kalangala District Development Plan, september 2003).

Til að takast á við ofangreind viðfangsefni hefur héraðsstjórnin lagt til viðeigandi úrræði. Bæta á samgöngur og þrýsta á úgandísk stjórnvöld til að taka þátt í þeim endurbótum. Kynna skal og auka hlut heimavistar við grunnskóla til að sem flest börn geti sótt skóla. Bæta skal vegagerð til að auka samgöngur

til og frá fiskmörkuðum. Stefnt skal að aukningu á tekjum héraðsins með því að laða að utanaðkomandi fjárfesta, m.a. til framleiðslu á pálmaolíu, kaffi, timbri, fiskafurðum og ferðaþjónustu, ásamt því að auka meðvitund eyjaskeggja á mikilvægi skattgreiðslna. Héraðsyfirvöld munu einnig vera einbeitt í tilraun sinni til að laða að aðila sem veita þróunaraðstoð, bæði opinbera aðila og frjáls félagasamtök (Kalangala District Development Plan, september 2003).

Málefni kynjanna

Þverlæg málefni, s.s. kynjamál, hafa einnig verið skoðuð ofan í kjölinn en slíkt er forsenda þess að þróun sé sjálfbær. Hlutverk kynjanna eru ákvörðuð og mótuð af samfélaginu. Í Kalangala, eins og víðast hvar í heiminum, eru hlutverk karla og kvenna ekki þau sömu, né heldur hafa kynin sömu væntingar til lífsins. Þegar íbúar voru spurðir út í kynjamál kom í ljós að konur í Kalangala gegna nokkuð „hefðbundnum“ hlutverkum, eins og að fæða börn, annast þau og eiginmann sinn, sjá um heimilishald og sækja vatn og eldivið. Svörin sýndu líka að karlar gegna „hefðbundnum“ karlahlutverkum og má þar nefna veiðar, verndun fjölskyldunnar, „framleiðslu“ barna, greiðslu á heimanmund, öflun lífsviðurværis og byggingarframkvæmdir. Þá er áfengisdrykkja einnig oft nefnd sem hlutverk karla í samfélögum Kalangala. Miðað við þessar niðurstöður kemur því ekki á óvart að konur í héraðinu eru töluvert fátækari en karlar og eru ástæðurnar fyrir því margar. Til að mynda eru veiðar kvenna forboðnar en samfélagið trúir því að ef kona fari til veiða muni fiskistofninn í vatninu hverfa. Lítið er um áreiðanlega og viðvarandi tekjuskapandi starfsemi fyrir konur. Þó að konur stundi búskap og ræktun er sú framleiðsla nánast bara fyrir heimilið. Ekki eru miklir möguleikar til að koma umframframleiðslu á markað þar sem samgöngur og markaðstækifæri eru lítil í héraðinu. Fleiri konur en karlar eru ólæsar í Kalangala sem takmarkar þær í atvinnusköpun og sú staðreynd að konur hafa takmarkaðan aðgang að og yfirráð yfir auðlindum vegur einnig þungt (Kalangala District Development Plan, september 2003).

Í aðgerðum sínum hefur héraðsstjórnin það að markmiði að auka möguleika kvenna til tekjusköpunar og sjálfsefningar og hafa nokkur verkefni verið sett á laggirnar í þeim tilgangi. Má þar helst nefna fullorðinsfræðsluna (Functional Adult Literacy Programme) þar sem meirihluti þátttakenda eru konur. Í gegnum fullorðinsfræðsluna lærir fólk ekki aðeins að lesa og skrifa heldur öðlast það vitund um eigin stöðu í samfélaginu og leiðir til að bæta líf sitt og umhverfi. Þar fær fólk einnig kennslu í ensku, bókhaldi og rekstri þannig að fræðslan eykur möguleika fólks til muna. Annað verkefni, sem héraðið hefur sett af stað, byggir á því að gera konum kleift að samræma heimilishald og tekjuöflun og má þar nefna ræktun banana, kassava, vanillu og geitaræktun. Samfara þessu ætlar héraðið að greiða fyrir markaðsmyndun svo konur fái tækifæri til að koma afurðum sínum í verð (Kalangala District Development Plan, september 2003).

Stuðningur ÞSSÍ við byggðar- þróunaráætlun Kalangala-héraðs

ÞSSÍ á sér sögu frá árinu 2002 í Kalangala-héraði en frá þeim tíma hefur stofnunin stutt við fullorðinsfræðsluáætlun Úganda í héraðinu, FALP (Functional Adult Literacy Programme). Góður árangur þess verkefnis varð fljótt sýnilegur og árið 2003 fóru héraðsýfirvöld þess fyrst á leit við ÞSSÍ að hún styrkti þróunaráætlun héraðsins. Samstarfsviljayfirlýsing var undirrituð árið 2004 og í október 2006 hófst formlegur stuðningur Íslands við byggðarþróun í Kalangala. Eftir ítarlega skoðun var ákvörðun tekin um að veita aðstoð á þeim sviðum sem þörfuðust hvað mestar athygli; beina aðstoðinni þangað sem hún nýttist sem flestum og þar sem mest um munaði. Stuðningurinn nær til fjögurra málaflokka: stjórnýsly, heilbrigðismála, menntunar og fiskimála, og byggist á því að styðja við viðleitni héraðsstjórnarinnar í Kalangala til að ná markmiðum sínum um sjálfbæra þróun og betri lífsskilyrði fyrir árið 2015. Til að tryggja að eignarhald verkefnisins sé hjá héraðsbúum var öll skipulagningar- og undirbúningsvinna unnin í samstarfi við haghafa. Öll framkvæmd verkefnisins er í höndum héraðsstarfsmanna með stuðningi og í samstarfi við starfsfólk ÞSSÍ. Verkefnið er áætlað til 10 ára, frá 2006 til 2015, og er skipt í fjóra áfanga: byrjunaráfanga til tveggja ára 2006-2008, framkvæmdaráfanga A til þriggja ára 2008-2010, framkvæmdaráfanga B til þriggja ára 2010-2013 og að lokum tveggja ára lokaáfanga frá 2013-2015 þar sem ÞSSÍ dregur jafnt og þétt úr stuðningi sínum (KDDP - Project Document, 2006).

Tilgangur verkefnisins innan **stjórnýslunnar** er „að styðja héraðið í að ná fram skilvirkni og árangri í forystu, stjórnýsly og rekstri opinberra, þjóðfélagslegra og einkarekinna stofnana í Kalangala-héraði fyrir árið 2015“ (KDDP – Progress Report, January – March 2008). Stuðla skal að árangursríkri stjórnýsly í héraðinu og góðu samstarfi við einkageirann og grasrórtarsamtök. Til að ná settum markmiðum mun verða stefnt að uppbyggingu grunnvirkja, bæði stjórnýslybygginga fyrir héraðið sem og starfsmannabústaða. Stefnt er að skilvirkri stjórnýsly með bættri upplýsingaöflun og árangursríkri áætlunargerð. Umtalsverður hluti verkefnisins snýr að þekkingaruppbyggingu starfsfólks héraðsins (KDDP - Project Document, 2006).

Tilgangur verkefnisins innan **fiskimálageirans** er „að greiða fyrir og styðja viðleitni héraðsstjórnarinnar til að stunda sjálfbæra framleiðslu gæðafisks og markaðssetningu í Kalangala-héraði fyrir árið 2015“ (KDDP – Progress Report, January – March 2008). Markmið verkefnisins er að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum og markaði í öllu héraðinu, ásamt auknum gæðum fiskafurða. Styrkja löndunarstaði og þjálfva eftirlitsaðila á löndunarsstöðum, ásamt því að bæta löndunaraðstöðu í völdum fiskiþorpum. Í þessum þorpum, sem verða fimm talsins, mun aðgangur að hreinu vatni einnig verða bættur, hreinlætisaðstaða bætt svo og förgun sorps. Þessi þorp munu verða nokkurs konar fyrirmyndir annarra fiskiþorpa í héraðinu þegar kemur að skipulagningu þeirra í framtíðinni (KDDP - Project Document, 2006).

Tilgangur verkefnisins innan **menntamálageirans** er „að greiða fyrir og styðja viðleitni héraðsstjórnarinnar til að ná fram jöfn- um aðgangi þegnanna að vandaðri menntun á grunnskóla- og framhaldsskólastigi fyrir árið 2015“ (KDDP – Progress Report, January – March 2008). Verkefni ÞSSÍ hefur að markmiði að þjálfva kennara og skólastjórnenda í ýmsum þáttum skólafar- ins. Virkja foreldra í skólafarfi þannig að fleiri börn sækja grunnskóla og ljúki grunnskólanámi. Einnig er uppbygging grunnvirkja hluti verkefnisins, þ.m.t. bygging heimavista og skólaeldhúsa (KDDP - Project Document, 2006).

Tilgangur verkefnisins innan **heilbrigðismálageirans** er „að greiða fyrir og styðja viðleitni héraðsstjórnarinnar til að ná fram jöfnum aðgangi íbúa að góðri heilsugæslu fyrir árið 2015“ (KDDP – Progress Report, January – March 2008). Í verkefninu fær starfsfólk þjálfun í ýmsum þáttum grunnheilsugæslu. Teymi í öllum þorpunum verða þjálfuð til að sinna fræðslu og algengustu sjúkdómum í samstarfi við menntað heilbrigðisstarfsfólk. Virkja á fullorðinsfræðsluleiðbeinendurnar í þessari vinnu því að í hverju þorpi er að finna leiðbeinendur sem eru í góðum tengslum við þorpsbúa. Bæta á aðgengi íbúa að grunnþjónustu með skipulagningu reglulegra vitjana í þorpin og auka á þjónustu við HIV smitaða. Aðstaða á heilsugæslustöðvum mun verða bætt með aðgangi að rafmagni og vatni (KDDP - Project Document, 2006).

Framtíðarsýn

Balemezi er jákvæður þegar hann er spurður um framtíð- arhorfur fyrir Kalangala-hérað. Hann sagðist „nú þegar vera farinn að sjá framfarir í þorpunum. Búið væri að þjálfva þorpsleiðbeinendur til að fara út í þorpin og halda fundi með þorpsbúum sem taka virkan þátt í því að greina þorpin. Finna út styrk og veikleika þorpanna og gera sér grein fyrir hvers þau þarf- nast til að bæta lífsskilyrði í þorpinu. Í framhaldi af því geta þau svo lagt inn beiðnir og kröfur um það sem þarfnast endurbóta og þá þjónustu sem þorpin vanhagar um“. Aðstoðarhéraðs- stjórnin hefur því fulla trú á að þróunaráætlunin verði árangursrík og að lífsskilyrði eyjaskeggja muni taka framförum á næstu árum.

Heimildir:

- Ársskýrsla Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, 2007.
- Human Development Report 2007/2008. United Nations.
- Kalangala District Local Government, Three Year Development Plan 2003/2004-2005/2006. September 2003.
- Support to the Implementation of Kalangala District Development Programme – KDDP, Project Document. ÞSSÍ, september 2006.
- Uganda Participatory Poverty Assessment Report. Ministry of Finance, Planning and Economic Development, the Republic of Uganda. Janúar, 2000.
- Viðtal við Frederik Balemezi, aðstoðarhéraðsstjóra Kalangala-héraðs 17. apríl 2008.

Íslenskri jarðhitareynslu miðlað til Níkaragva

Eftir Þráin Friðriksson

Inngangur

Níkaragva er ásamt Srí Lanka nýjasta samstarfsland Próunarsamvinnustofnunar (PSSÍ) en stjórnvöld í Níkaragva leituðu eftir samstarfi við Ísland vegna áhuga þeirra á aðstoð á sviði raforkuframleiðslu með jarðhita. PSSÍ opnaði skrifstofu í Managúa, höfuðborg Níkaragva, í janúar 2006 og síðan hefur verið unnið að undirbúningi þróunarsamvinnuverkefnis á sviði jarðhita. PSSÍ hefur nú þegar ýtt úr vör nokkrum félagslegum verkefnum í landinu og sum þeirra hafa fengið nokkra umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum en jarðhitaverkefnið, sem beinist að því að auka þekkingu á jarðhitamáli í landinu, hófst formlega í janúar 2008 og mun standa út árið 2012.

Níkaragva er í Mið-Ameríku miðri og á land að Kyrrahafi í vestri og Karíbahafi í austri. Landið er annað fátækasta ríki vesturálfu; af öllum löndum í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku er aðeins Haítí með lægri þjóðartekjur á mann en Níkaragva. Margvíslegar orsakir eru fyrir afleitu efnahagsástandi í landinu og fleiri en einn Mið-Ameríkumaður hefur komist svo að orði við mig að Níkaragva sé afskaplega „óheppið land“. Landið hefur verið óheppið í sögulegum og félagslegum skilningi og þar á ofan hefur það fengið miklu meira en sinn skerf af náttúruhamförum. Ef þróun jarðhitanytingar í landinu er borin saman við það sem gerst hefur hjá nágrönnunum í norðri og suðri, El Salvador og Kosta Ríka, er erfitt að verjast þeirri hugsun að Níkaragvamenn hafi verið ótrúlega óheppnir á því sviði líka, þó svo að nú virðist heldur vera að glaðna til.

Í þessari grein verður sagt frá jarðhitaverkefni PSSÍ í Níkaragva, uppbyggingu þess og markmiðum. Fyrst verður þó gerð stutt grein fyrir ástandi raforkumála í landinu og tæpt á sögu jarðhitanytingar.



Mýnd: Gunnar Salvarsson

Aukin nýting innlendra og endurnýjanlegra orkulinda er eitt af opinberum þróunarmarkmiðum stjórnvalda í Níkaragva. Myndin er frá Hellisheiðarvirkjun.

Þráinn Friðriksson er jarðefnafræðingur að mennt og vinnur við jarðhitarannsóknir hjá Íslenskum orkurannsóknum. Hann hefur tekið þátt í undirbúningi jarðhitaverkefnis Próunarsamvinnustofnunar Íslands í Níkaragva. Íslenskar orkurannsóknir eru aðalráðgjafi Próunarsamvinnustofnunar vegna jarðhitaverkefnisins og er Þráinn annar tveggja verkefnisstjóra.

Ástand raforkumála í Níkaragva

Pótt íbúar Níkaragva séu um tuttugu sinnum fleiri en Íslendingar, eða nálægt sex milljónum, er raforkumarkaðurinn í landinu mjög lítil miðað við það sem við Íslendingar erum vanir. Hámarksorkuþörf landsins nemur um 550 MW. Til samanburðar má nefna að uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar er 690 MW. Raforkuþörf Níkaragva væri auðveldlega hægt að anna með innlendum, endurnýjanlegum orkugjöfum en talið er að virkjanlegt vatnsafl í landinu gæti skilað um 3.280 MW og að virkjanlegur jarðhiti á háhitasvæðum gæti skilað um 1.200 MW.

Þrátt fyrir þessa auðlegð er þjóðin algerlega háð jarðefnaeldsneyti til rafmagnsframleiðslu. Meira en 65% af rafmagni, sem framleitt var í landinu árið 2005, varð til við bruna á díselolíu eða hráolíu; árið 2007 var þetta hlutfall komið upp í 73%. Árið 2005 voru aðeins 14% rafmagns framleidd með vatnsafl, 9% með jarðhita og 12% voru framleidd með brennslu lífmassa. Þar sem engar olíulindir er að finna í landinu er öll olía innflutt og nú á tímum síhækkandi olíuverðs er kostnaður þjóðarinnar vegna hennar svimandi. Árið 2006 nam heildarkostnaður vegna olíukaupa 65% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar og nú lítur út fyrir að í ár fari þetta hlutfall yfir 80%. Við þessar aðstæður er auðvitað þyngra en tárúm taki að hugsa til þess að minna en 3% af virkjanlegum orkukostum landsins í jarðhita og vatnsafl skuli vera nýttir.

Ekki nóg með að hátt olíuverð bitni á raforkunotendum í Níkaragva af fullum þunga heldur þurfa þeir einnig að búa við viðvarandi orkuskort. Viðhald orkuvera hefur verið vanrækt á mörgum undanförunum árum og því er nú svo komið að um 150 til 250 MW vantar upp á til að fullnægja megi hámarksorkuþörf á tímabilinu frá maí til nóvember. Í nóvember hefst uppskera sykurreys og þá bætast við 60 MW við landsframleiðsluna sem verða til með brennslu lífmassa sem fellur til við sykurvinnsluna og á haustin hefst regntíminn og því hægt að auka framleiðslu vatnsaflsvirkjana. Þetta hefur leitt til þess að undanfarin tvö ár hefur þurft að skammta rafmagn hálfri árið. Það er einfaldlega leyst þannig að hlutar landsins eru rafmagnslausir á fyrirframákveðnum tímum. Hið opinbera hefur gripið til þess að stytta vinnutíma opinberra starfsmanna í sex tíma á dag, frá 7:00 til 13:00 en með því sparast rafmagn sem annars væri nýtt til skrifstofurekstrar í eftirmiðdaginn. Þessar ráðstafanir draga úr virkni stjórnkerfisins og stofna almannaöryggi í voða. Rafmagnsskömmun veldur fyrirtækjum sem reka starfsemi í landinu stórtjóni og fælir mögulega fjárfesta frá því.

Stjórnvöld í Níkaragva standa því frammi fyrir bráðavanda sem þarf að leysa strax. Fljótlegasta lausnin á orkuskortinum er að setja upp díselrafstöðvar og sú leið hefur þegar verið farin. Á síðasta ári voru settar upp slíkar rafstöðvar sem stjórnvöld í Venesúela „gáfu“ Níkaragva og geta þær framleitt alls 60 MW. Síðar kom í ljós að greiða þarf fyrir rafstöðvarnar fullu verði. Kúba og Tævan hafa einnig „gefið“ rafstöðvar með þessum hætti. Öllum, og einkum stjórnvöldum í Níkaragva, er þó ljóst að díselrafstöðvar eru ekki sú framtíðarlausn sem landið þarf á að

halda. Stjórnvöld horfa nú til stórauðinnar nýtingar á innlendum orkugjöfum til rafmagnsframleiðslu með jarðhita, vatnsafl og vindorku. Þetta hefur lengi verið á dagskrá en lítið gengið.

Saga jarðhitanýtingar í Níkaragva

Á árunum milli 1970 og 1980 stóð Þróunarbanki Mið-Ameríku (IDB) og síðar Þróunar- og framfarastofnun Sameinuðu Þjóðanna (UNDP) fyrir jarðhitaleit í Mið-Ameríku. Allmargir Íslendingar tóku þátt í þessum verkefnum undir stjórn Sveins Einarssonar verkfræðings en jarðhitasérfræðingar frá mörgum löndum komu við sögu. Markmið þessara verkefna var tvíþætt, annars vegar að finna nýtanlegar auðlindir og hefja nýtingu þeirra og hins vegar að miðla reynslu reyndari sérfræðinga til heimamanna. Markmiðið var að koma á fót ríkisfyrirtækjum í orkuvinnslu, eins konar Landsvirkjunum, með það fyrir augum að „hjálpa þessum þjóðum til sjálfshjálpar“.

Í framhaldinu fóru af stað rannsóknaboranir, m.a. í El Salvador og Níkaragva. Þegar stjórnarbylting Sandínista var gerð árið 1978 var nokkuð búið að bora á Mómótombósvæðinu sem er skammt norðvestan við höfuðborgina. Eftir byltinguna héldu framkvæmdir áfram og árið 1983 var 35 MW túrbína gangsett á svæðinu og var virkjunin rekin af ENEL, sem er ríkisrekið orkufyrirtæki í Níkaragva (samsvarar Landsvirkjun á Íslandi). Árið 1989 var annarri 35 MW vél bætt við en eftir það fór að halla undan fæti, upp komu rekstrarvandamál vegna útfellinga í holum og ekki reyndist unnt að halda báðum vélum gangandi. Árið 1999 gafst ENEL upp á rekstri Mómótombó og Ormat, frá Ísrael, tók við svæðinu. Þrátt fyrir nokkra viðleitni hefur Ormat ekki tekist að koma báðum vélum í fullan rekstur en þó hefur tekist að auka framleiðsluna upp í um 37 MW með því að setja upp tvífasa stöð sem nýtir hrakvarma skiljuvatns sem ella færi ónýttur aftur niður í jörðina. Þá hefur Ormat náð góðum árangri við niðurdælingu.


Á síðari hluta níunda áratugarins og í upphafi þess tíunda hófust boranir á San Jacinto jarðhitasvæðinu, norðan við Mómótombó. Þar áttu í hlut sérfræðingar frá Níkaragva ásamt rússneskum jarðhitamönnum. Sjö holur voru boraðar en verkefnið lognaðist út af vegna fjárskorts áður en til virkjunar kom. Árið 1999 fékk kanadískt fyrirtæki, sem nú heitir Polaris Geothermal, virkjanaleyfi á svæðinu og tók við þeim holum sem boraðar höfðu verið. Þeir komu strax upp 8 MW virkjun á svæðinu og undirbúa nú stækkun hennar. Nú í vetur voru þrjár holur boraðar vegna stækkunarinnar.

Árið 2006 voru veitt jarðhitaleitarleyfi á tveimur jarðhitasvæðum í landinu, Managua-Chiltepe og El Hoyo-Monte Galán. Þessi leyfi voru veitt til fyrirtækis sem heitir GeoNica og er í eigu LaGeo í El Salvador og orkufyrirtækis á Ítalíu (sem heitir ENEL til að flækja söguna enn frekar). GeoNica hefur síðan unnið að rannsóknum á þessum svæðum og eru niðurstöður þeirra rannsókna væntanlegar innan tíðar. Í framhaldinu verður gerð áætlun um rannsóknaboranir á þessum svæðum eftir því sem



Photo: Gunnar Salvarsson

Markmið jarðhitaverkefnis Þróunarsamvinnustofnunar í Níkaragva er að aðstoða hið opinbera við að byggja upp nægilega þekkingu til að annast jarðhitaauðlindirnar í landinu. Myndin er frá Nesjavallavirkjun.



Mynd: Harpa Elin Haraldsdóttir



Mynd: Harpa Elin Haraldsdóttir

Jarðhitaverkefnið byggir á þremur meginstoðum, beinum stofnanastuðningi, menntun og þjálfun og uppbyggingu jarðhitarrannsóknahóps. Myndirnar eru frá Níkaragva.

niðurstöður yfirborðsrannsókna gefa tilefni til. Búið er við að virkja megi um 100 til 200 MW á þessum tveimur svæðum en betra mat mun fást þegar niðurstöður yfirborðsrannsókna liggja fyrir.

Mörgum jarðhitamanninum í Níkaragva finnst sárt að horfa upp á að LaGeo, ríkisorkufyrirtæki El Salvador skuli nú vera bjartasta vonin í jarðhitanytingu í Níkaragva, á meðan þeirra eigin Landsvirkjun, ENEL, hefur hvorki fjármagn né mannskap til að standa í rekstri Mómótombó, hvað þá að standa fyrir jarðhitaleit og virkjun á nýjum svæðum. Á sama hátt er ICE í Kosta Ríka með mjög öflugan jarðhitahóp sem rekur stórvirkjun í Miravalles með myndarbrag. Margir telja að munurinn liggja í því að í Kosta Ríka og El Salvador náðu orkufyrirtækin að koma undir sig fótunum áður en alþjóðastofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn tóku að þrýsta á um einkavæðingu ríkisfyrirtækja í upphafi níunda áratugarins. Í Níkaragva var ENEL hins vegar veikt fyrir, m.a. vegna langvarandi stríðs í landinu, og því hefur minna viðnám verið veitt við hugmyndum um einkavæðingu. Niðurstaðan er sú að í Kosta Ríka og El Salvador eru nú jarðhitafyrirtæki á heimsmælikvarða sem hafa sérfræðinga á öllum sviðum jarðhitanytingar á meðan þeim vísi sem var að sams konar hóp í Níkaragva hefur verið sundrað og nú eru aðeins örfáir jarðhitamenn eftir í landinu. Margir hafa minnst á hina landlægu óheppni Níkaragvamána í þessu sambandi.

Jarðhitaverkefni ÞSSÍ í Níkaragva

Aukin nýting innlendra og endurnýjanlegra orkulinda er eitt af opinberum þróunarmarkmiðum stjórnvalda í Níkaragva. Eitt af því fyrsta sem nefnt var þegar stjórnvöld í Níkaragva óskuðu eftir samstarfi við íslensk stjórnvöld á sviði jarðhitanytingar var knýjandi skortur á einstaklingum með þekkingu á jarðhitamálum í landinu, einkum innan opinbera geirans. Þó að rafmagnsframleiðsla í landinu sé að mestu í höndum einkaaðila gegnir hið opinbera mikilvægu stjórnsýslu- og eftirlitshlutverki. Stjórnvöld þurfa að efna til alþjóðlegra útboða á rannsókn- og vinnsluleyfum og veita leyfin í framhaldinu, fara yfir mat á umhverfisáhrifum og fylgja leyfum eftir og sjá til þess að samningar haldi. Ef vel á að vera þurfa þeir einstaklingar sem koma að þessum málum að hafa mjög víðtæka reynslu af ýmsum hliðum jarðhitanytingar. Staðan í Níkaragva er hins vegar þannig að mjög mikið vantar upp á að þessi þekking sé til staðar innan stjórnkerfisins og þessi þekkingarskortur er dragbítur á framþróun jarðhitageirans. Það verður skiljanlega lítið úr framkvæmdum þegar hið opinbera getur ekki afgreitt leyfisumsóknir, farið yfir matskýrslur eða jafnvel ekki skilgreint á hverju á að taka í mati á umhverfisáhrifum.

Markmið jarðhitaverkefnis Próunarsamvinnustofnunar í Níkaragva er að aðstoða hið opinbera við að byggja upp nægilega þekkingu til að annast jarðhitaauðlindirnar í landinu. Verkefnið beinist fyrst og fremst að tveimur stofnunum, ráðuneyti orku og námamála (MEM) og umhverfisráðuneytinu (MARENA).

MEM ber ábyrgð á leyfisveitingum til leitar og virkjunar og ber ábyrgð á því að fylgjast með þeim jarðhitasvæðum sem nýtt eru. MARENA ber ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, þ.e. ráðuneytið þarf að skilgreina hvað þurfi að fjalla um í mati á umhverfisáhrifum og fara yfir matsskýrslur. Á Íslandi má segja að Orkustofnun samsvari MEM en Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun samsvari MARENA hvað varðar aðkomu að jarðhitageiranum.

Stofnanastuðningur

Jarðhitaverkefni PSSÍ byggir á þremur meginstoðum, beinum stofnanastuðningi, menntun og þjálfun og uppbyggingu jarðhitarannsóknahóps. Stofnanastuðningur er víðamesti þáttur verkefnisins og felst hann í því að PSSÍ sendir jarðhitasérfræðinga, íslenska eða erlenda, eftir atvikum, til að vinna að ákveðnum verkefnum sem heyra undir MEM eða MARENA. Þessi verkefni verða unnin sem mest í Níkaragva, í samvinnu við starfsmenn viðkomandi ráðuneyta þar. Markmið þessa er tvíþætt; annars vegar að vinna þau verk sem fyrir liggja og flýta þannig fyrir framþróun jarðhitageirans og hins vegar að miðla þekkingu og reynslu til heimamanna. Gert er ráð fyrir að starfsmenn Íslenskra orkurannsóknna gegni lykilhlutverki í stofnanastuðningi gagnvart MEM en starfsmenn Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar gagnvart MARENA. Þá munu starfsmenn Orkustofnunar koma að þessum verkum og búast má við að leitað verði til sérfræðinga í íslenskum háskólum varðandi ákveðna verkþætti.

Verkefnin sem unnin verða með þessum hætti eru fjölþætt. Meðal fyrstu verka á dagskrá eru yfirferð og mat á skýrslum um yfirborðsrannsóknir GeoNica á El Hoyo-Monte Galán og Managua-Chiltepe jarðhitasvæðunum. Samkvæmt rannsókna- og virkjanaleyfi GeoNica ber þeim að skila þessum skýrslum við lok yfirborðsrannsókna, ásamt tillögum um framhald á grundvelli niðurstaðna þeirra. MEM ber að taka afstöðu til tillagna GeoNica um framhald; hugsanlega getur þurft að fara fram á meiri rannsóknir eða þá að allt er í lukkunnar velstandi og þá þarf að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir borunum. Þrjár til fjórir íslenskir sérfræðingar munu koma að þessu verki, jarðfræðingur, jarðefnafræðingur, jarðeðlisfræðingur og hugsanlega forðafræðingur. Munu þeir fara yfir rannsóknaniðurstöður GeoNica ásamt sérfræðingum MEM og leggja mat á hvort mælingar séu fullnægjandi og síðan hvort túlkun sé í samræmi við gögnin.

Önnur verk af þessu tagi eru mat á ástandi jarðhitakerfisins við Mómótombó og mat á árangri borana og vinnslueftirlitsáætlun í San Jacinto. Undir þennan þátt falla einnig verkefni sem snúa að því að skilgreina hvaða þætti þarf að taka fyrir í mati á umhverfisáhrifum vegna jarðhitavirkjana og gerð umhverfisáætla- ana fyrir svæði þar sem nýtanlegur jarðhiti finnst. Þá er einnig fyrirhugað að vinna að úttekt á reglugerðum og viðmiðum sem gilda um jarðhitanýtingu í öðrum löndum og móta á grundvelli þeirrar úttekta tillögur um slíkar reglugerðir og viðmið fyrir Níkaragva.

Menntun og þjálfun

Menntun og þjálfun er víðamikill þáttur jarðhitaverkefnis Próunarsamvinnustofnunar sem von er því markmið verkefnisins er jú uppbygging mannauðs. Þessi þáttur skiptist í þrjá meginhluta: lengri námsdvöl erlendis, einnar til tveggja vikna námskeið í Níkaragva og fundi eða ráðstefnur í Níkaragva. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna á Íslandi mun gegna mikilvægu hlutverki í menntun sérfræðinga. Gert er ráð fyrir að á næstu fimm árum muni tveir nemendur á ári sækja sex mánaða námskeið Jarðhitaskólans og þrjár til fjórir muni í framhaldinu sækja meistaranám við Háskóla Íslands í samvinnu við Jarðhitaskólann. Þjálfun við Jarðhitaskólann verður í boði fyrir starfsmenn MEM og MARENA og einnig háskólakennara sem hafa áhuga á að taka jarðhitamál inn í sín námskeið.

Á næstu fimm árum verður boðið upp á allmörg sérhæfð námskeið fyrir starfsmenn MEM og MARENA í Níkaragva. Flest þessara námskeiða verða kennd á spænsku og án aðkomu íslenskra sérfræðinga. Ýmis námskeið um jarðhitamál eru í boði hjá LaGeo í El Salvador og hjá Rannsóknastofnun í raforkumálum í Mexíkó sem henta vel fyrir starfsmenn MEM og MARENA í Níkaragva. Gert er ráð fyrir að þessi námskeið verði mörg hver mjög sérhæfð.

PSSÍ mun standa fyrir fundum og minni ráðstefnum um jarðhitamál þar sem sérfræðingar frá nágrannalöndum Níkaragva munu miðla af sinni reynslu. Mikilvæg þekking er til staðar í Kosta Ríka, El Salvador og Mexíkó og því upplagt að koma á sem mestum tengslum milli þeirra sérfræðinga sem eiga að fást við þessi mál í Níkaragva og kollega þeirra í nágrannalöndunum. Náttúrufar og félagslegar aðstæður eru að mörgu leyti svipaðar í þessum löndum og sameiginlegt tungumál þessara þjóða spillir ekki fyrir. Tengsl við sérfræðinga nágrannaþjóðanna eru því ekki síður mikilvæg en tengsl við íslenska sérfræðinga.

Starfsmenn MEM og MARENA munu hafa forgang að námskeiðum og fundum sem haldin verða í tengslum við jarðhitaverkefni PSSÍ ásamt háskólakennurum en einnig er gert ráð fyrir að bjóða níkarögskum starfsmönnum einkafyrirtækja í jarðhitaiðnaði að taka þátt eftir því sem mögulegt er. Þótt markmið verkefnisins sé fyrst og fremst að byggja upp þekkingu innan opinberra stofnana er engu að síður mjög mikilvægt að dreifa þekkingunni sem víðast innan jarðhitageirans í landinu. Þá er ekki síður mikilvægt að bjóða einstaklingum, sem vinna hjá hinu opinbera annars vegar og hjá einkaaðilum hins vegar, upp á sem flest tækifæri til að hittast. Persónuleg tengsl draga úr tortryggni á milli aðila en slíkt virðist vera sérstaklega mikilvægt þar sem orkulindirnar eru nýttar af erlend- um einkafyrirtækjum.

Uppbygging jarðhitarannsóknahóps

Eitt af lögbundnum hlutverkum MEM er að vinna forrannsóknir (pre-feasibility studies) á jarðhitasvæðum landsins. Eins og

staðan er núna hefur MEM enga burði til að sinna þessu hlutverki því að þeir jarðhitasérfræðingar sem þar vinna eiga meira en fullt í fangi með að sinna leyfisveitingum og tilheyrandi eftirliti. Eitt af markmiðunum með því að koma á fót jarðhitarannsóknahópi innan MEM er að uppfylla þessa lagaskyldu stjórnvalda. Þar fyrir utan nást önnur ekki síður mikilvæg markmið, þ.e. að byggja upp hóp einstaklinga með reynslu af jarðfræðilegum og jarðefnafræðilegum rannsóknum á jarðhitasvæðum. Þá munu niðurstöður þeirra rannsókna sem rannsóknahópur MEM vinnur minnka áhættu þeirra fjárfesta sem hafa áhuga á að nýta jarðhitaauðlindir landsins og þar með gera fjárfestingu í jarðhitavirkjunum í landinu meira aðlaðandi.

Gert er ráð fyrir að í fyrstu muni hópurinn samanstanda af tveimur til þremur jarðfræðingum, tveimur jarðefnafræðingum og fjórum til fimm rannsóknarmönnum. Í landinu er efnarannsóknastofa frá þeim tíma þegar ENEL rak jarðhitavirkjunina í Mómótombó en hún hefur verið verkefnalítill síðasta áratuginn, eða síðan Ormat tók við Mómótombó. Hugmyndin er að þessi rannsóknastofa verði endurreist og myndi kjarnann í rannsóknahópi MEM. Nokkrir rannsóknarmenn með reynslu af efnagreiningum starfa enn við stofuna en nauðsynlegt er að ráða sérfræðinga, jarðfræðinga og jarðefnafræðinga til starfa.

Verkefni rannsóknahópsins hafa verið skilgreind gróflega í verkefnissamningi MEM og ÞSSÍ. Rannsóknahópurinn mun sinna forrannsóknum á völdum háhitasvæðum, og kortleggja útbreiðslu og stærð lághitaauðlindarinnar í landinu. Þá er gert ráð fyrir að rannsóknastofan bjóði upp á efnagreiningaþjónustu fyrir þau fyrirtæki sem nýta jarðhita í landinu og geti þannig skapað sér nokkrar tekjur.

Þróunarsamvinnustofnun mun standa straum af tækjakaupum fyrir rannsóknahópinn og endurbótum á húsnæði rannsóknastofunnar. Þá munu íslenskir sérfræðingar koma að þjálfun þeirra sérfræðinga sem ráðnir verða að hópnun. Gert er ráð fyrir að íslenskir sérfræðingar dvelji í Níkaragva og vinni að rannsóknum ásamt kollegum sínum í rannsóknahópi MEM og miðli þeim af reynslu sinni. Þetta á bæði við um vettvangsvinnu og eins á rannsóknastofunni. Í framhaldinu er gert ráð fyrir því að flestir sérfræðingar rannsóknahóps MEM sækji Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og að a.m.k. einhverjir þeirra komi aftur í MS-nám við Háskóla Íslands.

Lokaorð

Aðgangur að orku er ein af forsendum efnahagslegra framfara og bættra lífskjara í þróunarlöndum. Eins og fram kemur að ofan er Níkaragva auðugt af orkulindum þó að hægt hafi gengið að nýta þær. Útlit er fyrir að nýting jarðhita í landinu muni aukast á næstu árum með stækkun virkjunarinnar í San Jacinto og virkjunum GeoNica á Managua-Chiltepe og/eða El Hoyo-Monte Galán. Fyrir utan þessi svæði eru allmörg jarðhitasvæði sem hafa ekki verið rannsökuð til hlítar og má hugs-

anlega virkja. Ef þessi áform ganga eftir munu þau án efa hafa jákvæð áhrif á efnahagslega framtíð Níkaragva. Aukin jarðhitanyting mun einnig kalla á aukin umsvif þeirra opinberu stofnana sem hafa með jarðhitanytingu að gera. Stuðningur ÞSSÍ við MEM og MARENA í Níkaragva á því framkvæmdaskeiði sem virðist vera framundan mun án efa flýta fyrir framþróun jarðhitageirans og stuðla að því að þekking heimamanna byggist hraðar upp en ella.

Heimildir

- Ingvar B. Friðleifsson (1992). Útflutningur á íslenski jarðfræðipekkingu. Í: Íslenskar jarðfræðirannsóknir. *Saga, ástand og horfur*. Vísindafélag Íslendinga, Ráðstefnurit nr. 3.
- MEM (Ministerio de Energia y Minas), (2007). Nicaragua energy sector strategic plan 2007-2017. Managua, Níkaragva.
- Zuniga, A. (2005). Nicaragua Country Update. Proceedings of the World Geothermal Congress. Antalya, Tyrklandi, 24.-29. apríl 2005.
- ÞSSÍ (2007). Iceland Nicaragua „Geothermal Capacity Building Project“. Final Project Document.
- ÞSSÍ (2006). Capacity Building for Geothermal Developments in Nicaragua. Project Identification Document.